

Þjóðskjalasafn Íslands

Skýrsla um starfsemi

2006–2008



Þjóðskjalasafn Íslands

Skýrsla um starfsemi
2006–2008

Þjóðskjalasafn Íslands
2009

Þjóðskjalasafn Íslands
Skýrsla um starfsemi 2006 – 2008
© 2009 Þjóðskjalasafn Íslands

Ritstjóri: Ólafur Ásgeirsson
Samantekt: Unnur Birna Karlsdóttir
Umsjón með útgáfu: Benedikt Jónsson
Umbrot: Prentsníð ehf. – Ingvi Magnússon
Prentun og bókband: Prentmet ehf.

Letur meginmáls: Frutiger Light, 9,5 pt. á 13 pt. fæti

ISSN: 1670–8024

Efnisyfirlit

Formáli	6
1. Þjóðskjalasafn Íslands	7
Hlutverk.....	8
Markmið.....	8
Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands	9
Endurskoðun og breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.....	14
Árangurssamningur milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns.....	14
2. Rekstur og húsnæðismál	15
Fjármögnun og rekstur	16
Árið 2006.....	16
Árið 2007.....	16
Árið 2008.....	17
Húsnæðismál.....	17
Árið 2006.....	17
Árið 2007.....	17
Árið 2008.....	18
Húsnæðisvandi Þjóðskjalasafns	18
Könnun menntamálaráðherra á húsnæðisþörf safna og menningarstofnana.....	18
Rætt um sameiningu Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns Íslands/Háskólabókasafns	20
3. Skjalavarsla	21
Hvað er skjal?	22
Hvað er varðveitt á Þjóðskjalasafni?.....	22
Opinber skjalasöfn	22
Einkaskjalasöfn	22
Skjalasöfn einkavæðdra ríkisfyrirtækja og niðurlagðra embætta og stofnana	22
Samkvæmt lögum setur Þjóðskjalasafn reglur um skjalavörslu hins opinbera	22
Handbækur, reglur og leiðbeiningar um skjalavörslu.....	23
Handbækur fyrir opinberar stofnanir	23
Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga	23
Leiðbeiningar um afhendingu skjala, gerð geymsluskrár og grisjun.....	23
Reglur, upplýsingar, leiðbeiningar og eyðublöð á vef Þjóðskjalasafns.....	24
Tenglar á vefsíðu Þjóðskjalasafns á upplýsingar um ýmsa þætti skjalavörslu	24
Leiðbeiningar og upplýsingar um vörslu rafrænna gagna.....	24
Hlutverk Þjóðskjalasafns gagnvart skilaskyldum aðilum	24
Ábyrgð opinberra stofnana og embætta á skjölum í sinni vörslu.....	24

Skilaskylda á skjölum.....	25
Þjónusta við opinberar stofnanir og afgreiðsla vegna fyrirspurna.....	25
Afhendingar.....	25
Grisjun.....	25
Lagafyrirmæli um grisjun	25
Rafrænt yfirlit yfir umsóknir um grisjun og afgreiðslu þeirra.....	25
Leiðbeiningar um grisjun á vef Þjóðskjalasafns	25
Grisjunarbeiðnir.....	25
Skráning skjalasafna á Þjóðskjalasafni 2006-2008	25
Skjalaskrár á vefnum	27
Skjöl flutt út á land - skráningarverkefni á landsbyggðinni.....	27
Skjalasöfn sýslumanna.....	27
Öryggismálasafn	28
Undirbúningur fyrir móttöku og varðveislu rafrænna gagna.....	28
Tilraunaverkefni um móttöku rafrænna gagna til langtímavarðveislu á Þjóðskjalasafni.....	29
Forvarsla og viðgerðir	30
Námskeið og kennsla um skjalavörslu og starfsemi skjalasafna	30
Námskeið fyrir héraðsskjalaverði og skjalastjóra opinberra stofnana.....	30
Kennsla á vegum Þjóðskjalasafns við sagnfræðiskor Háskóla Íslands.....	31
Fyrirlestrar og greinar um skjalavörslu og skjalasöfn.....	31
4. Verkefni vegna sérstakra mála.....	33
Símahleranamálið.....	34
Öryggismálasafn	37
Breiðavíkuramálið	37
5. Þjónusta.....	39
Þjónusta við stofnanir, almenning og fræðimenn.....	40
Afgreiðsla fyrirspurna.....	40
Aðgangur að skjölum í Þjóðskjalasafni.....	40
Lestrarsalur	40
Heimsóknir á Þjóðskjalasafn.....	40
Opið hús – Norrænn skjaladagur.....	41
Námskeið um ættfræðiheimildir	42
6. Útgáfa og miðlun	43
Prentað efni	44
Skýrsla um starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands árin 1985-2005	44
Útgáfa tímarits norrænna skjalasafna - Nordisk Arkivnyt.....	44
Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna	44
Frímerki í tilefni af 125 ára afmæli Þjóðskjalasafns.....	44
Miðlun.....	45
Skjalaskrár á vef Þjóðskjalasafns.....	45
Máldagar Ólafs biskups	45
Skólavefur Þjóðskjalasafns.....	45
Manntalsvefur Þjóðskjalasafns - manntalsgrunnur	45

7. Héraðsskjalasöfn.....	49
Fundir héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns.....	50
8. Alþjóðlegt samstarf.....	51
Ráðstefnur, málþing og námskeið	52
Árið 2006.....	52
Árið 2007.....	52
Árið 2008.....	54
Birt efni, greinaskrif.....	54
Skýrsla ICA 2004-2008.....	54
Skrif í tímaritið Nordisk Arkivnyt árin 2006-2008.....	55
9. Rannsóknir	57
Þjóðlenduverkefnið	58
Svæði 5 – Norðausturland.....	58
Svæði 6 – Austanvert Norðurland.....	59
Svæði 7 (7a og 7b) – Vestanvert Norðurland.....	59
Starfslið þjóðlenduverkefnis.....	60
Fundir og ferðir vegna þjóðlendurannsókna.....	60
Greinargerðir.....	61
Heimildir	61
Rafræn ljósmyndun heimilda.....	61
Kynningar á þjóðlenduverkefni.....	62
Dómabækur – gagnagrunnur.....	62
Rannsóknir og útgáfa.....	64
Heimildaútgáfa og rannsóknir á sögu og skjalamyndun embætta á Íslandi.....	64
Norrænt samstarf á sviði heimildarannsókna og útgáfu.....	64
Bréf Jóns Guðmundssonar ritstjóra til Jóns Sigurðssonar forseta	64
Acta yfirréttarins og aukalögþing.....	65
Arkir. Tímarit Þjóðskjalasafns Íslands	65
Ýmsar fræðirannsóknir 2006-2008	66
Fræðslufundaröðin Askja	68
10. Þjóðskjalasafn Íslands 125 ára	69
Stjórn Alþjóðaskjalaráðsins fundar á Íslandi	70
Hátíðardagskrá í tilefni 125 ára afmælis Þjóðskjalasafns Íslands	71
11. Starfsfólk og starfssvið	73
Skipan starfsemi Þjóðskjalasafns.....	74
Starfsfólk.....	74
Mannabreytingar	74
Gestafræðimenn	74
Starfsfólk á síðasta fjórðungi ársins 2008.....	75
Starfsfólk í verkefnum á landsbyggðinni.....	76
12. Nefndir um málefni Þjóðskjalasafns 2006-2008	77



Ólafur Ásgeirsson,
þjóðskjalavörður.

Formáli

Árin 2006 til 2008 voru afar viðburðarík og eru líkur til að þau marki nýtt tímabil í sögunni. Sama gildir um viðburði í starfi Þjóðskjalasafns Íslands sem voru fyrirferðarmiklir og mótandi um nýja tíma og nýtt starfstímabil. Ekki er því að undra þótt viðamikla skýrsla þurfi til að greina frá verkefnum þessara þriggja ára. Þessi skýrsla greinir almennt frá starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands á árunum 2006–2008, ásamt því að fjalla um fimm meginatriði sem snertu starfsemina á þessu tímabili. Í fyrsta lagi fór fram mikil vinna við athugun á því hvort hagkvæmt væri að sameina starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Í öðru lagi reyndi mjög á það hlutverk safnsins sem tryggja skal mannréttindi og gæta að hagsmunum ríkisins. Í þriðja lagi fékk sú hugmynd brautargengi og fjárhagslegan stuðning Alþingis og ríkisstjórnar að koma á fót skráningu skjalasafna og gerð manntalsgrunna í samstarfi við nokkur héraðsskjalasöfn á landsbyggðinni. Með því var starfsemi safnsins aukin og um leið færð út fyrir höfuðborgina. Í fjórða lagi var með nýrri löggjöf lagður grundvöllur að framtíð rafrænnar skjalavörslu sem er nauðsynlegt ef takast á að varðveita með trygguum hætti réttindi þjóðarinnar og þær heimildir sem standa að baki vísindalegri umfjöllun um land og þjóð. Í fimmta lagi var á vegum menntamálaráðuneytis gerð ítarleg úttekt á geymslupörf menningarstofnana og varð niðurstaðan sú að húsnæðismál Þjóðskjalasafns Íslands væru efst á forgangslista.

Skjalasöfn varðveita umfangsmestu söfn frumheimilda sem hvert þjóðfélag lætur eftir sig. Þau segja margvíslega sögu samfélags sem í öllum greinum er stýrt með skjölum. Skjöl verða til um athafnir okkar, sama hvert litið er, um æviskeiðið frá vöggu til grafar, skólagöngu, starfsferil, heilsufar og skjöl eru til um ferðalög ef ferðast er með skipi, bifreið eða flugvél. Þannig má lengi telja. Mikilvægi skjalasafna fer að þessu leyti vaxandi. Nauðsyn þess að geta stutt mál sitt og haldið fram réttindum sínum hefur orðið ríkari þáttur í æ flóknara samfélagi. Þess vegna skiptir miklu máli að sterkari grunnur verði lagður að því að almenningur geti gengið að skjölum um þessi efni vísu, og auðvelda aðgengi að þeim, t.d. með því að birta skjalaskrár í leitarbærum grunni á vef þjóðskjalasafnsins.

Þjóðskjalasafn Íslands er nú sem aldrei fyrr hornsteinn lýðræðis í landinu. Markvisst hefur verið unnið að því að aðgengi að skjalasöfnum ríkis og sveitarfélaga verði hindrunarlaust en það leggur ný verkefni á herðar opinberum skjalasöfnum sem varðveita munu skjölin.

Árið 2007 voru liðin 125 ár frá stofnun Þjóðskjalasafns Íslands og heiðruðu alþjóðsamtök skjalasafna, International Council on Archives (ICA), Þjóðskjalasafn með því að halda hér fund aðalstjórnar samtakanna. Hann sátu þjóðskjalaverðir frá 41 landi og öllum heimsálfum. Er það dæmi þess að skjalasöfnin hafa öðlast nýtt hlutverk í breyttum heimi, býsna ólíkt því verkefni sem Þjóðskjalasafn hafði á fyrsta starfsári sínu.

þjóðskjalavörður.

Wespendelicke Aegenschafft
från Anno. 1589. till. 1590.

Þjóðskjalasafn Íslands

Puer natus est ei
omnis terra
dominus regnabit
et
gloria patri et filio
sicut erat in principio
et nunc et semper

Benedicite domine
et tu et deus
angelus
des



Hlutverk

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt lögum nr. 66/1985 með áorðnum síðari breytingum og reglugerð nr. 5/1916, sbr. og reglugerð nr. 283/1994 um héraðs-skjalasöfn. Hlutverk safnsins er eftirfarandi:

- Þjóðskjalasafn Íslands er samkvæmt lögum skjalavörslustofnun stjórnvalda, ríkisskjalasafn og skjalasafn þeirra sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni.
- Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn, sem fer með yfirstjórn skjalamálefna ríkisins og þjónar stofnunum þess. Það setur reglur, veitir ráðgjöf og hefur eftirlit með skjalavörslu stjórnvalda, skjalageymslum og skjalavörslukerfum.
- Þjóðskjalasafn Íslands á að tryggja varðveislu skjala sem skilgreind eru í 13. grein laga nr. 66/1985, sem hafa að geyma viðamikinn hluta menningararfsins, sögulegan og réttarfarslegan, í því skyni að tryggja réttindi ríkisins, félaga, fyrirtækja og einstaklinga og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.
- Þjóðskjalasafni Íslands er ætlað að tryggja hagsmuni almennings með því að gera skjalasöfn þau sem það varðveitir aðgengileg almennungi og stjórnvöldum. Ennfremur tekur Þjóðskjalasafn Íslands (stjórnarnefnd þess) ákvörðun um grisjun skjala.

Markmið

Þjóðskjalasafn er stærsta safn frumheimilda um sögu íslensku þjóðarinnar og þróun byggðar og mannlífs í landinu og er þess vegna sá grunnur sem rannsóknir, stjórnsýsla og mannréttindi hér á landi byggja á. Þjóðskjalasafn er skjalasafn allrar þjóðarinnar og hefur almenningur aðgang að safninu, bæði í afgreiðslu þess og á lestrarsal.

Markmið safnsins miðast við lögbundið hlutverk þess og falla undir þrjú meginvið:

1. Skjalavörslu.
2. Aðgengi, þjónustu og rannsóknir.
3. Fræðslu og miðlun.

Starfsemi Þjóðskjalasafns felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Að tryggja örugga varðveislu skjala, hvort sem um er að ræða skinn, pappír, rafræn skjöl, eða annars konar gögn.
- Að veita aðgang að skjölum í vörslu safnsins, hvort sem þess er óskað af persónulegum ástæðum eða í fræðilegum tilgangi, og tryggja með því réttindi einstaklinganna og stuðla að fræðilegum rannsóknum á sögu þjóðarinnar.
- Að gera skjöl í vörslu safnsins aðgengileg almennungi og fræðimönnum með faglegri skráningu



Þjóðskjalasafn Íslands, Laugavegi 162, Reykjavík.

skjalasafna og með því að gera skrár yfir skjalasöfn í vörslu safnsins aðgengilegar, bæði á lestrar- og á vefsíðu safnsins.

- Að setja reglur og veita leiðbeiningar og ráðgjöf um skjalavörslu, m.a. með gerð og útgáfu handbóka og leiðbeiningarrita á prenti og á vefsíðu safnsins.
- Að halda námskeið um skjalavörslu.
- Að hafa eftirlit með skjalavörslu hins opinbera.
- Að sinna fræðilegum rannsóknum á sviði skjalfræði og sagnfræði, eða í þágu sérþækra verkefna í þeim tilvikum sem óskað er eftir slíkri þjónustu safnsins.
- Að miðla völdum heimildum og þáttum í menningararfi þjóðarinnar sem safnið varðveitir, í prentuðum útgáfum eða á vefnum.
- Að taka þátt í norrænni og alþjóðlegri samvinnu svo jafnan sé miðað við nýjustu þekkingu á fræðasviði safnsins.

Mörg þessi atriði eru uppfyllt í daglegu starfi á Þjóðskjalasafni en sum eru langtímamarkmið sem unnið er við að undarbúa og þróa með það í huga að þau verði virkur þáttur í starfsemi safnsins innan lengri eða skemmri tíma. Hafa ýmsir áfangar í settum markmiðum safnsins náðst á árunum 2006 til 2008 en aðrir eru í undirbúningi eða munu frestast um óákveðinn tíma þar sem þeir eru háðir fjárveitingum til safnsins, möguleikum þess til að ráða sérhæft starfsfólk, kaupa tækjabúnað og laga húsnæði safnsins að þörfum starfseminnar í nútíð og framtíð.

Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands

Hlutverk og verkefni Þjóðskjalasafns er skilgreint í lögum um safnið. Löggin hafa tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri útgáfu og hljóða svo í núgildandi mynd:

1. gr.

Þjóðskjalasafn Íslands er sjálfstæð skjalavörslustofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur safnsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegum fjárveitingum í fjárlögum.

Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.¹

Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.¹

¹ L. 83/1997, 113. gr.

2. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns hefur yfirumsjón með rekstri safnsins. Stjórnarnefndin markar safninu stefnu, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Einnig fjallar nefndin um eyðingu gagna í skjalasöfnum sem lög þessi taka til.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórnarnefndina til fjögurra ára í senn. Nefndin skal þannig skipuð: Þjóðskjalavörður á sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Einn tilnefnir fastráðið starfsfólk Þjóðskjalasafns og einn í nefndinni skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann úr hópi nefndarmanna. Nefndin heldur fundi þegar þurfa þykir. Halda skal gerðabók um störf nefndarinnar. Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókuð stutt sérálit í gerðabókina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í nefndinni. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.¹

...²

¹ L. 123/2008, 1. gr. ² L. 20/2002, 22. gr.

4. gr.

Hlutverki sínu skal Þjóðskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að:

1. heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. þessara laga,
2. líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf ...¹
3. setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna (sbr. 3. gr.) afhendingarskyldra aðila,
4. ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala,¹
5. ¹gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,
6. ¹ skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,
7. ¹ koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,
8. ¹ líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,
9. ¹ leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,
10. ¹ halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,
11. ¹ safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ. á m. ljósritum og öðrum afritum ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,
12. ¹ reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

¹ L. 123/2008, 2. gr.

5. gr.

Eftirgreindir aðilar skulu afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu og afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef þau eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og afhenda skjöl sín þangað. Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila.

6. gr.

Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.¹ Er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því.

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna.

Afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrir mælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

Ný skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

¹ L. 123/2008, 3. gr.

7. gr.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

8. gr.

Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá afrit¹⁾ skjala sem þeir hafa afhent Þjóðskjalasafni þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Heimilt er að lána skjöl til notkunar í lestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns²⁾ og í opinber skjalasöfn, bókasöfn og rannsóknarstofnanir ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega að mati Þjóðskjalavarðar. Önnur útlán eru að jafnaði óheimil. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

¹⁾ L. 123/2008, 4. gr. ²⁾ L. 71/1994, 13. gr.

9. gr.

Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands, fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Aðgangur að rafrænum skjala- og gagnasöfnum er þó fyrst veittur í Þjóðskjalasafni Íslands tuttugu árum eftir afhendingu þeirra til safnsins, enda hafi þau verið aðgengileg hjá umræddu stjórnvaldi til þess tíma.¹⁾ Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til, skal mælt fyrir í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum Þjóðskjalavarðar.^{2) 3)}

¹⁾ L. 123/2008, 5. gr. ²⁾ L. 23/2006, 18. gr. ³⁾ L. 50/1996, 25. gr.

10. gr.

Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum eða í rafrænu afriti¹⁾ og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.

¹⁾ L. 123/2008, 6. gr.

11. gr.

Þegar skjöl, sem að dómi Þjóðskjalavarðar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi skal tilkynna það Þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi.

12. gr.

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns getur heimilað sveitarstjórnnum¹⁾ að koma á fót héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl viðkomandi bæjarfélaga, sýslufélaga og hreppsfélaga ef fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði eru fyrir hendi að mati Þjóðskjalavarðar. Heimilt er sveitarstjórnnum¹⁾ að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.¹⁾ Er safnið þá sameign þessara aðila og skulu þeir koma sér saman um stjórnarfar og rekstur og gera um það samning sem bera skal undir Þjóðskjalavörð til staðfestingar.

¹⁾ L. 108/1988, 64. gr.

13. gr.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir leyfi til stofnunar safnsins skal Þjóðskjalavörður vekja athygli stjórnar safnsins á því sem aflaga er talið fara og æskja úrbóta. Sé endurtekinni viðvörðun ekki sinnt skal Þjóðskjalavörður láta flytja safngögnin í Þjóðskjalasafn á kostnað þeirra aðila sem að héraðsskjalasafninu stóðu.

14. gr.

Þar sem héraðsskjalasöfn starfa skulu renna til þeirra skjöl sýslunefnda, bæjarstjórna, hreppnefnda og hreppstjóra á safnsvæðinu. Þangað skulu einnig renna embættisskjöl allra stofnana og starfsmanna á vegum þessara aðila, skjöl félaga og samtaka sem njóta verulega styrks af opinberu fé og starfa eingöngu innan umdæmis héraðsskjalasafnsins.

Um afhendingu skjala til héraðsskjalasafns gilda sömu reglur og um afhendingu til Þjóðskjalasafns.

Nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn, þ. á m. hverjir séu afhendingarskyldir til þeirra, skal setja í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 283/1994.

15. gr.

Um lán skjala úr héraðsskjalasafni og notkun þeirra gilda sömu reglur og um Þjóðskjalasafn.

16. gr.

Héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

17. gr.

Öryggismálasafn.

Í Þjóðskjalasafni Íslands skal hafa sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. skulu skilaskyldir aðilar afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll skjöl og skráðar heimildir sem eru í vörslum þeirra og varða öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991.

Útbúin skal skrá yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra þessari deild safnsins.¹

¹ L. 36/2007, 1. gr.

18. gr.

Aðgangur fræðimanna að öryggismálasafni.

Öll skjöl öryggismálasafns, svo og skrá skv. 3. mgr. 17. gr., skulu vera aðgengileg fræðimönnum í Þjóðskjalasafni Íslands að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Sá sem fær aðgang að skjölum öryggismálasafns skal áður skrifa undir yfirlýsingu þar sem hann heitir því að virða þagnarskyldu skv. 3. og 4. mgr., svo og önnur ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er fræðimanni að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um lifandi einstaklinga sem taldir voru geta ógnað öryggi ríkisins samkvæmt skjölum safnsins nema sá samþykki sem í hlut á.

Óheimilt er að skýra frá eða miðla á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um viðkvæm einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og finna má í skjölum öryggismálasafns nema sá samþykki sem í hlut á. Þetta bann fellur niður þegar liðin eru 80 ár frá því að gögn urðu til.

Eftir því sem skráningu mála í öryggismálasafni vindur fram skal Þjóðskjalasafn Íslands skrifa þeim einstaklingum sem á lífi eru eða nánnum vandamanni hins látna, sbr. 19. gr., bréf komi fram upplýsingar í gögnum öryggismálasafns um þá sem falla undir 3. mgr. og kanna hvort þeir vilji veita samþykki sitt fyrir því að birta megi opinberlega upplýsingar um þá. Með bréfinu skulu fylgja almennar leiðbeiningar um það hvaða réttaráhrif það hefur að veita slíkt samþykki.

Samþykki skv. 3.–5. mgr. skal vottað af lögbókanda eða tveimur lögráða vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram að útgefandi samþykkisins hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið sjálfráða er hann ritaði nafn sitt.

Fræðimönnum er óheimilt að taka út af safninu ljósrit, ljósmynd eða stafræna mynd af skjölum hafi þau að geyma upplýsingar sem falla undir 3. eða 4. mgr. nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr., eða veitt sérstakt samþykki fyrir heimild til afhendingar á ljósriti af skjalinu til fræðimannsins sem afhent skal Þjóðskjalasafni Íslands.

Til fræðimanna í skilningi þessarar greinar teljast þeir sem hafa stundað fræðirannsóknir í hug- eða félagsvísindum og birt rannsóknir sínar á viðurkenndum vettvangi. Fræðimaður skal sýna fram á að gögn öryggismálasafns hafi mikilsverða þýðingu fyrir rannsókn sem hann vinnur að. Heimilt er að kæra synjun þjóðskjalavardar til menntamálaráðherra.

Persónugreinanlegar upplýsingar í skilningi 3. og 4. mgr. teljast þær upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Ef maður, sem fengið hefur aðgang að gögnum þessarar deildar Þjóðskjalasafns Íslands, brýtur í bága við ákvæði 3., 4. eða 7. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Nú brýtur maður ákvæði 3. eða 4. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varðar bætur fyrir fjártjón og miska.¹

¹ L. 36/2007, 1. gr.

19. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum í öryggismálasafni ef þau hafa að geyma persónugreinanlegar upplýsingar um hann sjálfan.

Ef í skjali koma jafnframt fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra einstaklinga sem falla undir 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal afmá þær upplýsingar úr ljósriti eða afriti skjals áður en aðila er veittur aðgangur að því nema sá sem í hlut á hafi samþykkt opinbera birtingu upplýsinganna, sbr. 5. mgr. 18. gr.

Nú er maður látinn sem upplýsingar varða skv. 1. mgr. og getur þá maki hans, börn og barnabörn, sem náð hafa 18 ára aldri, óskað eftir aðgangi að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. Hið sama gildir um systkini hins látna eigi hann ekki á lífi maka, börn eða barnabörn.)

¹ L. 36/2007, 1. gr.

20. gr.

Upplýsingaréttur almennings.

Þjóðskjalasafni Íslands er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að skjölum öryggismálasafns, enda komi þar ekki fram upplýsingar sem falla undir ákvæði 3. eða 4. mgr. 18. gr.

Ef ákvæði 3. og 4. mgr. 18. gr. eiga aðeins við um afmarkaðan hluta skjals skal afmá þær upplýsingar og veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins.¹

¹ L. 36/2007, 1. gr.

21. gr.

Afhending utanríkisráðuneytisins á gögnum til öryggismálasafns.

Áður en gögn utanríkisráðuneytisins, sem falla undir 17. gr., eru afhent öryggismálasafni skulu þau skoðuð og skráð til afhendingar í samræmi við fyrirmæli þjóðskjalasafns Íslands.

Skjöl sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig með þjóðréttarsamningi við Norður-Atlantshafsbandalagið til að halda leyndum skulu ekki afhent öryggismálasafni.

Skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um virka varnar- og öryggishagsmuni íslenska ríkisins skulu ekki afhent öryggismálasafni ef:

- a. þau hafa ekki náð þrjátíu ára aldri eða
- b. sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka rétt almennings til aðgangs að þeim.¹

¹ L. 36/2007, 1. gr.

22. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun þjóðskjalasafns Íslands um að veita aðgang að gögnum öryggismálasafns undir menntamálaráðherra sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun þjóðskjalasafns Íslands um að veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.¹

¹ L. 36/2007, 1. gr.

23. gr.¹

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð2) nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

¹ L. 36/2007, 1. gr. ² Rg. 5/1916 og 283/1994.

24. gr.¹

Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

¹ L. 36/2007, 1. gr.

¹ Vef. „Lög um þjóðskjalasafn Íslands, 1985, nr. 66 27. júní“, Alþingi. <<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1985066.html>> Lög nr. 66/1985 tóku gildi 11. júlí 1985. Breytt með L. 108/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), L. 71/1994 (tóku gildi 30. maí 1994), L. 50/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), L. 23/2006 (tóku gildi 3. maí 2006; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB), L. 36/2007 (tóku gildi 31. mars 2007) og L. 123/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008).

Endurskoðun og breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafns Íslands var lagt fram á 135. lög-gjafarþingi haustið 2007. Frumvarpið var samþykkt og gengu lögin í gildi 1. október 2008. Endurskoðun laganna fól í sér að Þjóðskjalasafni er nú veitt skýrari lagaheimild en áður til að setja reglur um skjalavörslu skilaskyldra aðila, þ.e. opinberra aðila. Það gildir bæði um vörslu pappírsskjala og rafrænna gagna, (sbr. 3. mgr. 4. grein), en þar segir að Þjóðskjalasafn skuli gegna hlutverki sínu með því að setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna afhendingarskyldra aðila. Líkt og fyrr kveða lögin skýrt á um ábyrgð stjórnenda á skjalavörslu sinna stofnana og að afhendingarskyldum stofnunum og embættum ber að hlíta reglum og fyrirmælum Þjóðskjalasafns um skjalavörslu (sbr. 6. grein).

Önnur mikilvæg breyting á lögum um Þjóðskjalasafnið lýtur að því að þau gefa nú opinberum skilaskyldum stofnunum fyrirmæli um myndun, meðferð og afgangsgæmslu rafrænna gagna og um skilaskyldu og afhendingu rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns (sbr. 6., 9. og 10. grein).

Við endurskoðun laganna var gert ráð fyrir auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð sem felast mun í kostnaði vegna móttöku og varðveislu rafrænna gagna. Gert var ráð fyrir að Þjóðskjalasafnið þurfi að ráða til sín fimm starfsmenn í tengslum við þann þátt í starfsemi sinni, þar af tvo sérfræðinga til að sinna móttöku rafrænna skjala, tvo sérfræðinga til að fara með eftirlit með rafrænni skjalavörslu hjá opinberum stofnunum og einn sérfræðing í tölvumálum. Ekki var þó gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna þessa fyrr en árið 2009, en við gerð fjárlaga haustið 2008 varð ljóst að fyrri áætlun um auknar greiðslur til Þjóðskjalasafns vegna rafrænnar gagnavörslu gengi ekki eftir, a.m.k. ekki innan þess tíma sem ráðgert var.

Endurskoðun laga um Þjóðskjalasafn árið 2008 laut fyrst og fremst að því að mæta þörfum opinberrar skjalavörslu á sviði rafrænnar skjalamyndunar og vörslu slíkra gagna. Annað úrlausnarefni hafði kallað á breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn árið 2007, nánar tiltekið umræðan um öryggismál ríkisins og tilheyrandi skjalasöfn. Varð niðurstaða þeirrar umræðu m.a. nýr

kafli í lögum um Þjóðskjalasafn, um svonefnt öryggismálasafn. Þessi kafli laganna kveður á um að sérstakt öryggismálasafn skuli vera í Þjóðskjalasafni. Þar skal varðveita öll skjöl og skráðar heimildir sem hafa verið í vörslu skilaskyldra aðila og snerta innri og ytri öryggismál Íslands á árunum 1945–1991. Lögin gera nú skilaskyldum aðilum skylt að afhenda Þjóðskjalasafni öll skjöl og skráðar heimildir sem varða öryggismál landsins á fyrrnefndu tímabili. Skjalaskrá skal útbúin yfir öll mál og skjöl þeirra sem tilheyra öryggismálasafninu. Lögin gefa auk þess fyrirmæli um aðgang fræðimanna að öryggismálasafninu, um upplýsingarétt hins skráða, upplýsingarétt almennings, afhendingu utanríkisráðuneytis á gögnum til öryggismálasafns og um kærurheimild ef Þjóðskjalasafn synjar um aðgang að skjölum í þessu sérstaka safni (sjá. 17.–22. grein).





Ákvæðum um öryggismálasafn var bætt við lög um Þjóðskjalasafn þegar frumvarp þess efnis var samþykkt á Alþingi vorið 2007, sem lög nr. 36 27. mars 2007 um breytingu á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Árangursstjórnunarsamningur milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns

Þann 29. desember 2005 var undirritaður árangursstjórnunarsamningur milli menntamálaráðuneytis og Þjóðskjalasafns sem gilda mun fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 31. desember 2010. Tilgangur samningsins er að festa í sessi ákveðin samskiptaferli milli ráðuneytis og Þjóðskjalasafns og draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerðar. Samningurinn kveður á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem Þjóðskjalasafni Íslands hafa verið falin.

Samningurinn tekur til helstu markmiða og þátta í starfsemi Þjóðskjalasafns, þ.e. skjalavörslu, varðveislu og forvörslu, aðgengi, þjónustu og rannsóknir, fræðslu og miðlun, auk þess sem áhersla var lögð á að Þjóðskjalasafn gæti hafið móttöku rafrænna gagna á samningstímanum. Það fól m.a. í sér að fjölga átti starfsfólki á Þjóðskjalasafni til að sinna því verkefni. Niðurskurður í útgjöldum hins opinbera í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 mun hins vegar setja strik í reikninginn varðandi þau áform, a.m.k. fyrst um sinn.

Rekstur og húsnæðismál



Fjármögnun og rekstur

Árið 2006

Framlag ríkisins til Þjóðskjalasafns árið 2006 var 145,8 mkr. Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, voru 150,3 mkr. Halli ársins nam því um 4,5 mkr. Veruleg aukning varð á aðkeyptri sérfræðiaðstoð. Þar munar mest um lögfræðikostnað vegna hlerunarmálsins svokallaða, um 2,3 milljónir króna, og vegna verkefna sem tengjast undirbúningi á skilum rafrænna skjalasafna til vörslu á safninu. Safnið jók einnig greiðslu til lektorstöðu við kennslu í skjalfræðum í Háskóla

Íslands, samkvæmt samningi milli Þjóðskjalasafns og Háskólans.

Árið 2007

Framlag ríkisins árið 2007 nam samtals 205, 8 mkr. Mismunur tekna og gjalda árið 2007 var um 170, 6 mkr. Þar af standa um 35,2 mkr. eftir af fjárheimildum ársins. Skýrist það fyrst og fremst af því að um 40 mkr. fengust á fjárukalögum, annars vegar til flutnings verkefna út á land vegna mótvægisáðgerða og hinsvegar vegna lagasetningar um öryggisskjalasafn ríkisins. Undirbúningur þessara verkefna hófst á árinu en

Rekstrar- og efnahagsreikningur 2006 – 2008

	2008	2007	2006
Tekjur			
Seld þjónusta (sértekjur)	(55.863.122)	(30.483.577)	(11.988.104)
Vörusala	(2.487.787)	(2.232.752)	(1.577.617)
Framlög og ýmsar tekjur	(5.485.097)	(5.973.111)	(6.318.994)
Tekjur samtals	(63.836.006)	(38.689.440)	(19.884.715)
Gjöld			
Launagjöld	182.340.311	130.080.011	114.740.299
Vörukaup, almenn	12.500.097	8.230.257	6.344.110
Vörukaup, sérgreind	3.512.065	524.729	1.006.888
Þjónusta I	87.676.219	26.990.258	20.268.320
Þjónusta II	21.792.963	15.564.482	11.259.502
Fjármagnss., bætur, tryggingar	4.377.807	2.967.256	2.542.760
Eignakaup	9.641.784	11.722.048	2.002.045
Tilfærslur, framlagsfé, o.fl.	13.939.500	13.170.000	12.016.000
Gjöld samtals	335.780.746	209.249.041	170.179.924
Framlag ríkisins			
Framlag ríkissjóðs	(319.500.000)	(205.800.000)	(145.800.000)
(Hagnaður) Tap ársins	(47.555.260)	(35.240.399)	4.495.209
Eignir			
Sjóðir og bankareikningar	1.049.968	3.140.275	889.700
Skammtímaskuldur	1.480.033	1.026.054	5.583.501
Viðskipti við ríkissjóð	109.939.510	38.861.542	(3.560.785)
Eignir samtals	112.469.511	43.027.871	2.912.416
Skuldir			
Skammtímaskuldir	(29.034.045)	(7.147.665)	(2.272.609)
Eigið fé			
Höfuðstóll	(83.435.466)	(35.880.206)	(639.807)
(Hagnaður) Tap ársins	(47.555.260)	(35.240.399)	4.495.209
		-----	-----
Skuldir og eigið fé samtals	(160.024.771)	(78.268.270)	1.582.793



Horft yfir lóð Þjóðskjalasafns á Laugavegi 162-164.

kostnaðurinn fellur að mestu til árið 2008. Launakostnaður jókst vegna aukinna verkefna fyrir óbyggðanefnd sem síðan endurspeglast í auknum sértekjum. Haldin var ráðstefna í tilefni 125 ára afmælis stofnunarinnar á árinu og á það stærstan þátt í 4 millj. kr. aukningu á ferða- og fundakostnaði.

Eignakaup á árinu fólust aðallega í kaupum á tölvubúnaði og skjalahillum.

Árið 2008

Framlag ríkisins til Þjóðskjalasafns árið 2008 var samtals um 319,5 millj. kr. Mismunur tekna og gjalda árið 2008 var um 272 mkr. Um 47,5 millj. kr. standa eftir sem hagnaður ársins. Skýrist það fyrst og fremst af því að undirbúningur verkefna úti á landi vegna mótvægisáðgerða tók nokkurn tíma og komust skjalaskráningarverkefni ekki af stað á Sauðárkróki og Ísafirði fyrr en á miðju ári. Tekið var tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga 2009. Framkvæmdatími var lengdur og hluta fjárveitinga til verkefnisins, sem áttu að falla á árið 2009, var frestað til ársins 2010.

Launakostnaður jókst fyrst og fremst vegna aukinna verkefna, annars vegar vegna þjóðlendumála og hins vegar vegna vinnu við skráningarverkefni. Á móti þessum auknu verkefnum hafa fengist auknar sértekjur.

Eignakaup á árinu voru fyrst og fremst tölvubúnaður og skrifstofubúnaður vegna fjölgunar starfsstöðva.

Húsnæðismál

Árið 2006

Framkvæmdum vegna brunavarna var lokið samkvæmt áætlun á árinu. Unnið var að frágangi og endurbótum á annarri hæð geymsluhúsnæðis (í húsi 4) áður en hægt verður að innrétta hæðina fyrir skjalageymslur og flytja inn skjöl. Að öðru leyti var aðeins sinnt lágmarksviðhaldi á húsakynnum.

Kostnaðaraukning í húsnæðisliðnum fólst fyrst og fremst í viðbótarþrifum á skjalageymslum og leigu á húsnæði fyrir gestaskjalavörð.

Árið 2007

Endurbótum og viðgerðum í skjalageymslurými í húsi 4 var nánast lokið í desember 2007. Byrjað var að setja þar upp hillur og raða inn skjalasöfnum. Beðið var endanlegrar ákvörðunar menntamálaráðuneytis um hvort halda ætti áfram uppbyggingu við húsa-kostinn að Laugavegi 162–164, áður en ákvarðanir um frekari framkvæmdir á þeim húsum yrðu teknar. Almennu viðhaldi var haldið í lágmarki þar sem beðið var varanlegrar lausnar í húsnæðismálum safnsins. Viðhald snerist fyrst og fremst um að taka á vandamálum vegna leka og frárennslis, til að fyrirbyggja vatnsskaða og skemmdir á skjölum.

Árið 2008

Önnur hæð í geymslurými (í húsi 4) var tekin í notkun á árinu, eftir endurbætur, og vel hefur gengið að raða inn skjalasöfnum á þá hæð. Enn var beðið ákvörðunar menntamálaráðuneytis um framtíðarskipan húsnæðismála Þjóðskjalasafnsins. Sérfræðingur á vegum ráðuneytisins skilaði sínu álit í lok september. Húsnæði var tekið á leigu af Fasteignum ríkissjóðs í Lauganesi og 1. hæð í skjalageymsluhúsnæði (húsi 4) hefur verið rýmd til þess að hefja megi framkvæmdir við þá hæð og innrétta með hillum. Almennu viðhaldi verður áfram haldið í lágmarki þar til varanleg lausn fæst á húsnæðismálum safnsins.

Húsnæðisvandi Þjóðskjalasafns

Húsnæðisvandi Þjóðskjalasafns varð tilefni blaðskrifna í ársbyrjun 2008, en safnið hafði þá ekki getað tekið á móti skjalaafhendingum í 4–5 ár af þeirri ástæðu að ekki hafði fengist fjárveiting, frá því safnið fluttist í núverandi húsakynni, til þess að laga geymslurými í húsakynnum safnsins svo hægt væri að setja skjöl þar til geymslu. Bent var á að Þjóðskjalasafn Íslands hefur glímt við ófremdarástand í húsnæðismálum í áratugi. Kaup á húsum Mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg undir starfsemi safnsins á níunda áratugnum hafi þó verið áfangi í að reyna að bæta úr bráðum húsnæðisvanda safnsins. Kaupin hafa hins vegar ekki leyst úr skorti safnsins á fullnægjandi geymslum undir skjalasöfn þjóðarinnar, því húsin við Laugaveg voru ekki löguð að þörfum safnsins og notenda þess þegar þau voru keypt fyrir safnið, og hafa ekki verið það enn. Á það við bæði um skjalageymslu og aðstöðu fyrir þá sem vilja skoða skjöl safnsins, sem lýsir sér best í því að lestrarsalur Þjóðskjalasafns Íslands er í bráðabirgðaaðstöðu í húsnæði sem er aðskilið frá öðrum húsum safnsins, þ.e. ekki er innangengt á milli. Það þarf því að flytja skjölin utandyra milli skjalageymslu og lestrarsals og samræmist slíkt fyrirkomulag hvorki nútímakröfum um aðbúnað á vinnustað né kröfum um tryggja varðveislu skjala.

Könnun menntamálaráðherra á húsnæðisþörf safna og menningarstofnana

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skipaði þann 9. júní 2006 starfshóp til þess að kanna þörf undirstofnana ráðuneytisins á geymslurými og koma með tillögur til lausnar. Tillögur hópsins áttu ekki að miðast við einstakar stofnanir heldur þarfir allra stofnananna. Enn fremur átti að leggja mat á hvaða kostir væru vænlegustu framtíðarlausnir á geymslu-

málum safna hins opinbera og kanna möguleika á að bjóða út þá starfsemi í því sambandi.

Starfshópurinn skilaði greinargerð fyrsta nóvember 2006. Þar er fjallað um húsnæðisþörf hinna ýmsu safna og kemur fram að samkvæmt mati þeirra stofnana sem þar var fjallað um þá var heildarþörf þeirra fyrir nýtt húsnæði um 17.000 m². Þar af er þörf fyrir nýtt varðveisluhúsnæði fyrir menningararf þjóðarinnar áætluð tæplega 14.700 m² en þörf fyrir húsnæði til geymslu á leikmyndum og búnaði er áætluð rúmlega 2.300 m².

Starfshópurinn taldi brýnt að á næstu fáum árum yrði þörf þessari mætt með endurbótum á húsnæði þar sem það á við og byggingu eða leigu á allt að 12.900 m² húsnæði. Við frekari undirbúning þyrfti að taka afstöðu til tæknilegra útfærslna og hugsanlegrar áfangaskiptingar. Vinna þyrfti aðgerðaáætlun og taka ákvörðun um næstu skref sem fyrst.

Niðurstaða starfshópsins varðandi Þjóðskjalasafn var sú að þörf safnsins snerist einkum um endurbætur á eigin húsnæði til að svara þörf fyrir geymslurými. Í tillögum hópsins kom fram að leysa þyrfti brýnustu varðveisluverkefni Þjóðskjalasafns Íslands nú þegar. Enn fremur að taka þyrfti ákvörðun um framtíðarsetur safnsins og byggja eða leigja allt að 5.400 m² húsnæði sem fjargeymslu fyrir Þjóðskjalasafn Ísland og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Í greinargerð starfshópsins kom einnig fram að áætlað skjalamagn í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands verður orðið í kringum 90 hillukílómetrar árið 2030. Núverandi húsnæði er talið rúma um 50 hillukílómetra fullbúið en þar sem meirihluti húsnæðisins er ófrágenginn hafi skapast ófremdarástand því stór hluti safnsins er óaðgengilegur og varðveittur við slæm skilyrði vegna ástands húsa. Í því sambandi er tiltekið að unnið hefur verið að innréttingum og endurbótum á húsnæði Mjólkurstöðvarinnar að Laugavegi 162 frá því það var keypt fyrir Þjóðskjalasafn Íslands árið 1985. Húsið að Laugavegi 164A hafi síðan bæst við húsakostinn árið 1995 og þyrfti og þarf enn endurbóta við. Heildarhúsnæði safnsins er nú 9.570 m² og talsverðir viðbyggingarmöguleikar eru á lóðum þess. Á þeim 20 árum, sem liðin eru frá þessum tímamótum í húsnæðissögu safnsins, hafa 2.275 m² húsnæðisins verið endurbættir eða um 24%. Ófrágengnir eru því 7.295 m² en auk þess hefur verið bent á þörf fyrir um 3.000 m² nýbyggingu á lóðinni fyrir lestrarsal o.fl.

Niðurstaða starfshópsins var sú að núverandi húsnæði Þjóðskjalasafns hefur marga kosti, t.d. trausta vegg og styrk gólf eins og skjalavarsla kallar á og eru auk þess vel staðsett. Gallar húsnæðisins séu hins vegar augljósir, því stór hluti þess er ófrágenginn og byggingarnar dreifðar og sundurlausar. Samkvæmt

² Greinargerðina er að finna á vef menntamálaráðuneytis, sjá: <<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/3835>>

³ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, „Brýn verkefni í geymslumálum safna“, *Fréttablaðið* 12. jan. 2007.



Handritaviðgerðastofa Þjóðskjalasafns.

niðurstöðu starfshópsins birtist húsnæðisvandi Þjóðskjalasafns í eftirfarandi þáttum:

1. Frágangur skjalageymsluhúsa er á eftir áætlun svo að ekki er unnt að sinna þeim afhendingum sem fyrirsjáanlegar eru og húsnæði rúmar.
2. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja leiðir til stórra skjalaafhendinga.
3. Rafræn skjalavarsla kallar á sérlausnir hvað varðar geymslur og tæknibúnað.
4. Þjónusta við almenning á lestrarsal og annað sem tengist almenningi, sýningar, samkomur tengdar starfsemi skjalasafnsins o.þ.h. er í lágmarki vegna aðstöðuleysis. Bráðabirgðalestrarsalur er ófullnægjandi og býður ekki upp á framtíðarlausn.
5. Öll vinna við afgreiðslu úr skjalasöfnum er erfið, tímafrek og mikið óhagræði að hafa ekki flutningsleiðir undir þaki.

Einnig kom fram að nýleg húsrýmisáætlun nýbyggingar fyrir Þjóðskjalasafn Íslands gerði ráð fyrir að safnið þurfi um 19.000 m² húsnæðis, þar af um 12.800 m² geymslurýmis. Fyrir lá frumskoðun á slíkrri byggingu þar sem talið var líklegt að hún mundi kosta um 2,5 milljarða kr. Fasteignir og byggingarréttur við Laugaveg 162 og 164 (eignarhluti ÞÍ) var metinn á tæpa 1,4 milljarða kr.

Í framhaldinu vísaði starfshópurinn til mats Þjóðskjalasafns á því hvernig mætti leysa húsnæðisvanda safnsins með þrennum hætti.

- a. Halda áfram endurbótum á núverandi húsnæði við Laugaveg og byggja nýbyggingu og tengibyggingar. Þessi aðgerð dygði safninu trúlega næstu 20 árin. Með fjargeymslu að auki væri hægt að lengja líftíma núverandi staðsetningar eftir endurbætur því raunhæft er að flytja hluta safnkostsins í geymslu utan lóðar safnsins.
- b. Útvega annað húsnæði sem hentar betur og auðveldara er að innrétta fyrir safnið.
- c. Byggja nýtt og sérhannað hús fyrir safnið. Sérhönnuð bygging er ákjósanlegasti kosturinn og besta lausnin til lengri framtíðar litið.

Eins og áður kom fram lagði starfshópurinn greinargerð sína fram haustið 2006.² Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra lét í framhaldinu þau orð falla í byrjun árs 2007, með vísan í greinargerð starfshópsins, að vandi Þjóðskjalasafns í húsnæðismálum væri eitt brýnasta úrlausnarefnið í málefnum safna á Íslandi og hefði því skapast ófremdarastand í geymslumálum safnsins og það þess vegna ekki getað risið undir sínum lögbundnu skyldum. Um 130 opinberar stofnanir biðu eftir því að afhenda skjöl

sín á Þjóðskjalasafn en það hefði ekki aðstöðu til að veita þeim viðtöku. Einnig hefði sú skylda færst á safnið við einkavæðingu bankanna og ríkisstofnana að taka á móti og ganga frá stórum skjalasöfnum og mikilvægt að safninu yrði gert kleift að sinna þeirri skyldu. Það þýldi enga bið að leysa úr geymslumálum Þjóðskjalasafns, sagði menntamálaráðherra.

Rætt um sameiningu Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns Íslands/Háskólabókasafns


Annað skref í athugun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur á starfsemi og húsnæðismálum Þjóðskjalasafns var að láta kanna möguleika á að stofnanir samnýttu húsnæði til skjalavörslu, nánar tiltekið að kanna kosti þess að sameina Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn Íslands/Háskólabókasafn. Skipaði ráðherra nefnd þann

27. janúar 2006 til að fjalla um málið. Í niðurstöðum nefndarinnar kom m.a. fram að Landsbókasafn/Háskólabókasafn býr við góðan húsakost og aðstöðu í Þjóðarbókhöðunni og starfsemin hafi því þróast og eflst í samræmi við nútímakröfur. Þjóðskjalasafnið hins vegar búi við bráðabirgðalausnir og hafi gert árum saman án þess að varanleg lausn hafi verið lögð fram. Þetta hafi staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun og stefnumörkun safnsins og getu til þess að taka á móti skjölum þjóðarinnar og varðveita þau með fullnægjandi hætti.

Niðurstaðan af starfi nefndarinnar varð sú að fallið var frá þeim möguleika að sameina Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn/Háskólabókasafn, enda þarfir, starfsemi og hlutverk þessara safna með mjög ólíkum hætti.

Helgehallið Sabbathsfer
og annra Helgra Daga m. Islande.
Hirsch-Holms Slöte, utg. 9. Maji Anno 1744.

Skjalavarsla



Prentud at

Hvað er skjál?

Skjöl eru, samkvæmt skilgreiningu í lögum um Þjóðskjalasafn, „hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings“ (sjá, 3. gr. laga nr. 66/1985).

Hvað er varðveitt á Þjóðskjalasafni?

Þjóðskjalasafn varðveitir skjöl um sögu Íslands frá miðöldum og fram til síðustu aldamóta. Í safninu er að finna skinnskjöl og skjöl á pappír og jafnvel einstöku muni sem tengjast tilteknum embættum eða einstaklingum og fylgdu með þegar skjalasöfn voru afhent.

Opinber skjalasöfn

Þjóðskjalasafnið varðveitir skjöl hins opinbera eftir að þau komast á skilaskyldu, sbr. 5. og 6. grein laga nr. 66/1985 um safnið. Samkvæmt lögnum skulu eftirtaldir aðilar afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu: Embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meirihluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulegs styrks af opinberu fé.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra skulu einnig afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín ef héraðsskjalasafn er ekki fyrir hendi til að taka við skjölunum.

Einkaskjalasöfn

Þjóðskjalasafninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila, þ.e. öðrum skjölum en skjölum hins opinbera. Á ári hverju afhenda einstaklingar, sérfræðingar í ýmsum greinum og félagasamtök safninu einstök skjöl eða skjalasöfn og eru einkaskjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafnsins nú orðin á milli eitt og tvöþúsund talsins.

Skjalasöfn einkavæðdra ríkisfyrirtækja og niðurlagðra embætta og stofnana

Þjóðskjalasafn tekur á móti skjalasöfnum ríkisfyrirtækja við einkavæðingu þeirra og skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana þegar þau eru lögð niður. Einkavæðing stofnunar og/eða ríkisfyrirtækis felur þannig í sér að öllum skjölum stofnunarinnar eða fyrirtækisins er skilað í einu lagi til Þjóðskjalasafns.

Samkvæmt lögum setur Þjóðskjalasafn reglur um skjalavörslu hins opinbera

Endurskoðuð lög um Þjóðskjalasafn Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi 1. október 2008, kveða á um



Skjalasafn búið til uppröðunar í hillur.



Kristjana Kristinsdóttir lektor við störf.

að Þjóðskjalasafn skuli setja reglur um skjalavörslu skilaskyldra aðila, þ.e. opinberra aðila. Þetta gildir bæði um vörslu pappírskjala og rafræna gagna, (sbr. 3. mgr. 4. grein), en þar segir að Þjóðskjalasafn skuli gegna hlutverki sínu með því að setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna afhendingarskyldra aðila. Líkt og fyrr kveða löginn skýrt á um ábyrgð stjórnenda á skjalavörslu sinna stofnana og að afhendingarskyldum stofnunum og embættum beri að hlíta reglum og fyrirmælum Þjóðskjalasafns um skjalavörslu. Afhendingarskyldir aðilar eru því skyldugir samkvæmt lögum til að hlíta fyrirmælum Þjóðskjalasafns um skráningu, flokkun og frágang skjala, auk þess sem skjalavistunarkerfi og skjalageymslur skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun (sbr. 6. grein).

Handbækur, reglur og leiðbeiningar um skjalavörslu

Þjóðskjalasafn Íslands setur „reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna“ afhendingarskyldra aðila, samkvæmt lögum nr. 123 frá 17. september 2008 um breytingu á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þetta gildir bæði um skjalamyndun í pappírformi og rafræna skjalamyndun. Safnið sinnir þessu lagalega hlutverki með ýmsu móti, m.a. með gerð og útgáfu reglna og leiðbeininga um skjalavörslu hins opinbera, og gilda reglur Þjóðskjalasafns um skjalamyndun á pappír og rafræn gögn.

Handbækur fyrir opinberar stofnanir

Unnið var að endurskoðun leiðbeininga um skjalavörslu ríkisstofnana og ritun nýrra handbóka um skjalavörslu slíkra stofnana árin 2007 og 2008. Fyrsti áfangi í þessari útgáfu endurskoðaðra og nýrra handbóka Þjóðskjalasafnsins var annars vegar ritið *Málalykill. Reglur og leiðbeiningar* og hins vegar *Skjalavistunaráætlun. Reglur og leiðbeiningar*.

Ritstjóri handbókanna er Njörður Sigurðsson og höfundar ásamt honum eru Kristjana Kristinsdóttur og Pétur G. Kristjánsson. Með tilkomu þessara handbóka hefur Þjóðskjalasafn Íslands sett reglur um málalykla og skjalavistunaráætlanir. Reglurnar gilda fyrir afhendingarskylda aðila skv. 5. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, að undanskildum sveitarfélögum og stofnunum þeirra, en sérstakar reglur verða settar á næstu misserum fyrir þessa aðila. Reglurnar eru settar með tilvísun í 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn. Markmiðið með reglunum er að opinberar stofnanir og embætti fylgi ákveðnum grunnreglum um skjalavörslu til að tryggja varðveislu opinberra skjala og aðgengi að þeim. Reglunum fylgja leiðbeiningar ásamt fylgiskjöllum, sem eiga að auðvelda starfsmönnum gerð skjalavistunaráætlana og málalykla.

Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður skipaði þann 27. febrúar 2007 nefnd um endurskoðun á handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Verkefni hennar var að endurskoða handbókina um skjalavörslu sveitarfélaga sem út kom árið 1997 og vinna að ritun nýrra leiðbeininga um skjalavörslu sveitarfélaga með útgáfu þeirra í huga. Í nefndinni voru Njörður Sigurðsson, fulltrúi ÞÍ (formaður), Hrafn Sveinbjarnarson, fulltrúi héraðsskjalasafna, Magnús Karel Hannesson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Signý Harpa Hjartardóttir, fulltrúi Lykils – félags skjalastjóra sveitarfélaga. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 14. mars 2007 og urðu fundirnir alls níu á árinu 2007. Í lok árs 2007 tók Jóna Símonía Bjarnadóttir héraðsskjalavörður á Ísafirði sæti í nefndinni í stað Hrafns Sveinbjarnarsonar. Nefndin starfaði áfram út árið 2008 og mun ný handbók um skjalavörslu sveitarfélaga væntanlega kom út árið 2009, ef áætlun gengur eftir.

Leiðbeiningar um afhendingu skjala, gerð geymsluskrár og grisjun

Aðrir leiðbeiningarbæklingar Þjóðskjalasafns hafa verið í sífelldri endurskoðun. Hafa bæklingarnir *Afhending skjala og gerð geymsluskrár* og *Grisjun* verið uppfærðir á síðustu árum. Sá fyrrnefndi inniheldur leiðbeiningar fyrir skilaskylda aðila um frágang á skjalasöfnum og afhendingu á Þjóðskjalasafn og sá síðarnefndi hefur að geyma upplýsingar og fyrirmæli um grisjun, þ.e. eyðingu skjala samkvæmt faglegum reglum.

Reglur, upplýsingar, leiðbeiningar og eyðublöð á vef Þjóðskjalasafns

Allar reglur og leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns eru aðgengileg á vefsíðu safnsins og uppfærð þar í samræmi við þróun í skjalavörslu hins opinbera.

Handbækur og leiðbeiningar:

- Málalykill. Reglur og leiðbeiningar
- Skjalavistunaráætlun. Reglur og leiðbeiningar
- Afhending skjala og gerð geymsluskrár
- Frágangur geymsluskráa
- Grisjun
- Leiðbeiningar um frágang þrotabúa

Ýmis eyðublöð varðandi skjalavörslu og afhendingar skjala eru aðgengileg á vefsíðu Þjóðskjalasafns, þ.e. umsókn-areyðublöð sem fylla þarf út þegar afhenda á skjöl til Þjóðskjalasafns eða þegar sótt er um grisjun skjalasafna.

Eyðublöð vegna afhendinga:

- Eyðublað A01 – Um stofnun
- Eyðublað A02 – Skjalaflokkar
- Eyðublað A03 – Geymsluskrá
- Eyðublað A03a – Geymsluskrá – þrotabú

Eyðublöð vegna grisjunar:

- Eyðublað G04 – Grisjunarbeiðni
- Eyðublað G04 – Leiðbeiningar um útfyllingu

Tenglar á vefsíðu Þjóðskjalasafns á upplýsingasíðum um ýmsa þætti skjalavörslu

Á vefsíðu Þjóðskjalasafns er einnig að finna tengla að upplýsingasíðum sem leiða skjalaverði, og aðra sem á þurfa að halda, að ýmsum þáttum skjalavörslu. Þessir þættir eru:

- Rafræn skjala- og gagnavarsla
- Reglur og leiðbeiningar um skjalavörslu
- Notkun tugstafakerfis við flokkun skjala
- Forvarsla og grisjun

Tenglar eru á vefsíðu Þjóðskjalasafnsins sem vísa á safn norrænna hugtaka og heita í skjalavörslu og á siðareglur Alþjóðaskjalaráðsins (ICA).

Leiðbeiningar og upplýsingar um vörslu rafrænna gagna

Þjóðskjalasafnið vinnur að útgáfu reglna um rafræna skjalavörslu og gerð leiðbeininga þeim fylgjandi. Á vefsíðu safnsins er að finna eftirfarandi leiðbeiningarrit og upplýsingar um varðveislu rafrænna gagna:

Reglur:

- Drög að reglum Þjóðskjalasafns Íslands um rafræn gagna- og skjalasöfn opinberra aðila

Skýrslur:

- Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana Könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004 (2005)
- Lokaskýrsla um tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og ríkisskattstjóraembættisins (2007)
- Skýrsla nefndar um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnáætlun (1998)
- Long-term Preservation of Electronic Records: Policy and Practice in Archives (2004)

Greinar:

- Langtímarvarðveisla tölvugagna (erindi á vegum SKÝ, 2006)
- Long-term Preservation of Electronic Records from Official Agencies in Iceland (2006)

Hlutverk Þjóðskjalasafns gagnvart skilaskyldum aðilum

Lög um Þjóðskjalasafn skilgreina hlutverk Þjóðskjalasafns gagnvart skjalavörslu hins opinbera og skilaskyldum aðilum og kveða á um skyldur og samstarf safnsins og skilaskyldra stofnana og embætta. Hlutverk Þjóðskjalasafns gagnvart skilaskyldum aðilum felst í stuttu máli í því að innheimta og varðveita skjöl þeirra stofnana og embætta sem ber að skila skjölum sínum til safnsins, hafa eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og veita þeim ráðgjöf, setja reglur um myndun, frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna afhendingarskyldra aðila og ákvarða um grisjun skjala og móta stefnu í því efni. Einnig skal safnið gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum (sbr. 4. gr. laga nr. 66/1985).

Ábyrgð opinberra stofnana og embætta á skjölum í sinni vörslu

Forstöðumenn skilaskyldra stofnana og embætta bera ábyrgð á skjalavörslu sinna stofnana og sú ábyrgð er skýrt tekin fram í lögum um Þjóðskjalasafn. Skilaskyldir aðilar skulu hlíta fyrirmælum Þjóðskjalasafns um skráningu, flokkun og frágang skjala, og þurfa auk þess að fá samþykki Þjóðskjalasafns fyrir ný skjalavistunarkerfi áður en þau eru tekin í notkun. Opinberar stofnanir þurfa einnig samþykki Þjóðskjalasafns fyrir skjalageymslum áður en þær eru teknar í gagnið (sbr. 6. gr. laga nr. 66/1985). Einnig ber afhendingarskyldum aðilum að hlíta reglum Þjóðskjalasafns um grisjun skjala (sbr. 7. grein) og sækja um grisjun til stjórnarnefndar safnsins (sbr. 2. grein laga nr. 66/1985).

Skilaskylda á skjölum

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands kveða á um að afhenda skuli opinber skjöl á skjalasafn (Þjóðskjalasafn eða hér- aðsskjalasafn eftir því sem við á) ekki síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri og er hér átt við á pappír. Aðrar reglur gilda fyrir skjöl og önnur gögn á rafrænu formi, og kveða lögin á um að slík gögn eigi að afhenda að jafnaði ekki síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri og er þá miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Þjóðskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því (sbr. 6. grein laga nr. 66/1985).

Þjónusta við opinberar stofnanir og afgreiðsla vegna fyrirspurna

Mikilvægur þáttur í árlegri starfsemi Þjóðskjalasafnsins er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörslu hjá opinberum stofnunum. Fjöldi fyrirspurna á því sviði berst safninu og afgreiða sérfræðingar safnsins slíkar fyrirspurnir eftir því sem tilefni er til, skriflega, símleiðis eða með heimsóknnum í viðkomandi stofnanir. Alls leituðu í kringum 100 stofnanir til Þjóðskjalasafns eftir ráðgjöf og leiðbeiningum varðandi skjalavörslu og skjalaafhendingar árið 2006, árið 2007 voru þær í kringum 70 og 65 árið 2008.

Afhendingar

Vegna aðstöðuleysis í húsnæðismálum hefur Þjóðskjalasafnið ekki getað á undanförunum árum annað eftirspurn stofnana eftir að afhenda gögn sín á safnið. Nokkuð rættist úr í geymslumálunum árin 2006 til 2008 og var tekið á móti á ríflega hundrað og fimmtíu afhendingum, en þess ber að geta að sumar voru mjög litlar, allt niður í eitt skjal eða lítið meira.

Fjöldi og magn afhendinga árin 2006–2008

Ár	Fjöldi	Opinber söfn	Einka-skjalasöfn	hillu metrar alls (u.p.b.)
2006	46	25	21	315
2007	60	21	39	220
2008	57	18	39	270
Alls	163	64	99	805

Grisjun

Lagafyrirmæli um grisjun

Eitt af hlutverkum Þjóðskjalasafns er að „ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til

frambúðar og móta stefnu um varðveislu og grisjun skjala.“ (sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 66/1985). Opinberum stofnunum og embættum, þ.e. skilaskyldum aðilum, er „óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnunum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala“ (sbr. 7. gr. laga nr. 66/1985).

Rafrænt yfirlit yfir umsóknir um grisjun og afgreiðslu þeirra

Gagnagrunnur eða heildaryfirlit yfir grisjunarbeiðnir hefur verið tekið saman hjá skjalavörsluviði Þjóðskjalasafns, sem sýnir efni og afgreiðslu allra grisjunarbeiðna sem safninu hafa borist á árunum 1990 til 2008. Yfirlitið er uppfært jafnóðum og stjórnarnefnd afgreiðir og svarar beiðnum um grisjun. Í árslok 2008 var heildarfjöldi afgreiddra grisjunarbeiðna alls 129 beiðnir.

Leiðbeiningar um grisjun á vef Þjóðskjalasafns

Leiðbeiningarbæklingur Þjóðskjalasafns um grisjun var endurskoðaður árin 2006 og birtur á vefsíðu safnsins. Útbúin voru sérstök umsóknareyðublöð fyrir stofnanir til að fylla út í við umsókn til safnsins um heimild til grisjunar. Þau eru aðgengileg á vefsíðu safnsins. Stofnanir sækja þau á vefsíðuna og fylla út með rafrænum hætti. Senda þarf umsóknina útprentaða í pósti til Þjóðskjalasafns.

Grisjunarbeiðnir

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands fjallar um umsóknir opinberra aðila um grisjun, samkvæmt lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn.

Afgreiðsla grisjunarbeiðna árin 2006–2008

	Ár	Beiðnir	Samþykkt	Hafnað
Fjöldi	2006	4	3	1
Fjöldi	2007	6	4	2
Fjöldi	2008	15	11	4
Alls		25	18	7

Skráning skjalasafna á Þjóðskjalasafni 2006–2008

Á Þjóðskjalasafni er unnið að skráningu skjalasafna, bæði opinberra skjalasafna og einkaskjalasafna. Meðal helstu skráningarverkefna árin 2006 til 2008 voru skráning á safni Viðlagasjóðs, safni fornbréfa, skjölum Ferðamálasjóðs, menntamálaráðuneytis, sýslumannsins í Hafnarfirði og sýslumannsins í Árnessýslu, Stjórnarráði Íslands (II. skrifstofu), Kvikmyndaskoðun, skjalasafni Alþýðuflokksins, skjölum Lánasýslu ríkisins og ýmsum minni opinberum söfnum og einkaskjalasöfnum. Sumum stærri skráningarverkefnum er ekki að fullu lokið

Ýmis merkileg skjöl bárust Þjóðskjalasafni árin 2006–2008



Vorið 2006 færði Guðlaugur Gíslason stýrimaður frá Steinstúni í Árneshreppi, Strandasýslu, Þjóðskjalasafni Íslands að gjöf Steinstúnsætt sem hann hefur tekið saman. Það er niðjatal hjónanna Guðlaugs Jónssonar og Ingibjargar Jóhannsdóttur, sem bjuggu á Steinstúni á fyrri hluta 20. aldar.

Í desember 2006 afhenti Ólafur Steinþórsson gögn frá Flatey á Breiðafirði, nánar tiltekið tvær bækur: *Kirkjustól Flateyarkirkju á Breiðafirði 1865–1961* í arkarbroti og *Æfir Flateyjarpresta frá 1617 til 1880*. Bækurnar eru ritaðar í litla stílabók. Ólafur er alinn upp í Flatey og fer þangað á hverju sumri. Hann hefur ritað minningar sínar þaðan í bókinni *Ferð til fortíðar* sem kom út árið 1995.

Þann 19. ágúst 2006 afhenti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, Þjóðskjalasafni Íslands fimm bækur með undirskriftum um 240 þúsund Litháa sem sýndu Íslendingum þar með þakklæti sitt vegna stuðnings við Litháa í frelsisbaráttu þeirra.

Í apríl 2007 færði Rakel Olsen forstjóri í Stykkishólmi safninu nokkur bréf Jóns Sigurðssonar til Boga Thorarensen sem þá höfðu nýlega fundist í Frúarhúsi í Stykkishólmi. Sjaldgæft er að bréf frá miðri 19. öld komi í leitirnar og mikill fengur að því að fá þau í vörslu Þjóðskjalasafnsins. Bréfin voru afhent í tilefni af 125 ára afmæli safnsins.

Á Norræna skjaladeginum haustið 2007 færði Ólöf Björnsdóttir Þjóðskjalasafni til varðveislu merkileg 19. aldar bréf, nánar tiltekið bréf Jens Sigurðssonar til bróður síns Jóns Sigurðssonar forseta, dags. 20. ágúst 1868, og bréf frá Birni Jenssyni til bróður síns Jóns Jónssonar 1873–1876. Í afhendingu Ólafar var einnig sálmaskrá frá útför Björns Jónssonar 1904, nótur fyrir þjóðsöng Íslands eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson með kveðju frá höfundi til Péturs Halldórssonar og húsfreyju frá því um 1910, ýmsar sálmaskrár frá útförum árin 1934–1965, bréf frá Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar 1920–1956, skírteini fyrir Gísla Ólafsson loftskeytamann frá 1936, matseðill úr fjölskyldufagnaði Ólafar Björnsdóttur og Péturs Halldórssonar frá 1936, ljósmyndir úr leiðöngrum Guðmundar frá Miðdal frá því um 1939–1950 og ljósmynd úr miðbæ Reykjavíkur frá því um 1900. Á árinu 2008 bætti Ólöf við fyrri afhendingu sína ýmsum merkjum gögnum, þ.á.m. er dagbók Péturs Halldórssonar (1887–1940) frá árunum 1904–1906, bréf frá Verslun Sigfúsar Eymundssonar, og handritið Trúverðug frásögn um Norðurlandanna fyrstu innbyggjara þó mest áberandi Danmerkur konunga allt til Kristjáns þriðja sem innfærði siðaskipti hér í landid.“ Handritið er líklega frá síðasta áratug 18. aldar, skrifað af Brynjólfi Péturssyni lækni (1747–1828). Með handritinu fylgdi miði með upplýsingum frá Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði og Grími Helgasyni forstöðumanni handritadeildar Landsbókasafns.



Fyrsta og síðasta síða sendibréfs frá Jóni Sigurðssyni forseta, sem Rakel Olsen í Stykkishólmi afhenti Þjóðskjalasafni á 125 ára afmæli þess.

en öðrum stórum skráningum var lokið, t.d. skráningu á stórrí afhendingu skjala frá sýslumanninum í Hafnarfirði. Einnig var gengið frá skráningu á skjalasafni Sögusafns Verkalýðshreyfingarinnar.

Skjalaskrár á vefnum

Árin 2006 til 2008 var farið yfir hluta af skráum yfir skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafnsins með það í huga að útbúa rafræna heildarskrá yfir skjalasöfn safnsins og gera almenningi kleift að leita í skjalaskrár á vefnum. Í samræmi við lög um persónuvernd voru persónuupplýsingar fjarlægðar úr skráum sem birtar eru á vefnum eða liggja frammi á lestrarsal. Í árslok 2008 voru rúmlega 100 skrár yfir skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns tilbúnar til birtingar á vefsíðu safnsins til viðbótar við þær sem þegar höfðu verið birtar. Þær skrár voru einnig prentaðar út og liggja frammi á lestrarsal.

Skjöl flutt út á land – skráningarverkefni á landsbyggðinni

Skjalasöfn sýslumanna

Hinn 3. ágúst 2007 gaf sjávarútvegsherra út reglugerð um um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2007/2008 þar sem leyfilegur þorskaflí var skorinn niður um 63 þúsund tonn miðað við næstliðið fiskveiðiár. Haustið 2007 ákvað svo ríkisstjórn Íslands aðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem áttu í erfiðleikum vegna samdráttar aflaheimilda. Ein aðgerðin fólst í því að veita Þjóðskjalasafni Íslands fé til tveggja skráningarverkefna úti á landi. Annað þeirra fólst í endurskráningu eða grunnskráningu á óskráðum skjalasöfnum. Þjóðskjalasafnið hafði frumkvæði að verkefninu.

Skráning skjalasafna hjá héraðsskjalasöfnum úti á landsbyggðinni er þáttur í stefnu Þjóðskjalasafnsins að gera skjalasöfn í sinni vörslu aðgengileg. Verkefnið felur í sér að lítt eða óskráð skjalasöfn í vörslu Þjóðskjalasafns verða flutt til héraðsskjalasafna úti á landi til grunnskráningar. Markmiðið er að bæta aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum með hjálp upplýsingatækni og alþjóðlegra staðla.

Umfang skjalasafnanna, sem áformað er að flytja út á land til skráningar, er um 8.000 hillumetrar og er bæði um að ræða opinber söfn og einkaskjalasöfn. Fyrst til að vera tekin til skráningar eru skjalasöfn sýslumanna en þau eru um þriðjungur þessa, eða um 2.500 hillumetrar. Söfnin verða flutt aftur á Þjóðskjalasafn að skráningu lokinni þar sem gengið verður frá þeim í skjalageymslum.

Ávinningur verkefnisins er ótvíræður. Aðgengi almennings og fræðimanna að skjalasöfnum á Þjóð-



Á 125 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands afhenti Raket Olsen í Stykkishólmi bréf frá Jóni Sigurðssyni forseta, sem fannst við lagfæringar á húsi í hennar eigu í Stykkishólmi.

skjalasafni mun gjörbreytast í kjölfar þess að svo stór skjalasöfn hafa verið ítarlega skráð og skrárnar gerðar leitarbærar í gagnagrunni á vef safnsins, eins og stefnt er að. Skráningin eykur einnig hagræði og öryggi við afgreiðslu starfsmanna Þjóðskjalasafns á daglegum fyrirspurnum almennings, fræðimanna og opinberra stofnana. Ákvörðunin um að hefja skráningarverkefnið á skjalasöfnum sýslumanna tengist einmitt þessu atriði því mikill fjöldi fyrirspurna berst safninu tengt þessum skjölum og afgreiðsla þeirra mála er oft flókin eðlis málsins vegna.

Ávinningur verkefnisins í viðkomandi héraði er einnig mjög mikilvægur enda skapar verkefnið mörg störf, eða samtals 50 ársverk. Samstarf milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafnanna eykst mjög vegna verkefnisins, auk þess sem starfsmenn héraðsskjalasafna þjálfast í umsyslu og skráningu stórra skjalasafna.

Þjóðskjalasafn stýrir og hefur yfirumsjón með verkefninu á hverjum stað í samstarfi við starfsfólk héraðsskjalasafna. Verkefnin eru unnin í samræmi við kröfur og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns um skráningu, þökkun og forvörslu sem byggja á alþjóðlegum stöðlum. Jafnframt er þess gætt að skjalasöfnin séu skráð og varðveitt í öruggum húsakynnum. Skráning skjalanna fer fram við Héraðsskjalasafn Þingeyinga á Húsavík (16 ársverk), Héraðsskjalasafn Skagfirðinga á Sauðárkróki (16 ársverk) og Héraðsskjalasafninu á Ísafirði (18 ársverk). Skráning skjala var hafin við Héraðsskjalasafn Þingeyinga á Húsavík í desember 2007 og höfðu tveir starfsmenn þá verið ráðnir til verkefnisins. Stöðugildum á Húsavík var fjölgað í ársbyrjun 2008 og jafnframt hófust sambærileg skráningarverkefni á Sauðárkróki og Ísafirði.

Undirbúningsvinna vegna verkefnisins fór fram á Þjóðskjalasafni seinni part ársins 2007 og árið 2008, en vinna þurfti að húsnæðismálum og ráðningu starfsfólks vegna verkefnisins ásamt öðrum atriðum í skipulagi og framgangi verkefnisins. Umsjón með verkefninu, eftirlit og ráðgjöf á árinu 2008 fól síðan m.a. í sér ferðir starfsmanna Þjóðskjalasafns til héraðsskjalasafna á Húsavík, Sauðárkróki og Ísafirði. Í árslok 2008 var staða verkefnisins sú að unnið var að skráningu sýslumannsskjalasafna á Húsavík, Sauðárkróki og Ísafirði.

Yfirumsjón og stjórn skráningarverkefnisins er í höndum Péturs G. Kristjánssonar sviðsstjóra skjalavörslusviðs á Þjóðskjalasafni. Að skráningarverkefninu unnu á Sauðárkróki þau Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður (verkefnisstjóri), Kristín Jónsdóttir, Guðný Jóna Guðmarsdóttir og Karla Hlökkversdóttir. Starfsmenn verkefnisins á Ísafirði voru Jóna Símonía Bjarnadóttir héraðsskjalavörður (verkefnisstjóri), Arna Dalrós Jóhannsdóttir, Guðný Sóley Kristinsdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Gréta Sturludóttir. Á Húsavík voru það Guðni Halldórsson (verkefnisstjóri), Karl Ágústsson, Þorbjörg Björnsdóttir, Kristbjörg Jónasdóttir, Anna María Helgadóttir, Yngvi Leifsson og Auður Gunnarsdóttir.

Í árslok 2008 höfðu skjalasöfn sýslumannsembættisins á Akranesi, bæjar- og borgarfégetaembættisins í Reykjavík, sýslumannsembættisins í Vestmanneyjum og bæjarfégetaembættisins á Siglufirði verið skráð. Jafnframt var hafin skráning á skjalasöfnum Sakadóms Reykjavíkur, sýslumannsembættisins á Ísafirði og sýslumannsembættisins í Hafnarfirði (Gullbringu- og Kjósarsýslu).

Öryggismálasafn

Ákvörðun um myndun sérstaks öryggismálasafns var tekin árið 2007 og staðfest í nýjum ákvæðum í lögum nr. 66/1985, (sbr. 17.–22. grein). Árið 2008 var gerður sérstakur samningur milli Þjóðskjalasafns og utanríkisráðuneytis, um að Þjóðskjalasafn sæi um skráningu á skjalasafni ráðuneytisins, sendiráða og ræðismannsskrifstofa á samningstímanum, 1. mars 2008 til 31. desember 2011. Einnig var gerð áætlun um kostnað og skráningu á skjalasafni Pósts og síma og öðrum skjalasöfnum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafninu og kunna að varða öryggishagsmuni Íslands. Þjóðskjalasafn tekur ennfremur að sér tímabundna vörslu á 1.300 hillumetrum af skjölum utanríkisráðuneytisins á samningstímanum. Það er undirbúningur að því að gögnin verði afhent safninu með formlegum hætti. Skráningarverkefnið felst í því að kanna og skrá skjöl ráðuneytisins með hliðsjón af skriflegum skilgreiningum þess á öryggismálaskjölum. Verkefnið felst einnig í því að aðgreina öryggismálaskjöl frá almennu skjalasafni utanríkisráðuneytisins, með það í huga að afhenda þau í öryggismálasafn Þjóðskjalasafns, í samræmi við 17. og 21. gr. laga nr. 66/1985 (sbr. lög nr. 36/2007).

Skráning öryggismálasafnsins fer fram í samræmi við 21. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands þar sem kveðið er á um skilyrði fyrir afhendingu utanríkisráðuneytis á skjölum ráðuneytisins, sem snerta öryggismál, til öryggismálasafns Þjóðskjalasafns. Skrá hafði verið útbúin í samræmi við 17. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands (sbr. lög nr. 123/2008 um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands) og vinnureglur settar, t.d. með því að útbúa sérstök eyðublöð og leiðbeiningarbækling til notkunar við skráningu skjala, bæði á Þjóðskjalasafni og í stofnunum er mynda eða varðveita skjöl varðandi ytra og innra öryggi ríkisins. Þessu tengdist einnig vinna í samvinnu við utanríkisráðuneytið um skipulag skráningarverkefna. Nauðsynleg undirbúningsvinna var unnin á Þjóðskjalasafninu og skjölin flutt út á land til skráningar, nánar tiltekið til Ísafjarðar, en það var í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að skapa atvinnutækifæri á landsbyggðinni í kjölfar aflsamdráttar.

Hafist var handa við skipulagningu verkefnisins í mars 2008. Leiguhúsnæði var fundið á Ísafirði og standsett. Tveir starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum á Ísafirði voru ráðnir. Auk þeirra var ráðinn starfsmaður héraðsskjalasafnsins til að hafa á hendi verkstjórn í 25% stöðugildi. 13. júní 2008 voru fyrstu skjalasöfnin send til Ísafjarðar, þ.e. um 230 hillumetrar af skjölum sendiráða. Starfsmenn hófu formlega störf 10. júlí við skráningu á óskráðum skjölum sendiráða. Áformað var að ný- og endurskráningu sendiráðsskjala yrði lokið í nóvember og að í kjölfarið yrði hægt að hefjast handa við að leggja mat á einstök mál með tilliti til öryggishagsmuna, en ráðuneytið hefur nýverið afhent Þjóðskjalasafni drög að skilgreiningum um öryggismálasgjöl. Í framhaldinu yrði starfshlutfall verkefnastjóra verkefnisins á Ísafirði aukið a.m.k. í 50%. Fljótlega eftir áramót 2009 yrði því hægt að senda nýjan farm af skjölum ráðuneytisins til Ísafjarðar.

Í júní 2007 voru Esther Ingadóttir og Svanhildur Þórðardóttir ráðnar til að starfa á Ísafirði næstu fjögur árin við skráningu skjalasafns utanríkisráðuneytisins (öryggismálasafns). Verkefnisstjóri á staðnum er Jóna Símonía Bjarnadóttir héraðsskjalavörður á Ísafirði. Yfirumsjón með verkinu hefur Pétur G. Kristjánsson Þjóðskjalasafni.

Undirbúningur fyrir móttöku og varðveislu rafrænna gagna

Þjóðskjalasafn Íslands hefur undanfarin ár undirbúið móttöku rafrænna gagna til langtíma varðveislu. Aðalumsjón með þessum málaflokki hefur Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs haft. Pétur G. Kristjánsson, Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson skjalaverðir á skjalavörslusviði og

Yfirlit yfir ráðstefnur og fundi sem Þjóðskjalasafn tók þátt í árin 2006–2008 til að undirbúa móttöku og langtímavörslu rafrænna gagna á Þjóðskjalasafni.

Fjöldi þátta	Fjöldi starfsmanna	Ár	Staður	Efni
1	4	2006	Skógar	Málþing um aðgengi að rafrænum skjalasöfnum, Nordisk seminar om tilgængeligghørelse af elektroniske arkivalier, 24.–26. í apríl 2006, á Skóguum undir Eyjafjöllum.
2	4	2006	Kaupmannahöfn	Ráðstefna um gagnagrunna og stjórnsýslu í Kaupmannahöfn, 15. maí 2006.
3	1	2006	Reykjavík	Erindi um langtímavörslu rafrænna gagna, flutt á vegum skýrslutækni-félagsins árið 2006.
4	1	2006	Reykjavík	Málþing um skjalasöfn háskóla og rannsóknastofnana, the ICA-SUV seminar, í Reykjavík, 13.–20. september 2006. Erindi flutt um langtímavörslu rafrænna gagna.
5	1	2006	Kaupmannahöfn	Fundur í Statens Arkiver í Kaupmannahöfn vegna rafrænnar skjalavörslu 11.–13. des. 2006.
6	1	2006	Kaupmannahöfn	Fundað með tölvudeild Statens Arkiver í Kaupmannahöfn vegna verkefnis ÞÍ og RSK um rafræn skil á gagnagrunnum 20. des. 2006.
7	4	2007	Stokkhólmur	Málþing um PREMIS staðalinn til notkunar v/ langtímavörslu rafrænna gagna í Stokkhólmi í mars 2007.
8	4	2007	Reykjavík	Alþjóðlegt málþing um stöðu þjóðskjalasafna 3. apríl 2007 í Reykjavík. Flutt erindi um áherslur og aðferðir ÞÍ í langtímavörslu rafrænna gagna.
9	3	2007	Reykjavík	Flutt erindi um langtímavörslu rafrænna gagna á vegum Stjórnvísí í Reykjavík, júní 2007.
10	3	2007	London	Kynnisferð í breska þjóðskjalasafnið til þess að kynna breskum aðferðum við langtímavörslu rafrænna gagna, 1.–2. október 2007.
11	1	2008	Kaupmannahöfn	Ráðstefna haldin í danska ríkisskjalasafninu; Symposium about the Transfer, Preservation of and Access to Digital Records, based on the Danish Experiences”, 30.–31. október 2008.
12	2	2008	Helsinki	Málþing, El-arkivseminar. Nordiskt seminarium om elektroniska arkiv í Helsinki 13.–14. nóvember 2008.

Baldur Már Bragason tölvunarfræðingur unnu einnig að verkefninu, m.a. að reglum og leiðbeiningum, og að tilraunaverkefnum til prófunar á tækni og aðferðum til vörslu rafrænna gagna. Málið hefur verið unnið í samvinnu við Dani og er byggt á reglum og leiðbeiningum þeirra. Auk þess hafa sérfræðingar Þjóðskjalasafns kynnt sér reglur og stöðu rafrænnar gagnavörslu í skjalasöfnum annarra landa. Mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin á Þjóðskjalasafni, sem m.a. hefur falið í þekkingaröflun og samvinnu við hinar Norðurlandþjóðirnar á þessu sviði.

Tilraunaverkefni um móttöku rafrænna gagna til langtímavörslu á Þjóðskjalasafni


Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og embættis ríkisskattstjóra, um skil á rafrænum gögnum til langtíma varðveislu í Þjóðskjalasafni, lauk formlega í nóvember 2007 með því að starfshópur skilaði af sér skýrslu um verkefnið. Skýrslan er birt á vef Þjóðskjalasafnsins (sjá: *Lokaskýrsla um tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og ríkisskattstjóraembættisins, 2007*).

Embætti ríkisskattstjóra var valið til samstarfs í þessu tilraunaverkefni vegna mikillar reynslu þess af meðferð

og vinnslu rafrænna upplýsinga eftir að hafa verið í forystu á sviði rafrænnar stjórnsýslu um árabíl.

Markmið verkefnisins voru:

1. Að taka út rafræn gagnakerfi RSK með því að skrá og tilkynna þau til Þjóðskjalasafns á grundvelli draga að reglum um skil og langtímavörslu rafrænna gagna hins opinbera sem Þjóðskjalasafn undirbýr.
2. Að búa til skilahæfar útgáfur á gögnum úr einum eða tveimur rafrænum gagnagrunnum embættis ríkisskattstjóra. Slíkar vörsluútgáfur yrðu byggðar á reglum danska ríkisskjalasafnsins sem Þjóðskjalasafn hefur samið um að nota.
3. Að afla þekkingar, tækja og forrita sem og reynslu á því sviði sem afhending og móttaka vörsluútgáfu rafrænna gagnagrunna krefst og býður upp á.
4. Að leggja grunn að markvissu verklagi við skil á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns.
5. Að meta hvaða ný verkefni/verkefni verða til hjá stofnunum í kjölfar nýrra reglna um rafræna skjalavörslu og skjalaskil.



Kristjana Kristjánsdóttir deildarstjóri forvörsludeildar ásamt nokkrum verkefnum deildarinnar.

Á Þjóðskjalasafni unnu að verkefninu Baldur Már Bragason tölvunarfræðingur, Pétur G. Kristjánsson skjalavörður, Kristjana Kristinsdóttir þáverandi sviðsstjóri skjalavörslusviðs og Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs. Af hálfu embættis ríkisskattstjóra árin 2006 til 2007 unnu Sæmundur Guðmundsson verkefnisstjóri, Jón J. Bjarnason tölvunarfræðingur, Bragi L. Hauksson deildarstjóri og Bryndís Steinsson skjalastjóri.

Árið 2008 var unnið að tilraunaverkefni í samvinnu við menntamálaráðuneytið um skil á vörsluútgáfu úr málaskrárkerfi ráðuneytisins. Verkefninu var ólokið í árslok 2008.

Forvarsla og viðgerðir

Forvarsla og viðgerðir eru ómissandi hluti af starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands, enda koma skjöl í misjöfnu ástandi til safnsins og gera þarf við mikið af skjölum á ári hverju, bæði vegna myglu, vatnsskemmda og annarra atriða. Forvörsludeildin gegnir einnig mikilvægu hlutverki við ráðgjöf um ástand og skipulag í geymslum og um skjalaumbúðir. Oft er leitað til viðgerðarstofunnar um gerð sérstakra sýrufriira umbúða utan um skjöl sem þurfa sérmeðhöndlun þegar þeim er pakkað, vegna stærðar eða gerðar.

Árin 2006 til 2007 störfuðu á viðgerðarstofunni þær Kristjana Kristjánsdóttir forvörður og Olga Dagmar Erlendsdóttir. Haustið 2007 barst viðgerðarstofunni liðsauki þegar Þórdís Anna Baldursdóttir forvörður var ráðin í tímavinnu til að sinna fyrirbyggjandi forvörslu og haustið 2008 hóf þorgerður Hanna Hannesdóttir störf á viðgerðarstofunni.

Vorið 2007 dvaldi Harold Holland, kanadískur sérfræðingur á sviði forvörslu, í tvo mánuði við Þjóðskjalasafnið og gerði úttekt á skjalageymslum safnsins. Harold skilaði skýrslu um úttekt sína til safnsins í júní 2008, undir yfirskriftinni „Repository Storage. Design Considerations. Iceland Archives.“

Námskeið og kennsla um skjalavörslu og starfsemi skjalasafna

Námskeið fyrir héraðsskjalaverði og skjalastjóra opinberra stofnana

Tvö námskeið voru haldin fyrir skjalaverði í opinberum stofnunum um gerð skjalavistaráætlunar, gerð mála-lykla og rafræna skjalavörslu. Þau fóru fram 30. mars og 13. apríl 2007. Einnig var haldið samskonar námskeið fyrir héraðsskjalaverði 23. mars 2007.

Kennsla á vegum Þjóðskjalasafns við sagnfræðiskor Háskóla Íslands

Undanfarin ár hefur Kristjana Kristinsdóttir sérfræðingur á skjalavörsluviði á Þjóðskjalasafni haldið námskeið um skjalavörslu við sagnfræðiskor Háskóla Íslands. Um er að ræða hálfu lektorsstöðu og greiðir Þjóðskjalasafn launin. Kennslan fer fram samkvæmt samningi milli Háskólans og Þjóðskjalasafnsins um að Þjóðskjalasafn bæði leggi til og greiði laun sérfræðings til að halda slík námskeið fyrir nemendur í sagnfræði.

Ásamt Kristjönu komu ýmsir aðrir sérfræðingar safnsins að kennslunni og kenndu efni varðandi sín sérsvið. Námskeiðin voru haldin í húsakynnum Þjóðskjalasafns og voru misjafnlega útfærð frá ári til árs, árin 2006–2008, í samræmi við efni, markmið og einingafjölda.

Námskeið haldin árin 2006 til 2008:

- Á vormisseri 2006 var kennt námskeiðið „Skjalasöfn og skjalavarsla“ (10 einingar).
- Á haustmiseri 2006 var kennt námskeiðið „Frágangur, skráning og varðveisla skjalasafna“ (5 einingar). Farið var yfir þá þætti sem huga þarf að við afhendingu skjalasafna á safn, skráningu og frágang skjalasafna til geymslu, bæði opinberra og einkasafna, gerð geymsluskrár/leiðarvísis um safn, aðgengi að skjalasöfnum og afgreiðslur úr þeim. Námskeiðið hentar vel nemendum sem vilja kynna sér skjalavörslu og/eða taka að sér að ganga frá og skrá skjalasöfn fyrir stofnanir eða aðra.
- Á haustmiseri 2007 var endurtekið námskeiðið „Frágangur, skráning og varðveisla skjalasafna“ (5 einingar).
- Á vormisseri 2007 var haldið námskeiðið „Heimildaleit í skjalasöfnum“ (5 einingar). Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur fræðist um frumheimildir í skjalasöfnum, kynnist mati á heimildum, læri að umgangast þær og nota á lestrarsal.
- Á haustmiseri 2008 var haldið námskeiðið „Heimildaleit í skjalasöfnum“ (5 einingar).
- Á haustmiseri 2008 var haldið námskeiðið „Skjalavarsla á 20. og 21. öld“ (5 einingar). Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur fræðist um þróun skjalavörslu hjá hinu opinbera frá byrjun 20. aldar og kynnist nýjum aðferðum sem teknar hafa verið upp í skjalavörslu á 21. öld. Þar kemur ekki hvað síst við sögu meðferð rafrænna gagna. Fjallað er um uppbyggingu skjalasafna samtímans og gerð grein fyrir lykilhugtökum í skjalavörslu, á borð við skjalavistunaráætlun, grisjun, geymsluskrá, málalykill og málaskrá, og þeirri hugmyndafræði og aðferðafræði sem býr að baki þessum

hugtökum. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á skjalavörslu og uppbyggingu nútíma skjalasafna og fái innsýn í störf skjalavarða hjá opinberum stofnunum.

- Auk ofangreindra námskeiða gafst nemendum í sagnfræði kostur á að skrá sig í sérstakt vettvangsverkefni á haustönn 2008 (5 einingar) varðandi skjalavörslu og starfsemi Þjóðskjalasafns og í einstaklingsverkefni (20 einingar) um skráningu skjalasafns og gerð geymsluskrár.

Fyrirlestrar og greinar um skjalavörslu og skjalasöfn

Einn þáttur í starfi sérfræðinga á skjalavörsluviði Þjóðskjalasafns er þátttaka á fundum, málþingum og ráðstefnum um skjalavörslu og skjalasöfn, sem haldin eru á Íslandi og erlendis. Fyrirlestrar og greinar skjalavarða á slíkum vettvangi árin 2006–2008 voru:

Greinar um skjalasöfn og skjalavörslu:

- Njörður Sigurðsson, „Vestnordiske Arkivdage 2008.“ *Nordisk Arkivnyt* 53:4 (2008), bls. 189–191.
- „Elektronisk arkivering af privatarkiver i Island.“ *„Enskilt eller privat - elektronisk eller manuelt?“ Rapport från norkiskt privatarkivseminarium Helsingfors 26.–28. november 2007.* Helsinki 2008, bls. 37–39.

Fyrirlestrar um skjalasöfn og skjalavörslu:

- Benedikt Jónsson: „Íslands Nationalarkivs skoleweb.“ Erindi flutt á norrænu námskeiði á vegum Nordisk Arkivakademi um miðlun og upplýsingatækni (Ekspertseminar for webansvarlige og informationsshefer) sem haldið var í Reykjavík 2.–3. desember 2008.
- „Webstatistik.“ Erindi flutt á norrænu námskeiði á vegum Nordisk Arkivakademi um miðlun og upplýsingatækni (Ekspertseminar for webansvarlige og informationsshefer) sem haldið var í Reykjavík 2.–3. desember 2008.

- Eiríkur G. Guðmundsson: „Langtímavarsla rafrænna gagna í opinberum skjalasöfnum.“ Erindi flutt á hádegisfundum Skýrslutæknifélags Íslands 1. júní 2006.
- „Arbejdet med Nordisk Arkivnyt i dag.“ Erindi flutt á Nordiske Arkivdage í Uppsölum í Svíþjóð 23.–25. ágúst 2006.
 - „Long-term preservation of electronic records from official agencies in Iceland.“ Erindi flutt á The ICA-SUV seminar in Reykjavík 13.–20. september 2006.
 - „New tasks and new opportunities with Information Technology.“ Erindi flutt í Þjóðmenningarhúsinu á málþingi í tilefni af 125 ára afmæli Þjóðskjalasafnsins, 3. apríl 2007.

- „Et forsøgsprojekt med arkivering af et elektronisk register.“ Erindi flutt á málþingi á 75 ára afmæli-
shátíð Landsskjalasafnsins í Færeyjum í Þórshöfn
31. ágúst 2007.
 - „Developing a Census Database.“ Erindi flutt á
alþjóðþingi Alþjóða skjalaráðsins (ICA) í Kuala
Lumpur 24. júlí 2008.
 - „Det nye folketællingsprojekt i Islands National-
arkiv.“ Erindi á Vestnorrænum skjaladögum í Stykk-
ishólmi 17. september 2008.
 - „Langtímavarsla rafrænna gagna opinberra aðila -
Staða mála í október 2008.“ Erindi flutt á fundum
með skjalastjórum: a) á fundi skjalastjóra ráðuneyt-
anna í samgönguráðuneytinu 16. okt. 2008. b) á
fundi SOPA, félags skjalastjóra opinberra stofnana
í húsakynnum Þjóðminjasafns, 4. des. 2008.
 - „Digitalisering af islandske folketællinger.“ Erindi
flutt á norrænu málþingi um rafræna skjalavörslu
(Nordisk Elarkivseminarium) í Helsinki 13.–14.
nóvember 2008, og einnig á norrænu námskeiði á
vegum Nordisk Arkivakademi um miðlun og upp-
lýsingatækni (Ekspertseminar for webansvarlige og
informationsshefer) sem haldið var í Reykjavík 2.–3.
desember 2008.
- Kristjana Kristinsdóttir, „Kassationprocessen i Island.“
Erindi flutt á norrænu málþingi um varðveislu og
grisjun skjalasafna á vegum Nordisk Arkivakademi
í Kaupmannahöfn 10.–11. apríl 2008.
- Njörður Sigurðsson, „Elektronisk arkivering af privat-
arkiver i Island.“ Erindi flutt á Nordisk privatarkivseminarium
í Helsinki í Finnlandi 27. nóvember 2007.
- „Kommuners arkivering i Island.“ Erindi á Vestnor-
rænum skjaladögum í Stykkishólmi 17. september
2008.
 - „Varðveisla skjalasafna í nútíð og framtíð.“ Er-
indi á kvöldfundi Sagnfræðingafélags Íslands um
varðveislu samtímaheimilda í húsi Sögufélags 27.
nóvember 2008.
- Ólafur Ásgeirsson, „ICA and the Programme Commis-
sion, bring forth your projects.“ Erindi flutt á fundi
Háskólaskjalavarðadeildar Alþjóðaskjalaráðsins,
(ICA University Branch Archivists) sem haldið var í
Reykjavík 15.–20. september 2006.
- „I er så få, at I ikke må smide noget ud. Kassation
i islandske arkiver.“ Erindi flutt á málþingi Nordisk
arkivakademi um grisjun skjalasafna sem haldið var
í Kaupmannahöfn 10.–11. apríl 2008.
 - „Alþjóðaskjalaráðið og verkefnastjórn þess. (ICA
and the Programme Commission.)“ Erindi flutt á
þingi kanadískra skjalavarða sem haldið var
12.–14. júní 2008.
 - „Nationalarkivet i Reykjaviks bygninger og renova-
tion.“ Erindi flutt á málþingi sem haldið var á vegum
Nordisk arkivakademi í Kaupmannahöfn dagana
10.–12. september 2008.
- Pétur G. Kristjánsson, „Hvað þarf að hafa í huga við
gerð málalykla? Áherslur Þjóðskjalasafns Íslands.“
Erindi flutt á fundi um skjalaflokkunarkerfi á veg-
um Borgarskjalasafns Reykjavíkur, Félags um
skjalastjórn, Lykils, Félags skjalastjóra hjá sveitar-
félögum, og Þjóðskjalasafns Íslands 30. janúar 2007.
- „Idee omkring kassation af elektroniske arkivalier.“
Erindi flutt á norrænu málþingi um varðveislu og
grisjun skjalasafna á vegum Nordisk Arkivakademi
í Kaupmannahöfn 10.–11. apríl 2008.

Lögreglan í Reykjavík

Skýrsla Verkefni vegna sérstakra mála



Um:

.....daginn 196

vantanlegir færu til Íslands um 50 útlagdir Grikkir og fjöldi stúdenta úr Evrópu, og mundu þessir menn eiga að hafa frumkvæði um mótælin og vinna skemmdarverk, enda vanir slíku, m.a. væri áætlað að kveikja í Bandaríska sendiráðinu, eyðileggja bíla þess og annað í líkum dúr. Þegar verkamennirnir fóru að tala um, hvort þetta yrði ekk dyrt fyrirtaki, tjáði þeim að í slíkum tilfellum væri herkostnaðurinn s frá, og mundi í engi skorta fé. Í samband þu skemmdarverkamenn, sem hingað ættu að komennirnir þann skilning í komu þeirra, að þetta væru lausir menn, sem ekkert væri af að hafa, ef til skaðabótamála kæmi, en erfið ka, þar sem þeir væru húseigendur o.s. minnst meins mark-

Afgreiðsla:



Lögreglan
í Reykjavík
Kæruskjal
nr. _____


Vottur:
Gunnar Helgason,
(sign.)

Símahleranamálið

Í september 2006 barst menntamálaráðherra stjórn-sýslukæra Ragnars Aðalsteinssonar fyrir hönd umbjóð- anda hans, Kjartans Ólafssonar, vegna ákvörðunar þjóðskjalavarðar um að synja Kjartani um aðgang að gögnum um símahleranir. Forsaga málsins var sú að Kjartan fór þess á leit við þjóðskjalasafn sumarið 2006 að safnið veitti honum óheftan aðgang að öllum gögnum sem varðveitt eru í safninu og varða símahleranir á árunum 1949–1968. Vaknaði áhugi Kjartans á þessu máli eftir að hafa hlýtt á fyrirlestur Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um símahleranir á Sögu- þingi 2006, en þar kom fram að stjórnvöld létu hlera síma ýmissa einstaklinga og félagasamtaka á árunum 1949–1968. Niðurstöður Guðna sýndu m.a. að símar höfðu verið hleraðir hjá tvennum félagasamtökum þegar Kjartan var framkvæmdastjóri þeirra, þ.e. hjá Samtökum hernámsandstæðinga og Sameiningarflokki alþýðu – Sósíalístaflokki. Kjartani sýndist einnig af rann- sókn Guðna að verulegar líkur væru á að heimasími hans hefði verið hleraður á sjöunda áratugnum. Kjartan vildi í framhaldinu fá aðgang að öllum gögnum í vörslu þjóðskjalasafns sem varða símahleranir, úr skjalasafni dómsmálaráðuneytis, sakadómara, yfirsakadómara og lögreglunnar og mögulega úr öðrum skjalasöfnum. Vísaði hann í 3. gr. og 2. mgr. 8. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 varðandi rétt sinn til að skoða umrædd gögn. Til vara setti Kjartan fram þá kröfu að fá aðgang að þeim gögnum í vörslu þjóðskjalasafns sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hafði fengið heim- ild til að skoða vegna rannsóknar sinnar, samkvæmt reglum safnsins um aðgang fræðimanna að skjölum og meðferð trúnaðarupplýsinga í því sambandi. Benti Kjartan einnig á að gögnin vörðuðu hann persónulega og styddi það rétt hans til aðgangs að þeim.

Þjóðskjalavörður hafnaði beiðni Kjartans um frjálstan aðgang að öllum skjölum og gögnum í vörslu þjóð- skjalasafnsins, sem varða símahleranir, með þeim rökum að upplýsingalög nái ekki yfir þau gögn sem Kjartan óskaði eftir að fá að sjá, og beðið væri nýrrar reglugerðar með fyrirmælum um aðgang. Þar til slík reglugerð hefði verið sett hefði safnið ekki lagastoð til að veita frjálstan aðgang að umræddum gögnum, þar sem þau flokkuðust undir gögn tilheyrandi rannsókn eða saksókn í opinberu máli, en féllu ekki undir ákvæði upplýsingalaga um rétt almennings um aðgang.

Þjóðskjalasafn benti hins vegar á, samtímis synjun sinni á málaleitan Kjartan Ólafssonar, að vonir stæðu til að niðurstaða mundi fást varðandi reglur um að- gang að hleranagögnunum. Benti þjóðskjalasafn í því sambandi á að þann 3. júní 2006 hefði Alþingi sam- þykkt þingsályktunartillögu um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál. Skipuð hafði verið nefnd til að fjalla um málið og skyldi hún ljúka störfum fyrir lok



Bréf dómsmálaráðuneytis til yfirsakadómara með óskum um símahleranir vegna ráðherrafunda NATO í Reykjavík í júní 1968.

ársins 2006. Þannig var verið að vinna að setningu nýrra reglna um aðgang að gögnum um öryggismál. Það yrði því hægt að afgangi erindi Kjartans Ólafssonar í ljósi þeirra reglna þegar þær væru orðnar að lögum.

Þjóðskjalasafn hafnaði einnig þeirri ósk sem Kjartan Ólafsson hafði lagt fram til vara, þ.e. að fá aðgang að þeim hluta umræddra gagna sem Guðna Th. Jóhannesson hafði verið veittur aðgangur að. Rök safnsins fyrir synjun voru þau að enda þótt ákvæði 9. greinar laga um þjóðskjalasafn hefðu ekki verið tilkomin þegar Guðni fékk aðgang að skjölunum, þá hafði safnið sett ákveðnar starfsreglur um sérstakan aðgang að skjölum sem þessum. Þær reglur miðuðust við ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga um þjóðskjalasafn Íslands, tilgang þess og markmið, rannsóknir og fræðiiðkanir og setja mjög þröng skilyrði sem eiga að tryggja opinbera hagsmuni sem og reglur allar um persónuvernd og nafnleynd samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og reglur um friðhelgi einkalífs. Niðurstaða þjóðskjalasafns var hins vegar sú í þessu tilviki að veita ekki aðgang að umbeðnum skjölum samkvæmt reglum safnsins um aðgang fræðimanna að skjölum, heldur láta málið bíða uns skýr lagastoð fengist til að heimila aðgang, þar sem unnið var að setningu slíkra reglna á þessum sama tíma.

Kjartan Ólafsson sætti sig ekki við synjun þjóðskjala- safns og lagði fram stjórn-sýslukæru. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kvað upp úrskurð



Nefndarmenn í nefnd sem forsætisráðherra skipaði að tilhlutan Alþingis til að fjalla um hlerunarmál og gera tillögu um lyktir málsins. F.v.: Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, Anna Agnarsdóttir prófessor og forseti Sögufélags. Páll Hreinsson prófessor, formaður nefndarinnar, Ómar H. Kristinsson lektor og Helgi Bernódusson skrifstofustjóri Alþingis.

sinn í málinu þann 16. október 2006 og felldi ráðherra úr gildi ákvörðun Þjóðskjalasafns um að synja Kjartani um aðgang að umræddum gögnum. Niðurstaða ráðherra var sú að veita bæri aðgang að umræddum gögnum m.a. að teknu tilliti til ákvæða stjórnarskránnar, eins og segir í úrskurðinum:

Telur ráðuneytið að ekki sé hægt að fallast á það með kærða [Þjóðskjalasafni] að unnt sé að synja umræddri beiðni kæranda Kjartans Ólafssonar og þar með að byggja hina kærðu ákvörðun á því að umrædd reglugerð hafi ekki verið sett. Er þá höfð til hliðsjónar sú frumskylda stjórnvalda samkvæmt íslenskum stjórnlögum, að starfa á grundvelli þeirra réttarheimilda, sem í gildi eru á hverjum tíma og sjá um framkvæmd þeirra, enda eru allir jafnir fyrir lögum, sbr. 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Fyrir liggur að reglugerð skv. 2. ml. 1. mgr. 9. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki verið sett og skiljanlegt er að kærða hafi verið vandi á höndum vegna þess við afgreiðslu hinnar kærðu ákvörðunar. Á hinn bóginn verður að telja að við töku hinnar kærðu ákvörðunar hafi kærða borið að leggja mat á umbeðin gögn á grundvelli gildandi laga og viðurkenndra lagasjónarmiða. Koma þar einkum til skoðunar ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands, eftir því sem við á, jafnræðisregla 65. gr. stjórnkrár og jafnræðisregla 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga með hliðsjón af þegar veittum aðgangi að umræddum gögnum til handa Guðna Th. Jóhannessyni, meginregla 9. gr. upplýsingalaga með hliðsjón af gögnum sem varða kæranda persónulega auk ákvæða stjórnarskrár, einkum 71. gr. um friðhelgi einkalífs gagnvart einkalífssupplýsingum um aðra en kæranda í viðkomandi gögnum svo og ákvæði laga um þagnarskyldu. Í ljósi þess að



Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins sýna skjalasafn Landsíma Íslands. F.v.: Jón Ásgeir Jónsson, Jón Páll Andrésson, Gísli Baldur Róbertsson, Baldur Már Bragason, Jón Torfason, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Anna Agnarsdóttir prófessor.

ekki hefur verið tekin efnisleg afstaða til beiðni kæranda, dags. 25. júlí og 21. ágúst sl., á réttum lagagrundvelli verður ekki hjá því komist að fella úr gildi hina kærðu ákvörðun og leggja fyrir kærða að taka beiðni kæranda frá 25. júlí og 21. ágúst sl. til meðferðar og úrlausnar að nýju.

(Heimild: Vef. „Úrskurður menntamálaráðherra“, dags. 16. okt. 2007, bls. 10–11, sjá: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-doc_Annad/urskurdur.doc)

Í framhaldi af úrskurði ráðherra og hins mikla áhuga almennings á aðgangi að skjölunum birti Þjóðskjalasafn Íslands umrædd skjöl í heild sinni, en afmáði persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem hlerað var hjá í samræmi við þau persónuverndarsjónarmið sem felast í 71. grein stjórnarskránnar. Um er að ræða gögn úr safni Dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Sakadóms Reykjavíkur og voru þau birt á vefsíðu safnsins haustið 2006 (sjá: „Gögn um símahleranir“).

Athugasemdir Þjóðskjalasafns um aðgang að trúnaðarskjölum um símahleranir

Töluverð umræða spannst sumarið 2006 um aðgang að trúnaðarskjölum um símahleranir á dögum kalda stríðsins í vörslu Þjóðskjalasafnsins. Vegna málsins birti safnið svohljóðandi athugasemd í byrjun september 2006:

Undanfarið hefur nokkuð verið fjallað um aðgang að trúnaðarskjölum um símahleranir á dögum kalda stríðsins sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalasafn Íslands vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum varðandi málið.

Um er að ræða skjöl er varða öryggi ríkisins sem innihalda jafnframt upplýsingar um einstaklinga. Þau eru málsskjöl og dómsúrskurðir. Um aðgengi að slíkum skjölum eru ekki til sérstök ákvæði í lögum eða reglugerðum.

Mál þetta er þrjúþætt. Í fyrsta lagi varðar það takmarkaðan aðgang að skjölum þessum fyrir fræðimann sem vinnur að rannsóknum á kalda stríðinu og er rannsóknin hluti fjölþjóðlegs verkefnis. Í öðru lagi varðar málið óskir um að skjölin séu gerð öllum aðgengileg. Í þriðja lagi er um að ræða umsókn um aðgang fræðimanns að skjölunum sem jafnframt er málsaðili. ...

Þjóðskjalavörður heimilaði fræðimanni takmarkaðan aðgang að málsskjölunum í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 og undirritaði fræðimaðurinn eiðstaf þar sem tilgreindar eru skyldur fræðimannsins um meðferð trúnaðarskjala. Eftir að hann fjallaði um málið á opinberum vettvangi var það rætt á Alþingi þar sem eftirfarandi þingsályktunartillaga var samþykkt 3. júní s.l.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns Persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórn málafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálstan aðgang fræðimanna að þeim.“

Forsætisráðherra skipaði nefnd þá sem þingsályktunartillagan vísar að og hefur hún hafið störf og skal ljúka þeim í árslok. Meðan óvissu hefur ekki verið eytt um aðgang að þessum skjölum telur Þjóðskjalasafn Íslands rétt og skylt að bíða niðurstöðu ofangreindrar nefndar og ákvörðunar Alþingis. Meðan sú staða er uppi hefur safnið ákveðið að veita ekki aðgang að þessum gögnum.

Óskir um að skjölin verði gerð almennt aðgengileg bást safninu og var ítarleg grein gerð fyrir því í svörum safnsins að slíkt væri ekki unnt. Vega þar þungt reglur um persónuvernd, þar sem ekki má greina frá upplýsingum um málsaðila. Einn aðili kærði þessa málsmeðferð Þjóðskjalasafns til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bíður safnið niðurstöðu hennar. Bent skal á að Alþingi ályktaði einungis um aðgang fræðimanna að opinberum trúnaðargögnum en gerði ekki ráð fyrir almennum aðgangi að skjölunum.

Ein ósk barst frá fræðimanni sem jafnframt er málsaðili. Var honum með tilvísun til framangreindra raka synjað um aðgang um stundarsakir. Fræðimaðurinn óskaði ekki sérstaklega eftir að fá að sjá skjöl sem lúta eingöngu að honum persónulega.

Ofangreindar röksemdir hafa komið fram í svarbréfum til allra umsækjanda sem bíða aðgangs.

Á það skal bent sérstaklega að í öllum tilvikum er um að ræða beiðni um aðgang sem er hafnað eins og sakir standa. Endurskoðun þeirrar afstöðu bíður þess að fjallað hafi verið um málið á vegum nefndar þeirrar sem forsætisráðherra hefur skipað samkvæmt tillögu Alþingis og niðurstöður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál liggja fyrir.

Jafnframt skal á það bent að í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands eru ákvæði þess efnis í 9. grein að menntamálaráðherra setji reglur um aðgang að trúnaðarskjölum sem upplýsingalög ná ekki til og eru þær reglur í vinnslu í ráðuneytinu.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur þeim skyldum að gegna samkvæmt lögum um safnið nr. 66/1985 að varðveita skjöl og önnur gögn sem safninu er trúað fyrir með þeim hætti að opinberir hagsmunir sem og hagsmunir einstaklinga sem hlut eiga að máli séu eins vel tryggðir og frekast er unnt. Það verður aðeins gert með því að setja takmarkandi reglur um aðgang að skjölum og öðrum gögnum í vörslu safnsins þar sem það á við lögum samkvæmt. Slíkar reglur liggja fyrir um stærstan hluta gagna í vörslu safnsins önnur en þau gögn sem hér er fjallað um.

Hér má bæta við að í nefndarálitinu allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp það sem síðar varð að upplýsingalögum kemur fram að talið hefði verið eðlilegra að lög um meðferð opinberra mála hafi að geyma sérreglur í þessu sambandi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri endurskoðun, sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefði boðað á þeim lögum, bæri að hraða og við þá endurskoðun yrði að huga sérstaklega að upplýsingarétti á því sviði.

Þjóðskjalasafn Íslands telur að safnið geti ekki gegnt hlutverki sínu og skyldum varðandi margumrædd gögn, varðveislu þeirra og aðgang að þeim fyrr en reglur hafa verið settar um það efni að lögum.

Öryggismálasafn

Eins og áður kom fram var skipuð nefnd sumarið 2006 til að fjalla um aðgang að skjalasöfnum sem geyma upplýsingar varðandi öryggismál ríkisins. Í nefndina voru skipuð Páll Hreinsson, stjórnarformaður Persónuverndar, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Anna Agnarsdóttir, forseti Sögufélags og prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis, Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Ómar H. Kristmundsson, formaður stjórn málafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Skyldi nefndin gera tillögur um aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila á Íslandi. Ljóst var að nefndin þyrfti að kanna hvaða aðilar hefðu slík gögn og gera könnun á eðli þeirra áður en hún gæti skilað tillögum um tilhögun á aðgangi fræðimanna að gögnunum. Setja þurfti sérstök lög til að gera nefndinni kleift að sinna starfi sínu, nánar tiltekið lög nr. 127/2006, sem kváðu á um rétt nefndarinnar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál og um frjálstan aðgang nefndarinnar að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta öryggismál Íslands. Nefndin kannaði á grundvelli áðurnefndra nýsettra laga hvaða stofnanir hefðu í sinni vörslu gögn sem hefðu að geyma upplýsingar er snertu öryggismál Íslands á árunum 1945 til 1991.

Niðurstaðan af starfi nefndarinnar varð sú að frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1985, um þjóðskjalasafn Íslands var lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi, 2006–2007. Kvað frumvarpið á um að sérstakt safn, öryggismálasafn, skuli hafa í þjóðskjalasafni, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslu skilaskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Ennfremur var kveðið á um aðgang að safninu o.s.frv. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 27. mars 2007, sem lög nr. 36/2007 um breytingu á lögum nr. 66/1985 um þjóðskjalasafn Íslands (sjá 17.–22. gr.).

Þjóðskjalasafn gat nú afgreitt umsóknir um aðgang að skjölum varðandi öryggismál í krafti áðurnefndrar breytingar á lögum um safnið. Safnið samþykkti m.a. ósk Kjartan Ólafssonar um aðgang að tilteknum gögnum, sem hann lagði aftur fram í byrjun september 2007, og nú með vísan til 18. og 19. grein laga nr. 66/1985 um þjóðskjalasafn Íslands. Um var að ræða skjöl í öryggismálasafni þjóðskjalasafns með tiltekin skráningarnúmer, sem höfðu verið afhent safninu frá Héraðsdómi Reykjavíkur og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Kjartan óskaði eftir, að uppfylltum lögboðnum skilyrðum, að honum yrði gefinn kostur á að sjá nöfn þeirra sem hlerað var hjá á umræddu tímabili. Félst þjóðskjalasafn á beiðni hans með tilteknum skilyrðum, eins og ákvæði laga gera ráð fyrir.

Afgreiðsla á þjóðskjalasafni og svör við erindum var fyrirferðarmikill þáttur í starfi sérfræðinga á þjóðskjalasafni í kjölfar símahleranamálsins, enda vakti umræðan um símahleranamálið og gögn um öryggi ríkisins athygli leikra og lærðra á skjölum um málið. Fjöldi fyrirspurna var formlega afgreiddur á safninu vegna þessa eða alls í kringum 45 beiðnir sem vörðu aðgang fræðimanna, fréttamanna og almennings að skjölum um símahleranir á tímabilinu 1949–1968. Hér var um að ræða skjöl í skjalasöfnum Héraðsdóms Reykjavíkur og dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem eru í vörslu þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalasafn sendi út fyrirspurnir til þeirra einstaklinga sem hleranamálið snerti til að fá vitneskju um vilja þeirra varðandi opinbera birtingu gagna sem snertu símahleranir. Þessar fyrirspurnir voru sendar út í samræmi við 5. mgr. 18. gr. laga nr. 66/1985. Þar er kveðið á um að þjóðskjalasafn skuli hafa samband við þá sem koma við sögu skjala í öryggismálasafni eða vandananna þeirra í þeim tilgangi að kanna hvort þeir veiti samþykki sitt fyrir því að upplýsingar um þá verði birtar opinberlega. Útbúin var málaskrá yfir þá 32 einstaklinga sem komu við sögu Öryggismálasafnsins og einnig yfir þá einstaklinga sem senda þurfti bréf. Samtals urðu bréfin 74 og voru 62 þeirra send skömmu fyrir áramótin 2007. Hin 14 biðu afgreiðslu fram til ársins 2008, þar sem viðtakendur voru ýmist búsettir erlendis eða látnir. Í byrjun árs 2008 höfðu 70 bréf verið send og var þá ljóst að ekki væri unnt að senda síðustu fjögur bréfin. Á árinu 2008 bárust safninu 36 svarbréf og veittu allir þeir aðilar fyrir sína hönd heimild til opinberrar birtingar.

Breiðavíkurmálið

Vitnisburður manna um slæma lífsreynslu og aðbúnað á Breiðavíkurheimilinu, um og upp úr miðri síðustu öld, skapaði mikla umræðu og uppgjör í íslensku samfélagi á árinu 2007. Stjórnvöld skipuðu nefnd til að rannsaka málið, m.a. með það í huga að greiddar yrðu skaðabætur til þeirra sem dvöldust í Breiðavík forðum og ættu um sárt að binda þess vegna æ síðan.

Breiðavíkurmálið var fyrirferðarmikill þáttur í starfi þjóðskjalasafns árin 2007 til 2008. Á árinu 2007 afgreiddi safnið beiðnir starfsmanns félagsmálaráðuneytisins um upplýsingar varðandi starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1950–1980. Afgreitt var úr þeim ýmsu skjalasöfnum í vörslu þjóðskjalasafns sem snerta mál Breiðavíkurheimilisins og annarra aðila sem ástæða þótti til að kanna jafnframt. Einnig leitaði fjöldi einstaklinga til þjóðskjalasafns eftir að málið komst í hámmæli. Árið 2007 bárust 25 erindi frá einstaklingum er dvalið höfðu um lengri eða skemmri tíma á ýmsum upptökuheimilum þó aðallega Breiðavík. Ekki var unnt að verða við beiðnum allra um upplýsingar þar sem

þær er ekki að finna í gögnum í vörslu Þjóðskjalasafnsins, enda sýndi sig þegar á reyndi að öllum gögnum tengdum Breiðavíkurheimilinu hefur ekki verið skilað á Þjóðskjalasafn.

Alþingi skipaði nefnd til að fara yfir mál þeirra sem dvalið höfðu á Breiðavík og starfaði hún á grundvelli laga nr. 26/2007. Nefndin skilaði skýrslu um Breiðavíkurheimilið í febrúar 2008. Í kjölfarið fól forsætisráðuneytið nefndinni að kanna starfsemi annarra sambærilegra heimila, þ.e. vist- og meðferðarheimila í fortíðinni. Starf nefndarinnar kallaði á þjónustu Þjóðskjalasafns og sendi nefndin safninu bréf þess efnis, dags. 26. maí 2008, þar sem óskað var eftir upplýsingum um skjöl í fórum safnsins. Fór nefndin fram á við Þjóðskjalasafn Íslands að fá aðgang að skjölum í vörslu safnsins sem varða starfsemi níu vist- og meðferðarheimila og hvernig opinberu eftirliti með þeim var háttað á tímabilinu 1944–2001. Jafnframt óskaði nefndin eftir öllum gögnum sem varpað gætu ljósi á tildrög þess að börn voru vistuð á umræddum stofnunum og hvort þau hefðu sætt illri meðferð meðan á dvölinni stóð. Fer nefndin fram á að umrædd skjöl yrðu henni fyllilega aðgengileg eigi síðar en 1. mars 2009.

Ljóst var, bæði vegna umfangs þessarar beiðnar og í ljósi fenginnar reynslu safnsins af afgangi skjala til nefndarinnar vegna könnunnar á starfsemi vistheimilisins í Breiðavík, að Þjóðskjalasafn þyrfti að bera töluverðan viðbótarkostnað vegna vinnu við gagnaöflun umfram eðlilega þjónustuskyldu safnsins. Var gert ráð fyrir að kostnaður Þjóðskjalasafns vegna verkefnisins fram til 1. mars 2009 yrði í kringum þrjár milljónir.

Um er að ræða viðamikil mál fyrir Þjóðskjalasafn, enda felst þríþætt verkefni í því að verða við beiðni nefndarinnar. Í fyrsta lagi þarf að skrá nokkur skjalasöfn til að gera þau aðgengileg, nánar tiltekið skjalasöfn Barnaverndarráðs, Heimavistarskólans á Jaðri og Upp-


tökuheimilis ríkisins (og Elliðahvammis). Í öðru lagi þarf að leita að og afmarka skjöl er varða vist- og meðferðarheimili sem m.a. kunna að vera í skjalasöfnum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, Ríkisbókhalds, Ríkisendurskoðunar og Ríkisspítalanna. Í þriðja lagi þarf að leita eftir einstökum málum einstaklinga, svo sem í skjalasöfnum lögregluembætta, sýslumanna og héraðsdómstóla.

Þjóðskjalasafn ritaði forsætisráðuneyti og óskaði, í bréfi dagsettu 3. júní 2008, eftir því að ráðuneytið hlutaðist til um að safninu yrði greiddur þessi kostnaður. Þar var ráðuneytinu gerð grein fyrir hinu þríþætta verkefni og kostnaði sem safnið stóð frammi fyrir vegna væntanlegrar gagnaöflunar fyrir nefnd um vist- og meðferðarheimili. Engin svör bárust frá forsætisráðuneytinu og ítrekaði Þjóðskjalasafn erindi sitt í byrjun desember, en erindinu var enn ósvarað í árslok 2008.

Vegna skorts á fjármagni og mannafla, til að sinna skráningu og afgangi vegna Breiðavíkurmálsins og hliðstæðra mála, gat Þjóðskjalasafn því ekki sinnt öllum þáttum í gagnaöflun fyrir nefnd um vist- og meðferðarheimili á árinu 2008. Safnið einbeitti sér því að þriðja þætti verkefnisins, þ.e. að svara fyrirspurnum einstaklinga sem óskuðu eftir að fá upplýsingar um sig, í kjölfar starfa nefndarinnar. Voru slíkar fyrirspurnir einstaklinga til Þjóðskjalasafns orðnar 30 á síðari hluta ársins 2008, auk þess sem starfsmenn nefndarinnar hafa reglulega óskað eftir upplýsingum og fengið að skoða tiltekin skjöl. Því miður varð reyndin sú að ekki var hægt að svara fyrirspurnum flestra einstaklinga með fullnægjandi hætti, þar sem skráningu viðkomandi skjalasafna er mjög ábótavant, en ítarleg skrá yfir skjöl þessu tengd er grundvallarforsenda þess að hægt sé að svara fyrirspurnum einstaklinga til fulls.



Þjónusta



Þjónusta við stofnanir, almenning og fræðimenn

Afgreiðsla fyrirspurna

Mikilvægur þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafnsins er að svara fyrirspurnum sem safninu berast, frá almenningi, fyrirtækjum og fræðimönnum. Fjöldi fyrirspurna berst safninu og afgreiða sérfræðingar safnsins þær eftir aðstæðum, ýmist skriflega, símleiðis eða beint til fyrirspyrjanda. Fyrirspurnir til safnsins eru að meðaltali í kringum eitt þúsund á ári.

Heildarfjöldi skráðra fyrirspurna til Þjóðskjalasafns árið 2006 var 869 fyrirspurnir, árið 2007 bárust safninu alls 1111 fyrirspurnir og 979 árið 2008. Þess utan eru mörg smávægileg erindi afgreidd á lestrarsal, í símtölum eða með tölvupósti.

Aðgangur að skjölum í Þjóðskjalasafni

Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, Upplýsingalög nr. 50/1996 og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem Þjóðskjalasafn varðveitir. Þjóðskjalasafn varðveitir skjalasafn þjóðarinnar og það er henni opið með þeirri undantekningu þó að sum skjöl eru ævinlega lokað öðrum en þeim sem skjölin varða. Aðrir geta sótt sérstaklega um aðgang og fáist heimild er hún háð skilyrðum.

Lestrarsalur

Lestrarsalur Þjóðskjalasafns er opinn alla virka daga. Fjöldi gesta er breytilegur frá degi til dags, en salinn sækja einkum þeir sem leggja stund á ættfræði, háskólanemar, fræðimenn og annað áhugafólk um sögu landsins. Skráðar heimsóknir á ári eru að jafnaði í kringum fimm þúsund.

Safnið jók þjónustu sína við notendur lestrarsalsins þegar leitarbær dómabókagrunnur var opnaður 22. ágúst 2008 og er nú aðgengilegur í tölvu á lestrarsal safnsins. Önnur útgáfa og birting á árunum 2006 til 2008 í tengslum við lestrarsalinn felst í gerð skjalaskránnar sem þar liggja frammi fyrir gesti.

Heimsóknir á Þjóðskjalasafni

Einn þáttur í starfsemi Þjóðskjalasafns er að taka á móti hópum eða einstaklingum sem óska eftir að heimsækja safnið og kynna sér starfsemi þess. Þessu tengist gjarnan að sérfræðingar safnsins setja upp sýningar á skjölum, bæði til að varpa ljósi á brot af þeim heimildum sem safnið geymir og sýna ýmis merk skjöl. Uppsetning slíkra sýninga hefur einkum verið í höndum Bjarkar Ingimundardóttur.

Árin 2006 til 2008 sóttu nemendur hinna ýmsu skóla safnið heim, nánar tiltekið nemendur frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Ferðamálastólum Íslands og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Skjalaverðir frá



Viðskiptavinir bóksölu Sögufélags á skjaladegi í Þjóðskjalasafni 8. nóvember 2008.

Björgvin í Noregi heimsóttu safnið haustið 2007 og hið sama gerði Jógvan á Lækjuni, menntamálaráðherra Færeyja, ásamt fylgdarliði þann 29. nóvember 2007, en hann var þá staddur á Íslandi í opinberri heimsókn.

Opið hús – Norrænn skjaladagur

Norrænn skjaladagur er haldinn á hausti hverju og hefur Þjóðskjalasafn og ýmis héraðsskjalasöfn opið hús í tilefni dagsins þar sem boðið er upp á dagskrá af ýmsu tagi og sýningar á skjölum. Nefnd um norrænan skjaladag hefur frumkvæði að framkvæmd skjaladagsins og ákveður þema dagsins hverju sinni. Í nefndinni eru Eiríkur G. Guðmundsson, Benedikt Jónsson og Jón Torfason á Þjóðskjalasafni Íslands og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður, Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

Ýmsu efni er miðlað á vefsíðu skjaladagsins á slóðinni: <http://www.skjaladagur.is/>. Tengill er á vef skjaladagsins á vefsíðu Þjóðskjalasafns. Um gerð og uppfærslu skjaladagsvefsins sér Benedikt Jónsson á Þjóðskjalasafni.

Norrænn skjaladagur 2006

Norræni skjaladagurinn var haldinn 11. nóvember 2006. Þema dagsins var að þessu sinni helgað samgöngum á Íslandi í víðasta skilningi. Opnuð var sýning í lestrarsal Þjóðskjalasafns í tilefni dagsins þar sem sýnd voru skjöl um stofnun Símans og stóð sýningin fram yfir áramót.

Norrænn skjaladagur 2007

Norræni skjaladagurinn var haldinn 10. nóvember 2007. Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn sameinuðust um dagskrá í húsakynnum Þjóðskjalasafns að Laugavegi 162. Þar var boðið upp á sex stutta fyrir-



Sagnfræðinemar í kynnisferð í Þjóðskjalasafn.



Oddur Helgason (t.h.) fræðir gest um leyndardóma ættfræðinnar á skjaladegi 10. nóvember 2007.



Úr ljósmyndastofu Þjóðskjalasafns.



Áhugasamir sitja fyrirlestur um ættfræðheimildir á skjaladegi 8. nóvember 2008.



Tilkynningarskilti um norrænan skjaladag í Þjóðskjalasafni.



Boðskort á dagskrá í Þjóðskjalasafni á norrænum skjaladegi árið 2008.

lestra á tímabilinu 11:00 til 15:00, skoðunarferðir í skjalageymslur Þjóðskjalasafns, getraunir fyrir börn og fullorðna, kynningu á starfsemi beggja safnanna, sýningu á persónuheimildum frá báðum söfnunum, margmiðlunarsýningu á manntalinu 1703. Auk þess kynntu Sögufélagið, Ættfræðifélagið og Ættfræðipjónustan ORG starfsemi sína

Að þessu sinni var þema dagsins „Mannlíf í skjölum“ og var vefur skjaladagsins helgaður því.

Norrænn skjaladagur 2008

Norræni skjaladagurinn 2008 var haldinn 8. nóvember 2008. Að þessu sinni var þema dagsins „gleymdir atburðir“. Að baki bjó sú hugsun að rifja upp ýmsa atburði í sögu þjóðarinnar sem hafa fallið í gleymsku.

Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn Reykjavíkur voru með sameiginlega dagskrá í Þjóðskjalasafni. Þar voru flutt fjögur erindi, boðið upp á getraunir, veitingar og skoðunarferðir í skjalageymslur auk þess sem söfnin kynntu starfsemi sína. Ennfremur voru sýningar á skjölum og margmiðlunarefni. Alls rituðu 167 manns nöfn sín í gestabók Þjóðskjalasafns þennan dag. Tólf skjalasöfn lögðu til efni á skjaladagsvefinn. Gefið var út kort til kynningar á skjaladeginum og þeirri dagskrá sem fram fór í Þjóðskjalasafni. Á vef skjaladagsins voru kynntir 24 atburðir sem skjalasöfnunum þótti ástæða til að draga fram í dagsljósið.

Námskeið um ættfræðiheimildir

Þjóðskjalasafn stóð fyrir námskeiði um ættfræðiheimildir, að ósk Ættfræðingafélagsins. Námskeiðið var haldið dagana 8., 13., og 20. nóvember 2008. Umsjón með námskeiðinu höfðu Björk Ingimundardóttir, Kristjana Kristinsdóttir og Jón Torfason. Þátttaka var góð og sóttu á milli 10 og 20 manns námskeiðið á þessum dögum.



Björk Ingimundardóttir (t.h.) sýnir gestum skjalageymslur Þjóðskjalasafns á skjaladegi árið 2007.

Útgáfa og miðlun

IVNYT
3 + 2007

lands Nationalarkiv
ter 125 ár

tvíelse af nyt
ogasti til
hverys

por
tter os

Jubiler
kring

Tvá g
Wetterling

Arkiv
Dan
adm

St

ARK

no
AR

Digitallisa
arkivverk
Alternativ
i Riksarkiv



Nedgang i
torskefangst,
opgang for arkiverne

208

213

Prentað efni

Skýrsla um starfsemi

Þjóðskjalasafns Íslands árin 1985–2005

Í árslok 2008 kom út skýrsla um starfsemi þjóðskjalasafns árin 1985–2005. Þar er fjallað um helstu atriði í starfi safnsins á þessum tíma, um hlutverk þess og markmið og helstu verkefni. Skýrslan inniheldur einnig upplýsingar um húsnæðismál og rekstur safnsins og þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi skjalasafna og á ýmsum sérfræðilegum vettvangi nútímaskjalavörslu. Unnur Birna Karlsdóttir tók skýrsluna saman en ritstjóri var Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður. Benedikt Jónsson bjó til útgáfu.



Útgáfa tímarits norrænna skjalasafna

– Nordisk Arkivnyt

Tímaritið *Nordisk Arkivnyt* er gefið út af þjóð- og ríkisskjalasöfnunum á Norðurlöndum. Út koma fjögur tölublöð á ári, með greinum um málefni skjalasafnanna og ýmsar fréttir aðrar tengdar skjalasöfnum, rannsóknum og skjalfræði. Þjóðskjalasafn sér um útgáfu tímaritsins árin 2005–2009. Aðalritstjóri er Eiríkur G. Guðmundsson, sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs þjóðskjalasafns Íslands, en auk þess vinna sérstakir svæðisritstjórar að blaðinu í hverju landi fyrir sig.



Vefur *Nordisk Arkivnyt* var gerður árið 2006. Um hönnun og forritun sá Benedikt Jónsson á Þjóðskjalasafni Íslands. Vefurinn var formlega tekinn í notkun af Johan Peter Noack, ríkisskjalaverði Danmerkur, á norrænum skjaladögum í Uppsölum í Svíþjóð 24. ágúst 2006. Vefnum er ætlað að kynna tímaritið á vefnum og búa því þar samastað. Þar má finna upplýsingar fyrir þá sem hyggjast skrifa greinar til birtingar í tímaritinu ásamt upplýsingum um áskrift og ritstjórn. Útgáfa hvers tölublaðs er kynnt og þar má finna forsiður og baksíður allra útgefna tölublaða frá árinu 2000. Á baksíðu hvers tölublaðs er efnisyfirlit og þannig má sjá efni allra tölublaða sem hafa verið gefin út á þessu tímabili. Ennfremur er þar yfirlit um efni fyrstu tuttugu árganga tímaritsins, er komu út á tímabilinu 1956–1975, sem tekið var saman af dönsku ritstjórn *Nordisk Arkivnyt* og gefið út í Kaupmannahöfn árið 1977.

Samtímis því sem vefurinn var opnaður á norrænu skjaladögnum í Uppsölum kom út blað helgað 50 ára afmæli tímaritsins. Því var dreift á þinginu.

Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna

Haustið 2008 lét þjóðskjalasafn safna upplýsingum um starfsemi héraðsskjalasafna. Gerð var athugun á húsnæðismálum safnanna, starfsemi þeirra almennt, rekstri og starfsmannahaldi, skjalaskráningu, samskiptum við skilaskyldar stofnanir, einstaklinga og félög og þjónustu og samskiptum við önnur söfn. Markmið úttektarinnar var að fá heildarmynd af stöðu mála hjá héraðsskjalasöfnum landsins í þeim tilgangi að varpa ljósi á stöðu þeirra almennt, draga fram hver væru brýnustu verkefni og úrlausnarefni og marka stefnu til framtíðar. Niðurstöður birtust í skýrslu haustið 2008 sem ber titilinn *Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð. Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna haustið 2008*. Úttektin var unnin af Þorsteini Tryggva Mássyni sagnfræðingi og skjalaverði og hann er jafnframt höfundur skýrslunnar. Skýrslunni var dreift til héraðsskjalasafna og sveitarstjórna, en er að auki fánleg hjá Þjóðskjalasafni.



Frímerki í tilefni af

125 ára afmæli Þjóðskjalasafns

Íslandspóstur gaf út frímerki í tilefni af 125 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands og kom það út 20. apríl 2007. Um hönnun sá Örn Smári Gíslason, grafískur hönnuður.



Mannsmýndin á frímerkinu er eftirmynd úr skjalabók Hólastóls frá 1425–35, elstu bréfabók sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni, en þar er mynd dregin á fyrstu blaðsíðu af manni með hatt á höfði. Innan andlitsmyndarinnar á frímerkinu er birtur texti úr elsta skjali sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni, Reykholtsmáldaga frá síðari hluta 12. aldar. Á meginfleti frímerkisins er nafn þjóðskjalasafnsins ritað með stafrænum hætti eins og gert er í tölvutækum miðlum. Þannig fléttast saman í frímerkinu ólíkir tímar um leið og það er táknrænt fyrir myndun skjala allt frá dögum skinnbóka og bréfa til varðveislu tölvugagna nútímans.

Miðlun

Skjalaskrár á vef Þjóðskjalasafns

Á árunum 2006–2008 var fleiri skjalaskrár bætt í skráarsafnið á vefsíðu Þjóðskjalasafnsins. Þar eru nú aðgengilegar skrár yfir hin ýmsu skjalasöfn, bæði opinberra stofnanna og einkaskjalasöfn.

Máldagar Ólafs biskups

Í mars 2006 birti Þjóðskjalasafnið á vefsíðu myndir af *Máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi* í tilefni af níu hundruð ára afmæli Hólastóls á því ári. Ólafur Rögnvaldsson var norskur að ætterni, sonur Rögnvalds Kenikssonar riddara. Hann varð biskup á Hólum í Hjaltadal árið 1459 og hélt því embætti til dauðadags, 1495. Skinnbókin sem sýnd er á myndum á vefsíðu Þjóðskjalasafns er frumrit máldagabókar Ólafs Rögnvaldssonar (Bps.B.II.3). Elsta ártal í bókinni er 1461 og hið síðasta 1510. Ýmsir máldagar í bókinni eru þó eldri að stofni til en frá dögum Ólafs biskups. Ljóst þykir að eitthvað hafi glatast úr bókinni, en óvíst hversu mikið.



Skólavefur Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn hefur sett sér það markmið að koma til móts við þarfir skóla, nemenda og kennara. Birting skjala á netinu, nánar tiltekið á *Skólavef Þjóðskjalasafns*, til notkunar við kennslu í skólum er ein leið til þess (sjá vefsíðu safnsins: „Skólavefur“).

Vinna við skólavefinn hófst með því að leitað var samstarfs við Fjölbautaskólann við Ármúla um gerð kennsluefnis fyrir íslensku og sögu í framhaldsskólum. Þróunarsjóður framhaldsskóla styrkti verkefnið. Á vefnum eru birtar myndir af skjölum sem tengjast sögulegum atburðum, tímabilum eða persónum. Texti skjalanna er uppskrifaður og torskilin orð eru skýrð. Tilurð skjalanna er rakin lítillaga, svo og baksvið atburða og vísað er á frekari heimildir. Hverju skjali fylgja verkefni sem kennarar geta lagt fyrir nemendur sína.

Á árinu 2007 var bætt við verkefni um baksvið skáldsögunnar *Sjálfstætt fólk*. Verkefnið var unnið í samvinnu við íslenskukennara í Kvennaskólanum í Reykjavík, þær Elínborgu Ragnarsdóttur, Ingibjörgu Axelsdóttur og Ragnheiði Heiðreksdóttur.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns

– manntalsgrunnur

Haustið 2007 ákvað ríkisstjórn Íslands aðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum vegna samdráttar aflaheimilda. Þjóðskjalasafn Íslands fékk þá fé til þess að skapa störf við að búa til stafrænar útgáfur mann-



Skrifað undir samning um skráningu manntalsgagna. F.v.: Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður á Sauðárkróki og Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs Þjóðskjalasafns.



Þátttakendur frá Vestmannaeyjum á námskeiði um skráningu manntalsgagna. F.v. Birna Kristín Þórhallsdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir, Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir, Benedikt Jónsson sérfræðingur á Þjóðskjalasafni, Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður í Vestmannaeyjum, Sif Gylfadóttir, Særún Ágústsdóttir og Lasse Sonne verkefnisstjóri hjá Nordiskt centrum för kulturavspedagogik, sem fylgist með manntalskráningarverkefninu.



Starfsfólk frá Egilsstöðum og Sauðárkróki á námskeiði um manntalskráningu á Þjóðskjalasafni. F.v. Nicole Zelle frá Egilsstöðum, Árni Magnússon frá Egilsstöðum, Ragna Hansen frá Sauðárkróki, Hrafnkell Lárusson héraðsskjalavörður á Egilsstöðum, Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður á Sauðárkróki og Sigurdríf Jónatansdóttir frá Sauðárkróki.



Benedikt Jónsson (t.h.) leiðbeinir Særúnu Ágústsdóttur um manntalskráningu.

tala og gera þau aðgengileg á vefnum. Það hefur lengi verið eitt helsta forgangsverkefni Þjóðskjalasafns á sviði rafrænnar miðlunar að tölvusetja íslensk manntöl og veita aðgang að þeim á netinu. Stafræn gerð manntala á vefnum verður byltingarkennd breyting á aðgengi að þessum mikilvægu heimildum og mun skapa nýjar forsendur til margvíslegra rannsókna á sögu þjóðarinnar.

Manntalsverkefnið felst í að búa til rafræn afrit af manntölum frá árunum 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910 og 1920. Áður höfðu tvö manntöl verið birt á vef Þjóðskjalasafns, þ.e. manntölin 1703 og 1835.

Manntölin eru skráð í miðlægan gagnagrunn á fjór-um stöðum á landinu, í Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja, í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egilsstöðum, í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á Sauðárkróki og hjá Forsvari ehf. á Hvammstanga sem hefur eitt manntalanna til vinnslu. Í árslok 2008 störfuðu 16 manns við verkefnið.

Yfirumsjón með manntalsverkefninu hefur Eiríkur G. Guðmundsson á Þjóðskjalasafni og umsjón með gerð manntalsvefsins hefur Benedikt Jónsson á Þjóðskjalasafni. Aðrir starfsmenn Þjóðskjalasafns sem að vinna við verkefnið eru Brjánn Fransson, Jóna Erlendsdóttir, Þorsteinn Sigurðsson og Helga Gísladóttir.

Starfsmenn verkefnisins á landsbyggðinni eru þau Hrafnkell Lárusson héraðsskjalavörður (verkefnisstjóri),

Árni Magnússon, Nicole Zelle á Egilstöðum og Elín R. Líndal (verkefnisstjóri), Árnís A. Jónsdóttir, Guðmundur Helgason, Karl Sigurgeirsson og Róberta Gunnþórsdóttir á Hvammstanga. Á Sauðárkróki störfuðu að verkinu þau Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður (verkefnisstjóri), Guðný Jóna Guðmarsdóttir (sem fór svo yfir í skjalaskráningarverkefnið), Jóhanna María Sturludóttir, Ragna Hansen, Sigurdríf Jónatansdóttir og Steinunn K. Hlöðversdóttir (fór síðan yfir í skjalaskráningarverkefnið). Í Vestmannaeyjum er Jóna Björg Guðmundsdóttir, héraðsskjalavörður, verkefnisstjóri, og aðrir starfsmenn eru þær Aldís Atladóttir, Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir, Birna Kristín Þórhallsdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir, Sif Gylfadóttir og Særún Ágústsdóttir.

Manntalsverkefninu var hrint af stað með skipulagsvinnu og forritun gagnagrunna haustið 2007 en vinna við að slá inn texta manntalanna í gagnagrunn hófst í febrúar 2008. Þá hafði verið ráðið til verksins og námskeið verið haldin til að þjálfa starfsmenn, sem fæstir höfðu reynslu af slíkri vinnu. Stóð Þjóðskjalasafn fyrir námskeiði í innslætti manntala fyrir starfsfólk verkefnisins snemma árs 2008.

- Dagana 5. – 7. febrúar 2008 var haldið námskeið fyrir nýja starfsmenn Héraðsskjalasafns Vestmanneyja. Þar var þeim kennt verklagið við innslátt manntala í manntalsgrunninn. Fyrsta manntalið sem slegið var inn í Vestmannaeyjum var manntalið 1870.
- Dagana 28. – 29. febrúar 2008 sátu samskonar námskeið nýráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki og Héraðsskjalasafns Austfirðinga á Egilsstöðum, ásamt héraðsskjalavörðum þessara safna. Fyrsta verkefni þessa starfsfólks var að slá inn manntalið frá 1855 eftir frumriti.




Frá undirritun samnings við Vestmannaeyjabæ um skráningu manntalsgagna. F.v.: Rut Haraldsdóttir fjármálastjóri, Elliði Vignisson bæjarstjóri og Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

Um 40 % verksins var lokið í árslok 2008 og stefnt að fjölgun starfsmanna á árinu 2009. Áætlanir gera ráð fyrir að verklok náist á árinu 2009. Þó er líklegt að vinna við manntalið 1910 dragist fram á árið 2010 en það er slegið inn eftir frumriti og er það seinlegt. Manntölin 1855 og 1901 eru einnig slegin inn eftir frumritum en önnur manntöl eftir vélrituðum afritum.

Manntalið 1870 var sett á vef þjóðskjalasafns Íslands í stafrænni gerð í júní 2008. Það var unnið í Vestmannaeyjum og er birt fyrst af þeim tíu manntölum sem manntalsverkefnið tekur til. Stefnt er að opnun á nýjum manntalsvef haustið 2009 og er þá áætlað að sex manntöl í þessu átaksverkefni verði tilbúin til birtingar.


Fjöldi innsleginna einstaklinga í manntalsgrunn Þjóðskjalasafns í lok hvers mánaðar árið 2008



Aðsókn að vef Þjóðskjalasafns



	Flettingar	Innlit	Notendur
2006	136.264	27.061	22.120
2007	103.129	20.078	16.995
2008	113.199	25.381	20.311



	Íslenska	Saga	Alls
2006	7.367	5.438	12.805
2007	6.074	4.591	10.665
2008	5.517	4.295	9.812

Héraðsskjalasöfn



Fundir héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns

Héraðsskjalasöfn og Þjóðskjalasafn hafa haldið fund um skjalavörslu og starfsemi sína á hverju ári undanfarin ár.

Árið 2006

Fundur héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns var haldinn í Þjóðskjalasafni dagana 13. og 14. nóvember 2006. Fundarstaður fyrri daginn var Þjóðskjalasafnið en Héraðsskjalasafnið í Kópavogi síðari daginn. Meginefni fundarins var skjalaskráning og málalyklar sveitarfélaga og með hvaða hætti megi efla héraðsskjalasöfnin.

Árið 2007

Fundur héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns fór fram í Þjóðskjalasafni dagana 22. og 23. nóvember 2007. Á þessu ári voru liðin 60 ár frá stofnun fyrsta héraðsskjalasafnsins. Af því tilefni var rætt m.a. um markmið safnanna og leiðir, miðað við breyttar forsendur í kjölfar nýrra stjórnisýslulaga og með breyttri skipan sveitarfélaga. Á fundinum fór einnig fram kynning á samstarfsverkefnum Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna sem liður í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn áhrifum niðurskurðar á þorskvóta, kynning á tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns og ríkisskattstjóra um rafræna skjalavörslu, umræður um einkaskjalasöfn og sitthvað fleira.

Árið 2008

Fundur Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna var haldinn í Stykkishólmi 15. september 2008. Meginefni fundarins var héraðsskjalasöfn á Íslandi í nútíð og framtíð. Þorsteinn Tryggvi Másson skjalavörður kynnti niðurstöður skýrslunnar *Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð*, sem hann hafði unnið að haustið 2008.




Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður í ræðustól.



Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður í Kópavogi flytur mál sitt.

Alþjóðlegt samstarf



Ráðstefnur, málþing og námskeið

Þjóðskjalasafn er þátttakandi í alþjóðlegu og norrænu samstarfi. Þjóðskjalavörður, skjalaverðir og aðrir sérfræðingar Þjóðskjalasafns sækja fundi, málþing og ráðstefnur ár hvert á norrænum eða alþjóðlegum vettvangi. Felst þátttaka Þjóðskjalasafns í ýmsu samstarfi í nefndum, verkefnum og vinnuhópum auk þess sem sérfræðingar safnsins halda fyrirlestra um mál efni skjalasafna og skjalavörslu á Íslandi og kynna verkefni og starfsemi Þjóðskjalasafnsins í útlöndum. Helstu viðburðir á vettvangi erlends samstarfs árin 2006–2008 voru:

Árið 2006

Námstefna norrænna sérfræðinga á sviði rafrænnar skjalavörslu var haldin í boði Þjóðskjalasafns á Skógum undir Eyjafjöllum dagana 24.–26. apríl árið 2006. Umræðuefnið var aðgengi að rafrænum skjalasöfnum og þau aðferðafræðilegu og tæknilegu vandamál og spurningar sem því tengjast. Þátttakendur komu frá Þjóðskjalasafni Íslands og skjalasöfnum á Norðurlöndum.

Þann 14. maí 2006 sóttu Kristjana Kristinsdóttir og Pétur G. Kristjánsson ráðstefnu í Kaupmannahöfn um rafræna gagnagrunna og stjórnsýslusögu.

Þann 21.–27. ágúst 2006 var þing norrænna skjalavörða haldið í Uppsölum í Svíþjóð. Efni þingsins var margþætt, m.a. var fjallað um notkun og birtingu sög-

unnar, um samband skjalasafna við umheiminn og um öryggi skjalasafna og þær hættur sem staðið er frammi fyrir á þeim vettvangi, t.d. hvað varðar skemmdir eða stuld á gögnum. Frá Þjóðskjalasafni fóru Ólafur Ásgeirsson Þjóðskjalavörður, Eiríkur G. Guðmundsson, Kristjana Kristinsdóttir, Pétur G. Kristjánsson, Bjarni Þórðarson, Baldur Már Bragason og Benedikt Jónsson.

Dagana 13.–20. september 2006 var haldið árlegt málþing um skjalasöfn háskóla og rannsóknarstofnana (ICA-SUV Seminar). Yfirskrift þingsins, sem að þessu sinni var haldið í Háskóla Íslands, var „Shared Concerns and Responsibility for University Records and Archives.“ Eiríkur G. Guðmundsson sat þingið af hálfu Þjóðskjalasafns.

Árið 2007

Á árinu 2007 var hafið vestnorrænt samstarfsverkefni um útgáfu á ritgerðum sem fjalla einkum um stjórnsýslusögu þjóðanna og verkvið einstakra embættismanna. Að verkefninu standa Landsskjalasafnið í Færeyjum og Landsskjalasafn Grænlands ásamt Þjóðskjalasafni.

Njörður Sigurðsson, Eiríkur G. Guðmundsson, Baldur Már Bragason og Pétur G. Kristjánsson sóttu námskeið um PREMIS staðalinn (Preservation Metadata: Implementation Strategies) sem haldið var í Stokkhólmi 7.–8. mars árið 2007. Námskeiðið var haldið á vegum LDB-centrum (Centrum för Långsiktigt Digitalt



Á fundarstað í Uppsölum í Svíþjóð á norræna skjalavörðapinginu árið 2006.

Bevarande). Á námskeiðinu var staðallinn kynntur, gerð grein fyrir helstu þáttum í uppbyggingu hans og sýnd dæmi um hvernig hann er notaður í varðveislu rafrænna gagna.

Stjórn Alþjóðaskjalaráðsins (International Council on Archives, (ICA)) hélt fund á Hótel Sögu dagana 28. mars til 2. apríl 2007. Fundurinn var að þessu sinni tengdur 125 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður á sæti í aðalstjórn ICA og er formaður verkefnisstjórnar samtakanna.

Njörður Sigurðsson og Pétur G. Kristjánsson sóttu námskeið um ISAF staðalinn (International Standard on Activities/Functions of Corporate Bodies) sem haldið var í Stokkhólmi 19.–20. apríl 2007. Námskeiðið var haldið í Ríkisskjalasafni Svía og sóttu það einnig skjalaverðir frá hinum Norðurlöndunum. Á námskeiðinu var staðallinn og helstu þættir hans kynntur og sýnd dæmi um notkun hans við skráningu á verkefnum og málum viðkomandi starfssviði stofnana.

Árið 2007 hófst verkefni á vegum Alþjóðaskjalaráðsins (ICA) um gerð leiðbeininga fyrir leiðbeinendur eða „Train the trainer project“. Fyrsti fundur var haldinn á Skógum dagana 31. maí til 2. júní 2007. Fulltrúi Þjóðskjalasafns á námskeiðinu var Kristjana Kristinsdóttir.

Norrænt sagnfræðingaping var haldið í húsakynnum Háskóla Íslands 8.–12. ágúst 2007, en þingin eru haldin á þriggja ára fresti og skiptast Norðurlöndin á um þinghaldið. Þjóðskjalasafn hefur komið að undirbúningi þessara þinga um langt skeið og sérfræðingar safnsins hafa tekið þátt í þeim, og svo var einnig að þessu sinni. Þjóðskjalasafn á tvo fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga sem tekur þátt í skipulagningu þessara ráðstefna.

Njörður Sigurðsson og Kristjana Kristinsdóttir sóttu ráðstefnu um upplýsingatækniþyrlingu og skjalasöfn, „The Digital Revolution and the Future of Archives and Archivists“ sem haldin var í Álaborg í Danmörku 25.–26. október 2007. Ráðstefnan var á vegum Háskólans í Álaborg og var sett upp sem kynning á fyrirhuguðu námi í skjalfræðum við sagnfræðideild skólans.

Ráðstefna um einkaskjalasöfn (Nordisk Privatarkivseminarium) var haldin í Ríkisskjalasafninu í Helsinki dagana 26.–28. nóvember 2007. Þátttakendur komu frá öllum Norðurlöndunum. Efni ráðstefnunnar var „einkaskjalasöfn“. Fjallað var um helstu áherslur og viðfangsefni einkaskjalasafna á Norðurlöndum og hver staðan væri í hverju landi fyrir sig. Einnig var sérstök umfjöllun um varðveislu rafrænna einkaskjalasafna, stefnumörkun, skipulag, áherslur, aðfangastefnu, helstu vandamál og álitamál. Njörður Sigurðsson og Unnur Birna Karlsdóttir sóttu ráðstefnuna af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands. Erindi og innlegg á ráðstefnunni voru síðan gefin út í ritinu *Enskilt eller privat – elektronískt eller manuellt?* (Ritstjórar Kenth Sjöblom og Marja Pohjola. Útgefandi Ríkisskjalasafnið í Helsinki, 2008.)



Frá fundi vest-norrænna skjalavarda í Stykkishólmi haustið 2008. Inge Høst Seiding frá Landsskjalasafni Grænlands flytur erindi.



Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður og Hrefna Róbertsdóttir verkefnisstjóri á heimspingi Alþjóða skjalaráðsins í Kuala Lumpur í Malasíu árið 2008.



Sviðsstjórnarnir Eiríkur G. Guðmundsson og Pétur G. Kristjánsson á Heimspinginu í Kuala Lumpur árið 2008.



Frá heimsþingi Alþjóða skjalaráðsins í Kuala Lumpur í Malasíu árið 2008.

Árið 2008

Annar fundur verkefnisins „Train the trainer project“ var haldinn í Amsterdam dagana 6.–7. mars 2008. Frá Þjóðskjalasafni fór Kristjana Kristinsdóttir og hélt erindi.

Dagana 10.–11. apríl 2008 var haldin ráðstefna í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn um vörslu og eyðingu skjala (ekspertseminar om bevaring og kassation). Á ráðstefnuna fóru frá Þjóðskjalasafni þau Ólafur Ásgeirsson Þjóðskjalavörður, Kristjana Kristinsdóttir og Pétur G. Kristjánsson.

Heimsþing Alþjóðaskjalaráðsins (ICA) var haldið dagana 21.–27. júlí 2008 í Kuala Lumpur í Malasíu. Efni og yfirskrift þingsins var: „Archives, Governance and

Development: Mapping Future Society. Á þingið fóru frá Þjóðskjalasafni Ólafur Ásgeirsson Þjóðskjalavörður, Eiríkur G. Guðmundsson, Hrefna Róbertsdóttir og Pétur G. Kristjánsson.

Dagana 10.–12. september 2008 var haldið í Kaupmannahöfn málþing um byggingar fyrir skjalasöfn, ekki síst skjalageymsluhús. Þeir sem sóttu þingið af hálfu Þjóðskjalasafns voru Ólafur Ásgeirsson, Eiríkur G. Guðmundsson og Bjarni Þórðarson. Sturlaugur Þorsteinsson verkfræðingur sótti einnig þingið.

Vestnorrænir skjaladagar voru haldnir í Stykkishólmi dagana 16.–18. september 2008. Frá Íslandi voru þátttakendur frá Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnum en erlendir þátttakendur komu frá Grænlandi og Færeyjum. Fjallað var um heimildagildi ljósmynda, korta og teikninga, sérstök verkefni skjalasafna voru kynnt, rætt var um starfssvið og starfsumhverfi héraðsskjalasafna og rannsóknir á skjalasöfnum.

Ráðstefna um varðveislu rafrænna gagna var haldin í Ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn 30.–31. október 2008 undir yfirskriftinni „Symposium about the Transfer, Preservation of and Access to Digital Records, based on the Danish Experiences“. Fulltrúi Þjóðskjalasafns á ráðstefnunni var Eiríkur G. Guðmundsson.

Norrænt málþing (El-Arkivseminar) um ýmis úrlausnarefni, stefnumótun, álitamál og framkvæmd varðandi varðveislu rafrænna gagna var haldið í Helsinki í Finnlandi 13.–14. nóvember 2008. Fulltrúar Þjóðskjalasafns á málþinginu voru Eiríkur G. Guðmundsson og Pétur G. Kristjánsson.

Dagana 19.–20. nóvember 2008 var haldinn í Östersund í Svíþjóð fundur NKC-samstarfsins (Nordiskt centrum för Kulturarvspedagogik), en það er samstarfsverkefni um miðlun menningararfs. Verkefnið er á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Þátttakendur eru skjalasöfn og fleiri stofnanir á Norðurlöndum. Þjóðskjalasafn er þátttakandi í verkefninu og sótti Eiríkur G. Guðmundsson fundinn.

Námstefna fyrir vefstjóra og sviðs- og verkefnisstjóra á sviði miðlunar og upplýsingatækni var haldin í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu daga 2–3. des. 2008. Námstefnuna sóttu sérfræðingar frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, auk Eiríks G. Guðmundssonar, Benedikts Jónssonar og Jónu Erlendsdóttur frá Þjóðskjalasafni.

Birt efni, greinaskrif

Skýrsla verkefnastjórna ICA 2004–2008

Bryan Corbett og Ólafur Ásgeirsson, *Report on Activities 2004–2008, The International Council of Archives Programme Commission*, (2008). (Skýrsla um verkefni og starfsemi Alþjóðaskjalaráðsins árin 2004–2008).



David Leith framkvæmdastjóri Alþjóða skjalaráðsins, Marion Beyea skjalavörður í New Brunswick í Kanada og Brian Corbett skjalavörður við Albertaháskóla í Kanada.

Skrif í tímaritið

Nordisk Arkivnyt árin 2006–2008

Baldur Már Bragason og Eiríkur G. Guðmundsson, „Prøveaflevering af elektronisk register fra Skattedirektoratet“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2007, bls. 137–138.

Benedikt Jónsson, „Arkivernes møde i Stykkishólmur“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2008, bls. 192–193.

Eiríkur G. Guðmundsson, „Seminar om tilgængelighed af elektroniske arkivalies“, *Nordisk Arkivnyt* 2:2006, bls. 93–95.

- „*Nordisk Arkivnyt* udgives i Island“, *Nordisk Arkivnyt*. 50 års jubilæumsnummer 2006, bls. 29.
- og Leon Jespersen, Maria Press og Pertti Hakala, „Nordiska Arkivdagar i Uppsala. Några inblick“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2006, bls. 151–156.
- „Arkivernes Dag i Island – „På vej““, *Nordisk Arkivnyt* 4:2006, bls. 200.
- „Arbejdstegning fra anlæggelse af telegrafnen i 1906“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2006, bls. 217.
- „Islands Nationalarkiv fylder 125 år“, *Nordisk Arkivnyt* 2:2007, bls. 59–61.

– „Det 26. nordiske historikermøde i Reykjavík“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2007, bls. 173.

– „Nedgang i torskefangst, opgang for arkiverne“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2007, bls. 213–214.

– „Arkivernes dag i Island“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2007, bls. 235.

– „Projekter ude på landet“, *Nordisk Arkivnyt* 1:2008, bls. 23–25.

– og Jón Torfason, „Enevældens indførelse i Island“, *Nordisk Arkivnyt* 1:2008, bls. 50–51.

– „Jordskælv volder skade i arkiver“, *Nordisk Arkivnyt* 2:2008, bls. 89–91.

– „Arkivernes dag i Island“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2008, bls. 216.

Gunnar Örn Hannesson, „Islands Nationalarkivs domprotokolprojekt“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2008, bls. 134–135.

Kristjana Kristinsdóttir, „Universitetsundervisning i Islands Nationalarkiv“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2006, bls. 184.

Njörður Sigurðsson, „Vestnordiske Arkivdage 2008“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2008, bls. 189–191.

- Ólafur Ásgeirsson, „Rigsarkivarens spalte: Norden og verden“, *Nordisk Arkivnyt* 1:2006, bls. 15–16.
- „Sammenlægges Nationalarkivet og National- og Universitetsbiblioteket i Island?“ *Nordisk Arkivnyt* 2:2006, bls. 79–80.
 - „...igennem et halvt århundrede...“ *Nordisk Arkivnyt*. 50 års jubilæumsnummer 2006, bls. 35–36.
 - „Hemmelige dokumenter og den-kolde-krigs-aflytninger“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2006, bls. 144–145.
 - „ICA hovedbestyrelse holder møde i Island“, *Nordisk Arkivnyt* 2:2007, bls. 107–108.
 - „Nordisk rigsarkivarmøde i Island“, *Nordisk Arkivnyt* 4:2007, bls. 231.
 - „Historier fra de nyeste afleveringer til Statens Arkiver“, *Nordisk Arkivnyt* 1:2008, bls. 48.
 - „HVMV“, *Nordisk Arkivnyt* 3:2008, bls. 136–138.

Skjalarn og skilríðirn rennu samt til ok 15 ág. 1889. og undan þrá
tigi hja þrá komist ad danna stefnda samkeppn skuldbindingu-
kann i ofan stefnda skuldaþjofu til ad greiða stefnanda timar um
stefnda 15 Mk. og veþi af þeim 5% frá 10. apríl þetta ár til borgunars
dags. Næla bókunad verður stefnda einnig ad endingjafda stefnanda
og þjofsin hefiliqt ad nota hann þor

Rannsóknir

því dæmist gjalt ad vera

Stefndi Sigurður Þenniðsktison greiddi stefnanda Guðlaugi
Guðmundsdótturi smálfersternammi 15 Mk. með 5% veþlum
frá 10 apríl þ.á. til borgunars

Dorinnur ad fullna
birtingu hann, sakti ella aðf



Ar 1889.
i málini



is. var a' bjuar þingi Þurðavík
Julius Havstein amtmáður
man

Kveðinn upp



hefur krafist þess ad einnigt bladarinn átt. öu

Þjóðlenduverkefnið

Rannsóknir og gagnaöflun fyrir óbyggðanefnd, vegna þjóðlendumálsins, eru unnar á Þjóðskjalasafni Íslands, en meginmarkmið ríkisvaldsins (fjármálaráðherra) með verkefninu er að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. Markmiðið er einnig að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands í þjóðlenduverkefninu hefur falist í því að annast leit og athugun á skjallegum gögnum og heimildum sem eru í vörslu safnsins, og semja greinargerðir um sögu jarða og landsvæða sem þjóðlenduþrafa ríkisins nær til. Greinargerðin nær einnig til þeirra gagna sem óbyggðanefnd aflar og málsaðilar leggja fram. Hlutverk Þjóðskjalasafnsins í þjóðlenduverkefninu er því bæði umfangsmikið og víðtækt, en þess ber að geta að safnið er hlutlaus aðili og öll gögn sem safnið aflar eru aðgengileg báðum málsaðilum, jafnt ríki sem landeigendum, þó fyrir milligöngu sérskipaðrar nefndar sem rekur málið, þ.e. óbyggðanefndar.

Á árinu 2006 og 2007 var unnið við svæði 5 (Norðausturland. Austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Lagarflióts) og svæði 6. (Austanvert Norðurland austan Fnjóskár og vestan Jökulsár á Fjöllum). Á árinu 2008 var aðallega unnið við tvö svæði á landinu; lokafrágang á svæði 6 og rannsóknarvinnu við svæði 7a (Vestanvert Norðurland (syðri hluti) vestan Fnjóskár og austan Blöndu). Auk þess var unnin töluverð forskráning-

arvinna á heimildum fyrir svæði 7b (Vestanvert Norðurland (nyrðri hluti) Tröllaskagi norðan Öxnadalshéiðar), og nokkur á næstu svæðum 8–10 (Vesturland og Vestfirðir) í ákveðnum heimildaflokkum.


Svæði 5 – Norðausturland

Svæði 5 samkvæmt þjóðlendumálum nær yfir Norðausturland, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Lagarflióts. Árið 2007 var lokið við að ganga frá greinargerðum í málum 1–5/2005, þ.e. svæðinu frá Jökulsá í Fljótsdal að Jökulsá á Fjöllum. Svæði þetta er mjög yfirgripsmikið. Aðeins eitt mál var bundið við einstakan hrepp, þ.e. Vopnafjörð. Jökuldalshreppur skiptist milli tveggja mála og eitt mál, 4/2005, náði yfir tvær sýslur og þrjá hreppa, Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu og Sauðaness- og Svalbarðshreppa í Norður-Þingeyjarsýslu. Mál 5/2005 náði til þriggja hreppa í Norður-Þingeyjarsýslu. Inn í málið blandaðist að á þessu svæði var stofnaður fjöldi nýbyla á 18. öld, þ.e. á Jökuldalsheiði, heiðunum upp af Vopnafirði og í Selárdal, örfá á Langanesströnd og allmörg á heiðunum upp af Pistilfirði, sem og á Hólsfjöllum. Ekki bætti úr skák, að skjalasafn amtmanns í Norður- og Austuramtinu brann á Möðruvöllum árið 1874, en þar hefði helst verið að leita á einum stað viðurkenninga eða hafnana á stofnun nýbyla samkvæmt nýbylatilskipuninni 15. apríl 1776. (Lovsamling IV, 244–257).

Mál gátu skarast þannig að svæðaafmörkun var ekki hrein. Má þar benda m.a. á eftirfarandi: 1) Deilur voru milli eigenda og umráðamanna jarða í Vopnafirði og Jökuldal nátengd nýbylunum. 2) Mörk byggðar í



Starfsfólk við þjóðlenduverkefni sumarið 2008. F.v.: Gísli Baldur Róbertsson, Hrefna Róbertsdóttir verkefnisstjóri, Kristinn Valdimarsson, Erla Dóris Halldórsdóttir, Helga Hlín Bjarnadóttir, Bjarki Þór Jónsson, Rögnvaldur Gunnar Gunnarsson, Ólafur Arnar Sveinsson, Kirstin Dóra Árnadóttir, Björn Rúnar Guðmundsson, Jóhanna Guðmundsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Björk Ingimundardóttir sviðsstjóri.



Yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu.

Búrfellsheiði og jarða í Öxarfirði voru sérkennileg. 3) Bændur á Grímsstöðum á Fjöllum og Hauksstöðum í Vopnafirði skrifuðu undir hvors annars landamerkjabréf og þannig mætti lengi telja. Raunar var það svo að frumrit landamerkjabréfa nokkurra jarða á Hólsfjöllum bárust þegar draga tók að verklokum, og þá kom í ljós dálítið ósamræmi við uppskrift í landamerkjabók.

Óbyggðanefnd setti fram ákveðin tilmæli um það að eingöngu væri í greinargerðum fjallað um þær jarðir, sem væru innan kröfulínu. Þar var ekki tekið mið af að nokkrar þeirra voru byggðar á 19. öld út úr fornum jörðum, sem ekki var gerð krafa í sem slíkar. Ekki var því hægt að fara eftir tilmælum óbyggðanefndar um þetta atriði.

Greinargerðaskriftum lauk að miklu leyti í júní en júlímánuður fór í lokafrágang og samræmingu. Raunar áttu eftir að koma upp ýmsar spurningar frá óbyggðanefnd síðsumars og um haustið, einkum varðandi jörðina Vatnsenda í Þistilfirði, sem kostaði nokkra rannsókn.

Svæði 6 – Austanvert Norðurland

Óbyggðanefnd óskaði eftir því í júní 2006 að aflað væri upplýsinga úr *Íslenzku fornbréfasafni* varðandi svæði 6, þ.e. á austanverðu Norðurlandi, austan Fnjóskár og vestan Jökulsár á Fjöllum, fyrir Stefán Má Stefánsson, sem ætlaði að kanna svæðið um sumarið. Í það fór nokkur tími.

Þar sem engin kröfulýsing lá fyrir, þegar vinnu þjóðskjalasafns við svæði 5 lauk, varð hálfgerð verkprot um tíma. Seint í september komu lögmenn frá lögfræðistofunni Juris, sem annast kröfugerð fyrir fjármálaráðuneytið, og báðu um upplýsingar, sem

þeim voru veittar. Kröfugerð fjármálaráðuneytisins átti eftir að breytast töluvert. Í september 2006 voru sýnd drög, en svæðið var síðan stækkað mikið, a.m.k. í málum 1–2/2007, en síðan dregið mikið saman og líktist meir því sem talað var um í upphafi. Endanleg kort af kröfusvæðum lágu seint fyrir og þau kort, sem lögð voru fram, voru mjög óglögg og misvísandi, og gáfu því takmarkaðar upplýsingar. Þetta varð til þess að vinnan jókst og varð ómarkvissari. Þá má nefna að á þessu svæði teljast a.m.k. tvær jarðir eiga afrétti, sem liggja fjarri heimajörðunum, þ.e. Einarstaðir í Reykjadal og Ljósavatn. Ljósavatn var þó meðal kröfufjarða.

Eins og á svæði 5 féllu kröfusvæði og hreppamörk ekki saman. Ljósavatnshreppur hinn forni, sem skiptist í Ljósavatns- og Bárðdælahreppa um aldamótin 1900, kom við sögu í málum 1, 2 og 3/2007, og Hálshreppur kom við sögu í málum 3–5/2007. Þá þurfti að lita til Mývatnssveitar, Kelduhverfis og Helgastaðahrepps hins forna bæði í málum 1 og 2/2007.

Greinargerðaskrifum í málum 1–5/2007 lauk rétt fyrir júl 2007. Meiri tíma hefði þurft til þess að fara yfir greinargerðirnar og bera þær saman, ekki síst í þeim málum, þar sem kröfusvæði lágu saman.

Svæði 7 (7a og 7b) – Vestanvert Norðurland

Vorið 2007 var farið að undirbúa vinnu á svæði 7, sem er vestanvert Norðurland. Var reynt að áætla þann tíma sem færi í leit í einstökum skjalaflokkum og skráningu upplýsinga, ekki síst með tilliti til þess, að í upphafi liggur ekki fyrir hvaða jarðir reynast kröfufjarðir.

Leyfi óbyggðanefndar fékkst til þess að ráða hóp sagnfræðistudenta til skjalaskráningar í sumarvinnu. Gerðu þeir registur yfir landamerkjabækur í Eyja-



Fulltrúar Lögfræðistofunnar Juris og fjármálaráðuneytisins; kröfugerðarmenn í þjóðlendumálinu í kynnisför í Þjóðskjalasafni. F.v.: Þórhallur H. Þorvaldsson og Andri Árnason frá Juris, Stefán Már Stefánsson prófessor og Ragnheiður Snorradóttir frá fjármálaráðuneytinu.

fjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, skráðu jarða- og kirknaskjöl úr þessum sýslum, raunar aðeins austan Blöndu í Húnavatnssýslu enda miðast svæðið við hana, og skrifuðu upp jarðamat 1849–1850 á sama svæði. Einnig var gerð málaskrá yfir hluta dómabóka úr Eyjafjarðarsýslu.

Í mars 2008 lá fyrir fyrsti jarðalistinn sem unnið var eftir. Þá var svæði 7 skipt upp í tvö mál; 7a suður sem heitir Vestanvert Norðurland (syðri hluti), vestan Fnjóskár og austan Blöndu. Frá þeim tíma var mest unnið við öflun grunnagna á því svæði. Um sumarið hélt áfram efnistaka dómabóka og öflun grunnagna fyrir næstu svæði. Í september breyttist jarðalisti verulega þar sem kröfugerð ríkisins var breytt í grundvallaratriðum. Var nú til meðhöndlunar um fjórðungur þeirra jarða sem unnið hafði verið með á árinu. Mikil vinna hafði því verið unnin sem ekki nýttist í áframhaldandi vinnslu svæðisins. Ný áætlun var því gerð um miðjan september, og unnið var í greinargerðum samhliða fyrirtökum hjá óbyggðanefnd. Áætla má að um ¾ hluti frumagna vegna svæðis 7a suður hafi verið frágenginn um áramót, auk þess sem drög lágu fyrir að greinargerðum fyrir öll málin 5 sem svæðinu hafði verið skipt upp í.

Starfslið þjóðlenduverkefnis

Yfirumsjón með þjóðlenduverkefninu árin 2006 og 2007 hafði Björk Ingimundardóttir sagnfræðingur.

Kristinn Valdimarsson stjórn málafræðingur og Gísli Baldur Róbertsson sagnfræðingur voru í fullu starfi við þjóðlenduverkefnið á árunum 2006 til 2008. Síðsumars 2007 var ákveðið að Björk Ingimundardóttir drægi sig í hlé frá störfum fyrir óbyggðanefnd þegar vinnu við svæði 6 lyki en yrði þjóðlenduþópnum þó til ráðuneytis og aðstoðar. Í stað hennar var ráðin Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur til þess að stjórna gagnaöflun og greinargerðaskrifum. Hún tók við keflinu í ársbyrjun 2008. Þá var Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur ráðinn til gagnaöflunar, fyrst í hlutastarfi í júní 2007, en síðan í fullt starf í febrúar 2008.

Fundir og ferðir vegna þjóðlendurannsókna

Reglulegir verkfundir hafa verið haldnir í þjóðlenduverkefninu frá upphafi. Á árinu 2006 voru haldnir 11 verkfundir og 23 á árinu 2007. Árið 2008 voru verkfundirnir 33. Lögð var áhersla á að fjölga samstarfsfundum með starfsmönnum óbyggðanefndar og auka með því skilvirkni í verkefninu. Alls voru bókaðir 5 samstarfsfundir auk óformlegra funda verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra óbyggðanefndar.

Vorið 2008 fóru Björk Ingimundardóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Kristinn Valdimarsson á málþing sem haldið var í Reykholti í Borgarfirði 8. mars um þjóðlendumál og eignarrétt.

Farin var tveggja daga vettvangsferð í maí 2008 um svæði 7a norður í Eyjafjörð og Skagafjörð með viðkomu

á völdum áfangstöðum. Ákveðið var að fastahópur þjóðlenduverkefnis færi í ferðina til að skoða staðhætti í máli 7a sem til umfjöllunar var á árinu. Þegar farið var í ferðina voru töluvert fleiri jarðir og stærra svæði undir í kröfugerð ríkisins en síðar varð. Voru helstu svæði í Eyjafirði skoðuð auk þeirra svæða í Skagafirði sem mátti nálgast með einföldum hætti á bíl. Afar gagnlegt var að kynna sér staðhætti í samhengi samhliða vinnslu sagnfræðilegra gagna um svæðið. Í ferðina fóru Björk Ingimundardóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Gísli Baldur Róbertsson, Kristinn Valdimarsson og Gunnar Örn Hannesson.

Verkefnisstjóra þjóðlenduverkefnisins innan Þjóðskjalasafns, Hrefnu Róbertsdóttur, var boðið að fara í vettvangsferð óbyggðanefndar í lok ágúst. Sú ferð var farin 31. ágúst til 2. september. Þjóðskjalasafn skilaði bráðabirgðagreinargerð fyrir ferðina. Fyrirtökur voru í málnum fimm sem til meðferðar voru, og voru á staðnum sjálf óbyggðanefnd, starfsmenn óbyggðanefndar, fulltrúi ríkisins og lögmennt landeigenda. Auk þess hittu hópurinn um 20–30 landeigendur á hinum ýmsu stöðum. Um sum mál var samið á vettvangi, farið yfir ágreining og staðhættir skoðaðir.

Greinargerðir

Gengið var frá niðurstöðum úr svæði 5 í nokkrum greinargerðum, en málin voru alls fimm á því svæði. Sami fjöldi greinargerða var útbúinn á svæði 6. Fylgja hér listar yfir þær skýrslur. Gengið var frá þeim innbundnum, og mun sá háttur verða hafður á í framhaldinu. Einnig var ákveðið að vinna upp innbundin eintök af greinargerðum fyrri mála þegar tækifæri gefst.

Svæði 5: (Ritstjóri Björk Ingimundardóttir, aðrir höfundar Kristinn Valdimarsson og Gísli Baldur Róbertsson).

- Mál nr. 1/2005. Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár (77 bls.).
- Mál nr. 2/2005. Jökuldalur norðan Jökulsár og Jökulsárhlið (101 bls.).
- Mál nr. 3/2005. Vopnafjarðarhreppur (124 bls.).
- Mál nr. 4/2005. Skeggjastaðahreppur og Þistilfjarðarsvæðið (113 bls.).
- Mál nr. 5/2005. Öxarfjarðarhreppur (59 bls.).

Svæði 6: (Ritstjóri Björk Ingimundardóttir, aðrir höfundar Kristinn Valdimarsson og Gísli Baldur Róbertsson).

- Mál nr. 1/2007. Mývatnsöræfi og Ódáðahraun (105 bls.).
- Mál nr. 2/2007. Tjörnes og Þeistareykir (93 bls.).
- Mál nr. 3/2007. Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs (92 bls.).
- Mál nr. 4/2007. Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flat-eyjardalsheiði austan Dalsár (187 bls.).
- Mál nr. 5/2007. Grýtubakkahreppur ásamt Flat-eyjardalsheiði vestan Dalsár (103 bls.).

Svæði 7a: (Ritstjóri Hrefna Róbertsdóttir, aðrir höfundar Björk Ingimundardóttir, Kristinn Valdimarsson, Gísli Baldur Róbertsson og Gunnar Örn Hannesson).

- Mál nr. 1/2008. Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðararásar ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal – drög.
- Mál nr. 2/2008. Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðararásar – drög.
- Mál nr. 3/2008. Hörgárbyggð austan Öxnadalársár – drög.
- Mál nr. 4/2008. Skagafjörður austan Vestari Jökulsár ásamt Nýjabæjarafretti – drög.
- Mál nr. 5/2008. Skagafjörður vestan Vestari Jökulsár og Húnavatnshreppur austan Blöndu ásamt Hofsjökli – drög.

Heimildir

Megingögn sem byggt er á í þjóðlenduverkefninu eru Fornbréfasafn og prentaðar heimildaútgáfur, jarðamöt, veðmálabækur, landamerkjabækur, landaskiptabækur, vísitásiubækur biskupa, jarða- og kirknaskjöl og dómabækur. Unnið hefur verið að heimildaöflun úr Fornbréfasafni og Jarðamati 1849–1850 og dómabækur hafa verið efnisteknar og þær upplýsingar skráðar í sérstakan gagnagrunn.

Rafræn ljósmyndun heimilda

Mikil heimildaöflun og skráningarvinna liggur að baki þjóðlenduverkefninu en auk þess hefur safnið unnið að rafrænni ljósmyndun á heimildum. Gengið var til samstarfs til tveggja ára við Landsbókasafn-Háskólabókasafn um myndatökur á heimildum þjóðlenduverkefnis, sem gera þarf aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila. Myndatökurnar fóru fram á Akureyri, og eru aðgengilegar í gegnum vefslóð. Alls voru myndaðar um 12.000 síður.

Eftirfarandi gögn voru mynduð:

- *Landamerkjabækur.* Mýra- og Borgarfjarðarsýsla I–II. Húnavatnssýsla 1884–1954.
- *Jarðamat 1849–1850.* Búið er að mynda allar sýslur landsins.

Auk þess hafa þrjár bækur, sem innihalda heildarskýrslur matsins, verið myndaðar: Heildarskrá I, Heildarskrá II og Heildarskrá III

- *Fasteignamat 1916–1918 – undirmat.* Lokið er við að mynda undirmat fasteignamatsins 1916–1918 fyrir svæðið frá Norður-Þingeyjarsýslu og vestur um land til Borgarfjarðarsýslu, alls 19 bækur.
- *Fasteignamat 1916–1918 – yfirmat.* Yfirmat fasteignamatsins 1916–1918 hefur verið



Helga Hlín Bjarnadóttir skráir upplýsingar í dómabókagrunn Þjóðskjalasafns.

myndað fyrir sama svæði og undirmatið, alls 11 bækur. Þær ná yfir svæðið frá Þingeyjarsýslu vestur um land til Borgarfjarðar.

- **Veðmálaregistur**

Byrjað var að mynda veðmálaskrár, og Eyjafjarðarsýsla og Akureyri tekin fyrst. Veðmálaskrá Eyjafjarðarsýslu. Veðmálaskrá Akureyrar.

Á dagskrá er að ljúka myndun þeirra bóka sem á vantar fyrir fasteignamatið 1916–1918, sem og að mynda landamerkjabækur fyrir svæði 8–11. Frekari myndun veðmálabóka hefur verið til athugunar.

Kynningar á Þjóðlenduverkefni

Hrefna Róbertsdóttir hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni „National Territory. Researching the Boundaries between Private and Public Property in Iceland from the Period of the Settlement to Modern Times“ á alþjóðáþingi Alþjóðskjalaráðsins (ICA) í Kuala Lumpur í Malasíu 23. júlí 2008.

Hrefna Róbertsdóttir hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni „Höglandsprojektet. Arbetssätt och källor om jordegendomar“ á vestnorrænu skjaladögunum í Stykkishólmi 16. september 2008.

Gunnar Örn Hannesson birti grein í tímariti norrænna skjalasafna, *Nordisk Arkivnyt* (3 tlb. 53. árg. 2008, bls. 134–135) undir yfirskriftinni „Íslands Nationalsarkivs domprotokolprojekt.“

„Þjóðskjalasafn Íslands. Þjóðlenduverkefnið. Rannsóknaraðferðir og heimildir um jarðeignir.“ Kynning fyrir vettvangsnema í sagnfræði á Þjóðskjalasafni, 8. október 2008. Um kynninguna sáu Hrefna Róbertsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

Dómabækur – gagnagrunnur

Í Þjóðskjalasafni Íslands stendur yfir umfangsmikið verkefni sem felst í því að efnisskrá mál í íslenskum dómabókum í sérstakan gagnagrunn. Skráningarverkefnið er hliðarafurð þjóðlenduverkefnisins á Þjóðskjalasafni. Aðalmarkmið dómabókaverkefnisins er að skrá þau mál er varpa ljósi á eignarheimildir jarða að fornu og nýju. Auk beinnar eignar geta eignarheimildir falist í ýmsum réttindum svo sem að nota land sem afrétt eða að eiga reka í fjöru, svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið Þjóðskjalasafns Íslands til lengri tíma litið er að skrá efni mála í öllum dómabókum sýslumanna í gagnagrunninn. Þegar hefur verið lokið við að efnistaka dómabækur úr Eyjafjarðarsýslu. Dómabækurnar úr Eyjafjarðarsýslu ná yfir tímabilið 1694 til 1950, eru 76 að tölu og telja samanlagt rúmlega 30,000 blaðsíður. Úr Eyjafjarðarsýslu hafa samanlagt verið skráð um 27,000 mál eða atriði. Út frá því má áætla að færslurnar fyrir allt Ísland muni skipta hundruðum þúsunda þegar yfir lýkur. Eru öll mál flokkuð eftir málstegund (t.d. jarðamál, hegningarlagabrot, verslun og viðskipti o.s.frv.). Hverju máli er því næst gefið atriðisorð til nánari aðgreiningar; undir málstegundinni hegningarlagabrot má. t.a.m. finna atriðisorð á borð við morðmál, þjófnaðarmál, skjalafals o.s.frv. Með skráningu mála í dómabókum hefur efni þeirra verið gert aðgengilegt. Unnt er að skilja milli ólíkra mála á einfaldan og hnitmiðaðan hátt, leita eftir tilteknum atriðum, búa til lista og skrár yfir eitt eða fleiri atriði, svo dæmi séu tekin. Afrakstur skráningarinnar í Eyjafjarðarsýslu býður nú þegar upp á spennandi leitar- og notkunarmöguleika. Eftir því sem næst verður komist er verkefnið einstakt í sinni röð.

Dómabókaverkefnið var endurskipulagt á árinu 2008 og voru haldnir formlegir verkfundir í þeim tilgangi. Próun tæknilegrar hliðar verkefnisins á árinu 2008 fólst í því að færa gögnin úr gagnagrunnsforritinu Access yfir í MySQL gagnagrunn og forrita nýtt viðmót. Staðan í árslok 2008 var sú að lokið var við efnistöku 54 bóka úr Eyjafirði og unnið við skráningu 20 bóka úr Skagafirði. Fullskráð mál á árinu 2008 voru samtals 26.815 og heildarfjöldi skráninga var því orðinn um 32.000 færslur við áramót.



Ein af fjölmörgum dómabókum sem hafa verið efnisteknar og skráðar í dómabókagrunninn.

Til skemmri tíma litið nýttist dómabókagrunnurinn fyrst og fremst þjóðlenduverkefninu. Grunnurinn sparar ekki aðeins tíma heldur hefur hann þegar auðveldað alla umsýslu með þennan tiltekna heimilda- og gagnaflokk og gert notkun og meðferð upplýsinganna handhægari. Til lengri tíma litið má fullyrða að fram sé komið öflugt tæki sem getur nýst fræðimönnum og fróðleiksfúsum almenningi. Hægt er að fá efnisyfirlit yfir hverja dómabók fyrir sig, ef því er að skipta, eða þá einstaka málaflökka. Þar sem grunnurinn mun gera alla leit í heimilda- og gagnaflokknum auðveldari, má reikna með því að líkur á rannsóknum á efni heimildanna hafi stórlega aukist. Það er von þjóðskjalasafns Íslands að tilkoma grunnsins muni efla og styrkja rannsóknir á efni og innihaldi dómabókanna sjálfra er fram líða stundir og þar með á íslenski sögu.

Stefnt er að því að opna dómabókagrunninn á vef þjóðskjalasafnsins á árinu 2009.

Stjórn dómabókaverkefnisins er í höndum Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðings og umsjón með skráningunni frá árinu 2008 hefur Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur. Gunnar hefur einnig unnið að efnisskráningu mála í dómabókum en annað starfslið verkefnisins árin 2007 og 2008 voru nemendur í Háskóla Íslands og Þorsteinn Tryggvi Mátsson sagnfræðingur og skjalavörður.

Við skráningu mála í dómabókum árin 2007–2008 unnu:

Árið 2007:

Bjarki Þór Jónsson, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Elínbjörg Helgadóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Gunnar Örn Hannesson, MA-nemi í sagnfræði við HÍ
Jakob Trausti Arnarsson, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Jóhanna Guðmundsdóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Kirstín Dóra Árnadóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Símon Hjaltason, BA-nemi í sagnfræði við HÍ

Árið 2008:

Bjarki Þór Jónsson, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Björn Rúnar Guðmundsson, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Erla Dóris Halldórsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði við HÍ
Helga Hlín Bjarnadóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Jóhanna Guðmundsdóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Jón Torfi Arason, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Kirstín Dóra Árnadóttir, BA-nemi í sagnfræði við HÍ
Ólafur Arnar Sveinsson, MA-nemi í sagnfræði við HÍ
Rögvaldur Gunnar Gunnarsson, laganemi í HÍ
Þorsteinn Tryggvi Mátsson, sagnfræðingur og skjalavörður

Rannsóknir og útgáfa

Heimildaútgáfa og rannsóknir á sögu og skjalamyndun embættis á Íslandi

Sérfræðingar á Þjóðskjalasafni sinna ýmsum rannsóknum á einstökum þáttum í sögu landsins og þróun skjalasafna og nýta við það að mestum hluta heimildir sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni.

Björk Ingimundardóttir hefur árum saman unnið að itarlegri rannsókn á stöðu og skjalahaldi íslenskra presta. Niðurstöður þeirra rannsókna munu m.a. birtast í *Örkum*, tímariti Þjóðskjalasafns Íslands, árið 2009. Björk vann einnig að rannsókn á sögu kirkjustaða og skilaði haustið 2007 af sér sögulegu yfirliti til Húsafríðunarnefndar um 14 kirkjustaði í Borgarfjarðarprófastsdæmi til birtingar í ritroðinni *Kirkjur Íslands* sem áætlað er að komi út árið 2009.

Eiríkur G. Guðmundsson hefur rannsakað sögu Stóru bólu á grundvelli skjala í Þjóðskjalasafni. Hann hlaut styrk Árnastofnunar í Kaupmannahöfn árið 2008 til að rannsaka heimildir um Stóru bólu í Árnasafni og fleiri söfnum í Kaupmannahöfn.

Kristjana Kristinsdóttir hefur unnið að rannsóknum á sögu og skjölum hreppstjóra á Íslandi og munu niðurstöður m.a. birtast í *Örkum*, tímariti Þjóðskjalasafns Íslands, árið 2009.

Pétur G. Kristjánsson hefur unnið að rannsóknum á sögu konungsverslunarinnar á Íslandi (sbr. óbirt MA-ritgerð í sagnfræði við HÍ, 2008), auk þess að rannsaka sögu og skjalasöfn sýslumanna.

Gunnar Örn Hannesson vann ásamt Má Jónssyni prófessor í sagnfræði við HÍ að heimildaútgáfu, nánar tiltekið að því að taka saman ritið; *Eftir skyldu míns embættis: prestastefnudómar Þórðar biskups Þorláks-sonar árin 1675–1697*. Reykjavík, 2008.

Norrænt samstarf á sviði heimildarannsóknna og útgáfu

Á árinu 2007 kom út bókinn *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Höfundar eru ýmsir og ritstjórar eru Erik Nørr og Jesper Thomassen. Bókin er fimmta bindi í danskri ritroð um skjöl sem orðið hafa til í danskri stjórnýslu í öllum hlutum Danaveldis.

Í henni er fjallað um stjórnýsluheimildir frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og hitabeltisnýlendum Dana. Í íslenska hlutanum er lögð áhersla á að lýsa heimildum eða skjölum sem eru sérstök fyrir Ísland eins og Mannatalið 1703, sóknarmannatal, kjörbók vegna kosninga




í heyrandi hljóði og síðan eru einnig skjöl sem varpa ljósi á íslenska stjórnýslu. Þar er einkum átt við skjöl frá hreppstjórum auk skjala vegna sérstakra samskipta við Dani. Um hverja heimild er stuttur sögulegur innangangur, síðan er heimildin birt auk danskrar þýðingar. Fjallað er sérstaklega um lagagrundvöll hennar, þ.e. hvenær byrjað var að færa viðkomandi embættisverk til bókar, og hvenær því var hugsanlega hætt. Fjallað er um notkunarmöguleika heimildarinnar og í hvaða skjalasöfnum hana er að finna. Aftast í bókinni er, frá hverri þjóð, skýring á máli og vog og listi yfir útgefin rit sem tengjast efninu og heimildunum.

Höfundar efnis um íslensk skjöl eru Kristjana Kristinsdóttir, Pétur G. Kristjánsson, Ragnheiður Mósesdóttir, Hrafn Sveinbjarnarson, Eiríkur G. Guðmundsson og Erik Nørr.

Landskjalasafn Færeyja, Landskjalasafn Grænlands og Þjóðskjalasafn Íslands tóku höndum saman árið 2005 um að vinna saman að útgáfuverkefni um þætti í stjórnýslusögu Íslands, Færeyja og Grænlands (Antologi). Yfirumsjón með verkefninu hefur landskjalavörður Færeyja en þátttakendur frá Þjóðskjalasafni eru þau Kristjana Kristinsdóttir, Björk Ingimundardóttir og Pétur G. Kristjánsson.

Bréf Jóns Guðmundssonar ritstjóra til Jóns Sigurðssonar forseta

Haustið 2007 gaf Þjóðskjalasafnið út ritið *Jón Guðmundsson ritstjóri, Bréf til Jóns Sigurðssonar forseta, 1855–1875*. Einar Laxness sagnfræðingur bjó til prentunar og ritar innangang og skýringar. Bókin er gefin út í flokki heimildarita Þjóðskjalasafnsins á tveggja alda afmæli Jóns ritstjóra.



Bréf Jóns Guðmundssonar til Jóns Sigurðssonar eru varðveitt í Landsbókasafni-Háskólabókasafni og Þjóðskjalasafni Íslands. Jón Guðmundsson var fæddur í Melshúsum í Reykjavík 15. desember 1807. Hann var stúdent frá Bessastaðaskóla, nam lögfræði í Kaupmannahöfn og var alþingismaður Skaftfellinga 1845–1867. Hann var í forystu, ásamt Jóni Sigurðssyni, á Þjóðfundinum sumarið 1851 þar sem barist var fyrir landsréttindum Íslendinga. Fyrir það varð hann að gjalda með atvinnubanni ævilangt. Hann var frumkvöðull Þingvallafunda árið 1848 og mörg næstu ár. Jón Guðmundsson var einnig eigandi og ritstjóri fréttablaðsins *Þjóðólfs* 1852–1874. Hann kallaði *Þjóðólfi* blað lýðsins og þjóðernisflokksins – oppositionsblað. Jón átti bréfaskipti við Jón Sigurðsson frá 1845 þar til hann lést þann 31. maí 1875. Þeir voru samherjar

um meginstefnu, innlenda landsstjórn, en greindi þó stundum á um leiðir. Jón Guðmundsson nefndi sjálfan sig í einu bréfanna skugga Jóns Sigurðssonar.

Acta yfírréttarins og aukalögþing

Hafist var handa árið 1990 að skrifa upp skjöl yfírréttarins, með það fyrir augum að gefa þau út í heildarsafni málsskjala frá réttinum. Yfírrétturinn var starfandi 1563–1800 og var æðsta innlenda dómstigið. Lítil starfsemi var þó á vegum dómsins fram á 18. öld, og auk þess eru ekki öll gögn hans varðveitt. Útgáfa yfírréttardómanna er hugsuð sem framhald af útgáfu Alþingisbóka sem út hafa komið í 17 bindum, alls um 5300 síður. Frá 1967 var staðið að uppskriftum alþingisbókanna og útgáfu þeirra á Þjóðskjalasafni, síðustu átta bindanna. Sá Gunnar Sveinsson (1926–2000) um þetta verk, fyrst í stað samhliða afgreiðslu á lestrarsal og í tómsundum, en síðan á vegum safnsins. Alþingi styrkti prentkostnaðinn og Sögufélag sá um útgáfubáttinn.

Gunnar Sveinsson hóf að skrifa upp skjöl yfírréttarins og aukalögþinga árið 1990 og hélt því verki áfram til ársins 2000. Hann skrifaði upp um fimmtung þeirra skjala sem nú er áætlað að gefin verði út. Þar var fyrst og fremst um að ræða gögn úr dómabókum yfírréttarins 1708–1715 og 1780–1800, yfírréttarstefnur í bréfabókum amtmanns 1719–1748 og í dómsmálaskjölum yfírréttarins frá sama tíma, auk ýmissa dómsskjala og Acta yfírréttarins 1749–1796. Í fyrstu áætlun var gert ráð fyrir að heildarútgáfan yrði fimm bindi, þar af eitt bindi með skjölum aukalögþinga. Þá var gert ráð fyrir að ýmsum skjölum yfírréttarins yrði sleppt úr prentuðu útgáfunni.

Björk Ingimundardóttir tók við keflinu árið 2000 og sinnti skjalauppskriftum ásamt öðrum störfum fram á árið 2003. Skjöl voru sameinuð úr ýmsum tölvukerfum og kannað það sem þegar hafði verið skrifað upp og á hvaða stigi uppskriftirnar væru. Hún skrifaði upp um fjórðung heildarskjalanna til viðbótar, fyrst og fremst skjöl úr dómsskjölum yfírréttarins 1720–1762 úr skjalasafni stiftamtmanns, en einnig önnur skjöl.

Í ársbyrjun 2008 var þráðurinn við útgáfu Acta yfírréttarins og aukalögþinganna tekinn upp að nýju, vinnsluni komið í ákveðinn farveg og stefnt að því að hefja útgáfu bókana. Þann 15. janúar var skipuð ritstjórn yfir verkinu á vegum Þjóðskjalasafns og Sögufélags og gerð útgáfuáætlun fyrir verkið í heild. Í ritstjórninni sitja Eiríkur G. Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir fyrir hönd Þjóðskjalasafns og Anna Agnarsdóttir og Már Jónsson fyrir hönd Sögufélags. Ritstjórnin skipti með sér verkum og tók Hrefna að sér að stýra útgáfunni.

Í ársbyrjun 2008 lá því fyrir um helmingur textanna í uppskriftum sem ætlað er að gefa út. Stefnan var tekin á heildarútgáfu allra skjala sem tengjast yfírrétt-

inum. Það er ótvírætt talinn kostur að gera ráð fyrir heildarútgáfu, fremur en að sleppa ákveðnum málum, þegar um svo mikilvægt skjalasafn er að ræða. Við það fjölgar áætluðum fjölda binda úr fimm í sjö.

Umsjón með fræðilegum þætti útgáfunnar er áfram í höndum Bjarkar Ingimundardóttur. Ritstjórn gerði ýmsar breytingar varðandi efnistöð, frágang og rithátt skjala frá því sem var í Alþingisbókaútgáfunni, en um er að ræða orðréttu útgáfu skjalanna. Kannaðar voru heimildir um starfsemi yfírréttarins, sem finna má í Alþingisbókum og Íslensku fornbréfasafni, og borið saman við það sem þegar var komið af skjölum. Teknar voru saman nýjar og ítarlegri viðmiðunarreglur um frágang texta og þegar uppskrifuðum texta breytt í samræmi við það. Frumgögnin voru lesin tvisvar saman við uppskrifaðan texta. Saminn var fræðilegur inngangur um sögu yfírréttar og dómskerfið honum tengt, sem og formáli, greinargerð fyrir skjölunum og ítarlegar orðskýringar.

Gísli Baldur Róbertsson vann ásamt Björk við útgáfunna. Hann hefur á árinu 2008 lesið saman uppskriftir og dómabók yfírréttarins hina eldri, m.a. til þess að fá ábendingar um rithætti. Hann las yfir reglur um frágang texta, auk þess að lesa yfir formála og orðskýringar til birtingar í bókinni. Hann hefur með höndum þriðja og síðasta samlestur á uppskriftum og forritum.

Á árinu 2008 var að mestu lokið við undirbúning fyrsta bindisins, en í því bindi eru málsskjöl frá árunum 1693–1727. Það er nálægt því að vera tilbúið til útgáfu, og aðeins lokahnykkur eftir í því efni. Í fyrsta bindinu verður birt fræðileg ritgerð Bjarkar Ingimundardóttur um starfsemi yfírréttarins, auk inngangsefnis um aðferðir útgáfunnar, reglur um frágang texta, mannanafna-, staðanafna- og atriðisorðaskráar, orðskýringar og skjalaskrár. Áætlað er að til viðbótar komi út fimm önnur bindi yfírréttardóma, sem ná til árána 1728–1800, eða til loka yfírréttarins. Auk þess komi út lokabindi með skjölum aukalögþinga.

Arkir. Tímarit Þjóðskjalasafns Íslands

Á 125 ára afmælisári Þjóðskjalasafnsins, nánar tiltekið haustið 2007, var ákveðið að safnið skyldi gefa út tímarit sem hefði að geyma greinar um málefni skjalasafna og skjalasöfn eða um rannsóknir byggðar á skjölum í vörslu safna landsins. Ritið fékk heitið *Arkir. Tímarit Þjóðskjalasafns Íslands*. Markmið þess er að birta greinar sem fjalla á fræðilegan hátt um efni sem snúa sérstaklega að Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum og skjalavörslu hins opinbera. Þar til heyra m.a. greinar um stjórnsýslusögu, þróun og sögu skjalavörslu, greinar um skjalfræðileg efni og einstök skjöl, rafræna skjalavörslu, margmiðlun, skjöl og skjalasöfn, forvörslu skjala, ljósmyndun og meðferð skjala, heimildaútgáfur og önnur efni sem ritstjórn mun ákveða. Stefnan er ennfremur sú að greinar um almenna sögu munu

að mestu byggja á skjölum í Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum en verði þó aldrei meira en u.þ.b. fjórðungur ritsins.

Í ritstjórn *Arka* eru þau Eiríkur G. Guðmundsson, Hrefna Róbertsdóttir og Kristjana Kristinsdóttir.

Ýmsar fræðirannsóknir 2006–2008

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns sinna ýmsum fræðilegum rannsóknum og verkefnum í ofanálag við föst verkefni tilheyrandi daglegri starfsemi, enda er eitt af hlutverkum Þjóðskjalasafnsins, samkvæmt lögum, að stuðla að rannsóknum á sögu landsins. Hér er gefið stutt yfirlit yfir rannsóknir, fræðileg skrif og fyrirlestra sérfræðinga safnsins á síðustu þrem til fjórum árum.

Lokaritgerðir (óbirtar):

Gunnar Örn Hannesson, „Íslenskir Hafnarstúdentar 1611–1711.“ Lokaritgerð (BA) í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2006.

– „Kvikfjártalið í Grímsnesi 1703.“ Lokaritgerð (BA) í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2006.

Helga Jóna Eiríksdóttir, „Konungskoman 1907. Um aðdraganda, undirbúning og afleiðingar hennar fyrir Ísland.“ Lokaritgerð (BA) í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2008.

Jóhanna Guðmundsdóttir, „Í þágu ríkisins. Um brennisteinsnám á Íslandi fram að aldamótum 1600.“ Lokaritgerð (BA) í sagnfræði við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2008.

Kristinn Valdimarsson, „Skipulag skjalasafns - Hvers konar skipulagskerfi er Þjóðskjalasafn Íslands?“ Lokaritgerð (MA), í opinberri stjórnýslu (MPA) frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2007.

Njörður Sigurðsson, „Mjólur og markaður. Saga mjólurvinnslu í Ölfusi 1901–1938.“ Lokaritgerð (MA) í sagnfræði við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2006.

Pétur G. Kristjánsson, „Tengsl framleiðslu og markaðar: Konungsumboðið í Vestmannaeyjum og utanlandsverslun Íslendinga á síðari hluta 16. aldar.“ Lokaritgerð (MA) í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2008.

Rit og greinar:

Þjarkir Þór Jónsson, „Hof 1906–2006. Hof, Ás og fjórir íbúar húsanna“, *Sagnir* 28. árg. (2008), 85–90.

Eiríkur G. Guðmundsson, „Kreaturtælling 1703“, *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolon-*

ierne. Ritstjórar Erik Nørr og Jesper Thomassen. Kaupmannahöfn, 2007, bls. 212–215.

Gísli Baldur Róbertsson, „Heilög Anna birtist Árna Magnússyni undir andlátíð“, *Gripla* 16 (2005, [kom út 2006]), bls. 229–249.

– „Snurðan á þræði Reykjarfjarðarbókar“, *Gripla* 16 (2005 [kom út 2006]), bls. 161–195.

Hrafn Sveinbjarnarson, „Økonomiske tilstande“, *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Ritstjórir Erik Nørr og Jesper Thomassen. Kaupmannahöfn, 2007, bls. 216–223.

Hrefna Róbertsdóttir, *Wool and Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th-century Iceland*. Gautaborg og Stokkhólmur, 2008. (Doktorsritgerð í sagnfræði frá Háskólanum í Lundi).

– Ritdómur: „Nordatlanten og troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne“, *Saga. Tímarit Sögufélags*. XLVI:1. (2008), 249–253.

– Ritdómur: „Frændafundur 1–5. Ritstjórar Magnús Sædal, Turið Sigurðardóttir, Anfinnur Johansen“, *Saga. Tímarit Sögufélags*. XLVI:2. (2008), 247–252.

Jóhanna Guðmundsdóttir, „Brennisteinsvinnsla í tíð Innréttinganna. Kvartanir og tillögur til úrbóta“, *Vefnir* mars 2008 (<http://vefnir.bok.hi.is>)

Kristjana Kristinsdóttir, *Folk skriver til kongen. Supplikkerne og deres funktion i den dansk-norske enevælde i 1700-tallet. Udvalg 1705–1795*. Ritfregni í Sögu XLV:1 (2007), bls. 240–242.

– „Hugleiðing. Skjalasöfn og skjalfærð“, *Saga* XLVI:1 (2008), bls. 205–207.

– „Jordebogskommissionen“, *Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolonierne*. Ritstjórar Erik Nørr og Jesper Thomassen. Kaupmannahöfn, 2007, bls. 206–211.

– „Kongelige embedsmænd“, *Nordatlanten og Troperne*, bls. 236–239.

– „Kommunalforvaltningen/repstyret“, *Nordatlanten og Troperne*, bls. 245–262, 271–287.

Njörður Sigurðsson, „Kvennaskólinn á Hverabökkum“, *Árnesingur* VIII (2007), bls. 33–60.

– „Barnahæli fyrir umkomulaus börn í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar“, *Sagnir* 26. árg. (2006), bls. 8–13.

Ólafur Ásgeirsson, „The Icelandic Bishoprics and the Economy of Iceland in the Early Modern Era“,

LACH-Liber amicorum Coppens Herman. (Afmæl-
isrit Hermans Coppens Þjóðskjalavarðar Belgíu.)
Ritstjórar Michel van den Eycken, Erik Houtman
(Brussel 2007), bls. 39–52.

Ólafur Arnar Sveinsson, „Hugmyndin um sjálfstæði
Nýja Íslands“, *Sagnir* 28. árg. (2008), bls. 78–84.

Pétur G. Kristjánsson, „Íslandske handelsreignskaber“,
*Nordatlanten og Troperne. Forvaltningshistoriske
kilder fra Færøerne, Grønland, Island og Tropekolon-
ierne*. Ritstjórar Erik Nørr og Jesper Thomassen.
Kaupmannahöfn, 2007, bls. 229–235.

– „Folketællingsgældbog/mandtalsgælds bog“, *Nor-
datlanten og Troperne*, bls. 240–244.

– „Kommunalforvaltningen/repstyret“, *Nordatlanten
og Troperne*, bls. 263–270.

– „Repsstyrerens registreringsbog“, *Nor-
datlanten og Troperne*, bls. 263–266.

– „Repsstyrerens auktionbog“, *Nordatlanten og
Troperne*, bls. 267–270.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Ríki heiðagæsarinnar. Bar-
áttan fyrir verndun Þjórsárvera 1959–2007“, *Saga*
46:1 (2008), bls. 17–55.

Fyrirlestrar:

Eiríkur G. Guðmundsson, „Bólusóttin 1707–1709 í
skjöllum embættismanna.“ Erindi flutt á málþingi
Félags um átjándu aldar fræði, Stórabóla, ferill og
afleiðingar, sem haldið var 10. febrúar 2007 í Þjóð-
arbókhöfðu.

– „Jón Hreggviðsson í opinberum skjöllum.“ Erindi
flutt á norræna skjaladeginum í Þjóðskjalasafni Ís-
lands 10. nóvember 2007.

– „Hvordan reagerede de islandske embedsmænd
i den store koppesygge 1707–1709.“ Erindi flutt á
Árnastofnun í Kaupmannahöfn 16. apríl 2008.

Erla Dóris Halldórsdóttir, „History of male midwifery
in Iceland.“ Fyrirlestur fluttur 27. febrúar 2008, á
málstofunni Midwives as Purveyors of Medical Cult-
ure á ráðstefnunni Seventh European Social Science
History Conference, sem haldin var í Lissabon í
Portúgal dagana 26. febrúar til 1. mars 2008.

– „Male midwifery in Iceland.“ Fyrirlestur fluttur
13. ágúst 2008 á málstofunni Genus och arbete/
Gender and work, á norræna kvennasögupinginu,
IX Nordiska Kvinnohistorikermötet, Genus, rum och
gränser, sem haldið var við Háskóla Íslands dagana
11.–13. ágúst 2008.

– „Jordmödre på Island.“ Erindi flutt 29. maí 2008 á
Nordplus námskeiði í sagnfræði við í háskólanum
í Kaupmannahöfn undir yfirskriftinni *Pest, kolera,
tuberkolose og polio. De store epidemier i Nordens*

*historie, deres demografiske og sociale konsekven-
ser*.

Gunnar Örn Hannesson, „Námsferðir íslenskra Hafn-
arstúdenta um Evrópu á 17. öld“. *Útrás Íslendinga á
17. og 18. öld*. Málþing félags um 18. aldar fræði.
Erindi flutt 12. apríl 2008.

– „Skólapiltar barðir til bókar“. Erindi flutt á Norræna
skjaladeginum, í hátíðarsal Þjóðskjalasafns Íslands,
8. nóvember 2008.

– „Sygdomme blandt islandske studenter i 1600
tallet; kilder, historisk bakgrund og et forslag om
bearbejdning“. Erindi flutt 29. maí 2008 á Nordplus
námskeiði í sagnfræði í háskólanum í Kaupmanna-
höfn undir yfirskriftinni *Pest, kolera, tuberkolose og
polio. De store epidemier i Nordens historie, deres
demografiske og sociale konsekvenser*.

– „Um heimildir til sögu Þórðar biskups Þorlákssonar
(1637–1697) í Skálholti.“ Fræðslufundaröð Sögu-
félags Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Erindi
flutt í Húsinu á Eyrarbakka, 13. nóvember 2008.

Hrefna Róbertsdóttir, „Franz Illugason vefari stigur
fram. Einstaklingurinn í heimildum.“ Erindi flutt
10. nóvember 2007 á norræna skjaladeginum á
Þjóðskjalasafni Íslands.

– „Hagræn hugsun og viðreisnarhugmyndir 17. og 18.
aldar.“ Erindi flutt á málstofu um hagsögu, Háskóla
Íslands, 30. apríl 2008.

– Framsaga um bókina *Hvað er sagnfræði?* Flutt á
hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, 29.
maí 2008.

Jón Torfason, „Skyggst í smiðju sagnameistara.“ Er-
indi um Gísla Konráðsson sagnaritara, flutt 10. maí
2008 á málþingi Reykjavíkur Akadémiunnar, Lands-
bókasafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar.
– „Um sagnþætti.“ Erindi flutt 4. október 2008 á
málþingi um sagnaritum á Norðurlandi á 18. og
19. öld sem Félag um 18. aldar fræði gekkst fyrir á
Akureyri í samvinnu við heimamenn.

Kristjana Kristinsdóttir, „Ísland sem lén í Danmörku.
Lénsmenn og fógetar þeirra.“ Erindi flutt á Hugvís-
indapingi Háskóla Íslands, haldið 9.–10. mars 2007.


– „Lén, lénsmenn og reikningshald lénsmanna frá 16.
öld til 1662. Erindi flutt á málstofu um hagsögu,
haldið í Háskóla Íslands 1. okt. 2008.

Njörður Sigurðsson, „Mjólkurbú Ölvesinga 1928–
1938.“ Erindi flutt á fræðslufundi
Sögufélags Árnesinga í gamla þinghúsinu í Hvera-
gerði 22. febrúar 2007.

– „Hverahitinn og upphaf byggðar í Hveragerði.“
Erindi á málstofu um sögu

- Hveragerðis í Listasafni Árnésinga í Hveragerði 24. september 2008.
- „Notkun hverahitans í Hveragerði á fyrstu áratugum 20. aldar.“ Erindi á Safnahelgi á Suðurlandi í móttökuhúsinu á hverasvæðinu í Hveragerði 8. nóvember 2008.
- Ólafur Ásgeirsson, „Modern Iceland – the independent kingdom and republic.“ Fyrirlestur flutter á þingi kanadískra skjalavarða sem haldið var í Fredrickton New Brunswick 13. júní 2008.
- Unnur Birna Karlsdóttir, „Glímt við landið í samkeppnisheimi – deilan um Þjórsárver 1959–1981.“ Fyrirlestur haldinn í Aðalbyggingu Háskóla Íslands á Hugvísindabíngi 4. nóvember 2006.
- „Landnám iðnvæðingar – öræfi og virkjanir. Um viðhorf til hálendisins í umræðu um virkjanir á 20. öld.“ Fyrirlestur haldinn 3. júní á landsbyggðaráðstefnu Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi á Heklusetri, Leirubakka í Landsveit 1.–3. júní 2007.
 - „Föðurland og móðir jörð: Um þjóðernisvæðingu og alþjóðavæðingu náttúrusýnar.“ Erindi haldið 30. júlí 2007 í Félagsvísindadeild, Háskólans á Bifröst vegna námskeiðsins *Evrópumening*.
 - „Hydropower Projects and Nature Conservation in Iceland. Conflicts and Controversies.“ Fyrirlestur haldinn 11. ágúst á þingi norrænna sagnfræðinga (the Nordic History Congress) í Reykjavík, 8.–12. ágúst 2007.
 - „Man, Nature and Environmental history.“ Fyrirlestur haldinn 12. ágúst á þingi norrænna sagnfræðinga (the Nordic History Congress) í Reykjavík, 8.–12. ágúst 2007.
- „Náttúruvernd á Íslandi í sögulegu ljósi.“ Fyrirlestur haldinn 12. október á Umhverfispingi, haldið 12.–13. október 2007 á Hótel Nordica í Reykjavík.
 - „Náttúrusýn og nýting fallvatna.“ Fyrirlestur haldinn í Akureyrarakadémiunni á Akureyri 13. desember 2007.
- Fræðslufundaröðin Askja**
- Haustið 2008 ákvað starfsmannafélag Þjóðskjalasafns að hleypa af stokkunum fræðslufundaröð á safninu þar sem starfsmenn safnsins flyttu fyrirlestra um hin ýmsu rannsóknarefni sín. Umsjón með fyrirlestrarröðinni hefur Njörður Sigurðsson og verður henni fram haldið árið 2009. Fyrirlesarar og fyrirlestrar á árinu 2008 voru:
- 5. september 2008*
Kristjana Kristinsdóttir: *Lénsmenn og lénsreikningar.*
- 3. október 2008*
Jón Torfason: *Ferð Gunnlaugs ormstungu Illugasonar norður í Vatnsdal 1002.*
- 14. nóvember 2008*
Þorsteinn Tryggvi Másson: *Réttarfarsbreyting eða þróun. Sagan af Jóni Magnússyni þjóf og hugleiðingar um notkun dómabóka við rannsókn réttarsögu.*
- 5. desember 2008*
Kjartan Emil Sigurðsson: *Úr bröggum í blokk.*

Þjóðskjalasafns Íslands 125 ára





Stjórn Alþjóða skjalaráðsins á Hótel Sögu vorið 2007. Lorentz Mikoletzky, forseti ráðsins, er þriðji frá hægri í fremstu röð.

Stjórn Alþjóðaskjalaráðsins fundar á Íslandi

Stjórn Alþjóðaskjalaráðsins (International Council on Archives, skammstafað ICA) hélt fund á Hótel Sögu dagana 28. mars til 2. apríl 2007. Fundurinn var að þessu sinni tengdur 125 ára afmæli Þjóðskjalasafns Íslands. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður á sæti í aðalstjórn ICA og er formaður verkefnastjórnar samtakanna.

Helstu áhersluatriði á fundi stjórnar ICA í Reykjavík vorið 2007 voru hvernig bæri að standa að kynningu skjalasafna og nýting upplýsingatækni til að auðvelda aðgang að þeim. Einnig var fjallað um rafræn skjalasöfn og varðveislu rafrænna skjala, forvörslu og vörslu skjala almennt, verndun skjalasafna sem menningarminja og þjálfun og menntun skjalavarða.

Alþjóðaskjalaráðið (ICA) var stofnað árið 1948. Í stjórn þess sitja 35 fulltrúar frá svæðasamböndum hvaðanæva úr heiminum. Aðild að skjalaráðinu er óháð ríkisstjórnnum og um 1500 stofnanir í 190 löndum eiga aðild að því, þ. á m. þjóðskjalasöfn, ríkisskjalasöfn og fagsamtök skjalavarða. Skjalaráðið hefur 13 svæðasambönd hvaðanæva úr heiminum innan sinna vébanda og 14 sérfræðisamtök, sem hvert um sig fjallar um ákveðið sérfræðilegt viðfangsefni skjalavarða. Skjalaráðið rekur umfangsmikla upplýsingaveitu. Það felst m.a. í að halda úti öflugum vef og gefa út sérfræðiefni á meira en 20 tungumálum.

Markmið skjalaráðsins er að stuðla að varðveislu skjala, auka almennan aðgang að skjalasöfnum um heim allan og efla starfsemi skjalasafna. Ráðið vinnur einnig að þróun staðla sem lúta að skjalavörslu og skjalastjórn og að skjalaverðir eigi kost á þjálfun og



Frá hátíðarkvöldverði í tilefni 125 ára afmælis Þjóðskjalasafns í Iðró 13. apríl 2007.

endurmenntun til að aðlagast breyttu starfsumhverfi. Skjalaráðið stendur fyrir hringborðsráðstefnu á hverju ári um málefni skjallasafna þar sem fjallað er um þau mál sem efst eru á baugi og á fjögurra ára fresti er haldin heimsráðstefna á vegum samtakanna þar sem farið er yfir stöðu mála hverju sinni.

Hátíðardagskrá í tilefni 125 ára afmælis Þjóðskjallasafns Íslands

Boðið var til sérstakrar hátíðardagskrár í Þjóðskjallasafni 3. apríl 2007. Ávörp fluttu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Lorentz Mikoletzky forseti Alþjóðaskjalaráðsins og fleiri.

Léttar veitingar voru í boði fyrir gesti safnsins í Þjóðskjallasafni í hádeginu en dagskráin hélt síðan áfram eftir hádegi með ráðstefnu í Þjóðmenningarhúsinu um starfsemi Þjóðskjallasafna.



Kelebogile P. Kgabi þjóðskjalavörður Botswana stýrir fundi í Þjóðmenningarhúsinu.



Erik Norberg f.v. þjóðskjalavörður Svíþjóðar flytur erindi sitt.

Ávarpsorð Lorentz Mikoletzky þjóðskjalavarðar Austurríkis og forseta Alþjóðaskjalaráðsins á 125 ára afmæli Þjóðskjallasafns, 3. apríl 2007.

Hæstvirtur ráðherra, kæri Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, dómur mínar og herrar.

Fyrir allmörgum árum, eða árið 1988 lýstu tveir bandarískir sagnfræðingar heimsóknum sínum á skjallasafn á þessu leið:

Gluggar eru fáir og skjalaverðir og notendur safnsins sjá ekki dagsljósið, með örfáum kærkomnum undantekningum. Þeir eru í starfi sínu líkt og námuverkamenn, þar sem þeir grafa sig djúpt ofan í fortíðina. Skjalaverðirnir eru lykillinn að því að verkið gangi. Þeir eru ofhlaðnir störfum og illa launaðir, en miklir áhugamenn um sögu og búa að ríkulegri þekkingu á skjallasöfnunum og meðferð skjallanna. Nálgist maður skjalavörðinn af einlægni, kurteisi og skynsemi aðstoðar hann mann við að finna það sem leitað er að. En það krefst tíma og erfiðis að rekja sig í gegnum skjöl, sem mörg hver hafa ekki verið snert áratugum saman.

Margt hefur breyst síðan þessi orð féllu. Þróun á sviði skjalavörslu og starfsemi skjallasafna hefur breyst mikið síðan í upphafi 20. aldar. Umfang skjallasafna hefur ekki aðeins vaxið gríðarlega heldur hefur allt aðgengi að skjallasöfnum gjörbreyst. Starf skjalavarðarinnar hefur einnig tekið miklum breytingum. Skjöl höfðu framan af fyrst og fremst lagalegt gildi og áhersla og þekking skjalavarda var einkum á hinu lögfræðilega sviði og sýn þeirra á skjallasöfn litaðist af því. Síðan breyttist starfið í átt til aukinnar áherslu á sagnfræðilegt gildi skjala og skjalaverðir urðu sagnfræðingar, enda jókst áhugi á sagnfræði á 19. öld og enn frekar á þeirri tuttugustu. Hér á Íslandi lögðu áhugamenn um sögu grunninn að skipulegri söfnun heimilda um fortíð og framtíð þegar stofnað var Landsskjallasafn á Íslandi, síðar Þjóðskjallasafn Íslands.

Við erum hér saman komin í dag, frá hinum ýmsu löndum og heimsálfum, til að samgleðjast með Íslendingum á þessum merkisdegi í sögu Þjóðskjallasafns Íslands. Stofnun safnsins árið 1882 stendur upp úr í annars mjög merkilegri sögu landsins, sem merkur áfangi á vegi íslensku þjóðarinnar fram á við.

Dagsskrá alþjóðlegrar ráðstefnu um vettvang og starfsemi þjóðskjalasafna í Þjóðmenningarhúsi, Hverfisgötu 15, þriðjudaginn 3. apríl 2007, kl 14:00 – 17:00.

1. Vettvangur þjóðskjalasafna

Þjóðskjalasafn Frakklands fyrsta þjóðskjalasafnið, verkefni þess í fortíð og framtíð.

Martine Boisdeffre þjóðskjalavörður Frakklands.

Norræn þjóðskjalasöfn og sérkenni þeirra.

Erik Norberg fyrrverandi þjóðskjalavörður Svíþjóðar.

Þjóðin í þjóðskjalasafni.

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

2. Starfsemi þjóðskjalasafna

Áhrif laga um persónuvernd og upplýsingarétt á nútímarannsóknir.

Bryan Corbett skjalavörður Edmontonháskóla í Alberta, Kanada.

Staðlar í skjalasöfnum, notkun þeirra og nauðsyn.

Marion Beyea skjalavörður Nýju Brúnsvíkur í Kanada og formaður staðlanefndar Alþjóðaskjalaráðsins.


Mannréttindi og skjalasöfn.

Perrine Canavaggio aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaskjalaráðsins.

Ný upplýsingatækni og skjalasöfnin.

Eiríkur G. Guðmundsson sviðsstjóri, Þjóðskjalasafni Íslands.

Starfsfólk og starfssvið



Skipan starfsemi Þjóðskjalasafns

Starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands hefur verið deilt niður á fjögur svið frá því um 2000, sem eru rekstrarsvið, skjalavörslusvið, upplýsinga- og útgáfusvið og þjónustu- og rannsóknasvið. Sum verkefni eru alfarið á höndum hvers sviðs fyrir sig en mörgum þáttum í starfseminni er sinnt með samvinnu milli sviða.

Starfsfólk

Mannabreytingar

Þrír starfsmenn Þjóðskjalasafns hurfu til starfa á öðrum vettvangi árin 2006–2007. Hrafn Sveinbjarnarson skjalavörður tók við starfi sem héraðsskjalavörður í Kópavogi í janúar 2006, Þorleifur Þorleifsson kerfisfræðingur lét af störfum haustið 2006 og Baldur Már Bragason tölvunarfræðingur hætti hjá safninu í maí 2008.

Kristjana Kristjánsdóttir forvörður, sem hóf störf á viðgerðastofu Þjóðskjalasafns 1. september 1972, fór á eftirlaun fyrsta júní 2007. Hún hefur síðan starfað í tímavinnu á viðgerðarstofunni í nálega 50% starfi sem deildarstjóri og forvörður.

Ragnhildur Thorlacius hætti í föstu starfi á Þjóðskjalasafni fyrsta júní 2006 eftir að hafa unnið í afgreiðslu og á skrifstofu safnsins í áraradír, eða frá fyrsta desember árið 1982.

Þjóðskjalasafni bættist liðsauki á árunum 2006–2008: Njörður Sigurðsson sagnfræðingur og skjalavörður kom til starfa á skjalavörslusviði haustið 2006. Jóna Erlendsdóttir tölvunarfræðingur tók við kerfisstjórn haustið 2006. Þorgerður Hanna Hannesdóttir réðist til afgreiðslu safnsins haustið 2007, en flutti sig yfir á viðgerðarstofu haustið 2008 til að vinna við viðgerðir á skjölum og forvörslumál. Helga Jóna Eiríksdóttir sagnfræðinemi við Háskóla Íslands kom til starfa á skjalavörslusviði á árinu 2007. Brjánn Fransson var ráðinn til vinnu við forritun og kerfismál í mars 2007.



Þjóðskjalavörður afhendir Kristjönu Kristjánsdóttur deildarstjóra forvörsludeildar gjöf á 70 ára afmæli hennar.

Þorsteinn Sigurðsson var verkefnaráðinn til forritunar nýrra gagnagrunna í lok árs 2007. Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur hóf störf við heimildaöflun fyrir þjóðlenduverkefnið í júní 2007. Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur kom til starfa á safninu í ágúst 2007 og stýrir þjóðlenduverkefninu frá ársbyrjun 2008. Þórdís Anna Baldursdóttir forvörður var ráðin í tímavinnu til forvörsludeildar í nóvember 2007 í verkefni varðandi fyrirbyggjandi forvörslu. Steinunn Steinþórsdóttir var ráðin ritari í afgreiðslu safnsins haustið 2008. Þorsteinn Tryggvi Mátsson sagnfræðingur og skjalavörður vann sumarið og haustið 2008 fyrir Þjóðskjalasafn að úttekt og gerð skýrslu um starfsemi héraðsskjalasafna, auk efnisskráningar mála í dómabókum í dómabókagrunninn.

Gestafræðimenn

Tveir erlendir fræðimenn dvöldu tímabundið á Þjóðskjalasafni árin 2006–2008. Florent Lenegre, skjalavörður frá Frakklandi, dvaldi við safnið við ýmsar rannsóknir í tvo mánuði vorið 2006. Harold Holland, frá Kanada, sérfræðingur í safnfræðum og forvörslu, vann að úttekt á forvörslumálum safnsins í tvo mánuði sumarið 2008.

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands



Starfsfólk á síðasta fjórðungi ársins 2008

Þjóðskjalavörður

Ólafur Ásgeirsson.

Rekstur, skrifstofa, fasteignir

Bjarni Þórðarson, sviðsstjórn, fjármálastjórn og starfsmannahald

Embla Valberg, bókhald, skráning og umsjón með skjalasafni þl.

Jón Páll Andrésson, umsjón með skjalageymslum og húsnæði.

Jón Ásgeir Jónsson, yfirumsjón með fasteignum.

Steinunn Steinþórsdóttir, símvarsla og afgreiðsla.

Miðlun og útgáfa

Áslaug Stefánsdóttir, ljósmyndun, stafræn afritun.

Benedikt Jónsson, miðlun, útgáfa, vefstjórn, umsjón með gerð manntalsvefs.

Brjánn Fransson, forritun, kerfisstjórn.

Eiríkur G. Guðmundsson, sviðsstjórn, miðlun, útgáfa, umsjón með manntalsverkefni og undirbúningi að móttöku rafrænna gagna, ritstjórn Arka.

Helga Gísladóttir, (tímabundið) frágangur manntala, v. rafrænnar útgáfu.

Jóna Erlendsdóttir, kerfisstjórn, forritun.

Þorsteinn Sigurðsson, (tímabundið) forritun.

Þjónusta og rannsóknir

Björk Ingimundardóttir, sviðsstjórn, ráðgjöf og rannsóknir.

Gísli Baldur Róbertsson, rannsóknir, þjóðlenduverkefni.

Gunnar Örn Hannesson, umsjón með dómabókaskráningu og rannsóknir.

Hrefna Róbertsdóttir, verkefnisstjórn, þjóðlenduverkefni, rannsóknir og ritstjórn Arka.

Jón Torfason, sérfræðistörf, afgreiðsla fyrirspurna og lestrarsalsvarsla.

Kristinn Valdimarsson, sérfræðistörf, þjóðlenduverkefni.

Logi Sigmundsson, afgreiðsla úr skjalageymslum og lestrarsalsvarsla.

Sigrún Sigurgestsdóttir, afgreiðsla fyrirspurna, lestrarsalsvarsla.

Vinna við skráningu í dómabókagrunn

Björn Rúnar Guðmundsson, skráning mála í dómabókum.

Erla Dóris Halldórsdóttir, skráning mála í dómabókum.

Jóhanna Guðmundsdóttir, skráning mála í dómabókum.

Jón Torfi Arason, skráning mála í dómabókum.

Kirstín Dóra Árnadóttir, skráning mála í dómabókum.

Ólafur Arnar Sveinsson, skráning mála í dómabókum.

Þorsteinn Tryggvi Másson, skráning mála í dómabókum.

Skjalavarsla (afhendingar, skráning, reglur, leiðbeiningar, ráðgjöf, eftirlit)

Helga Jóna Eiríksdóttir, sérfræðistörf, skráning skjalasafna.

Ingibjörg Björnsdóttir (tímabundið), skráning skjalasafns.

Kjartan Emil Sigurðsson (tímabundið), frágangur skjalasafna í geymslum.

Kristjana Kristinsdóttir, sviðsstjórn, sérfræðistörf, skjalavarsla, háskólakennsla (lektor) og rannsóknir, ritstjórn Arka.

Njörður Sigurðsson, sérfræðistörf, skjalavarsla.

Pétur G. Kristjánsson, sviðsstjórn, sérfræðistörf, skjalavarsla, umsjón með skráningarverkefni á landsbyggðinni.

Unnur Birna Karlsdóttir, sérfræðistörf, skjalavarsla.

Þorsteinn Tryggvi Másson (tímabundið) úttekt á starfsemi héraðsskjalasafna.

Forvörsludeild

Kristjana Kristjánsdóttir, deildarstjórn, forvarsla.

Olga Dagmar Erlendsdóttir, viðgerðir.

Þorgerður Hanna Hannesdóttir, viðgerðir.

Þórdís Hanna Baldursdóttir, forvarsla.

Starfsfólk í verkefnum á landsbyggðinni

Skráning skjallasafna sýslumanna

Sauðárkrókur:

Unnar Ingvarsson, verkefnisstjóri.
Kristín Jónsdóttir.
Guðný Jóna Guðmarsdóttir.
Karla Hlöðversdóttir.

Ísafjörður:

Jóna Símónía Bjarnadóttir, verkefnisstjóri.
Arna Dalrós Jóhannsdóttir.
Guðný Sóley Kristinsdóttir.
Þorbjörg Ólafsdóttir.
Bryndís Guðmundsdóttir.
Gréta Sturludóttir.

Húsavík:

Guðni Halldórsson, verkefnisstjóri.
Karl Ágústsson.
Þorbjörg Björnsdóttir.
Kristbjörg Jónasdóttir.
Anna María Helgadóttir.
Yngvi Leifsson.
Auður Gunnarsdóttir.

Skráning öryggismálasafns

Ísafjörður:

Jóna Símónía Bjarnadóttir, verkefnisstjóri.
Svanhildur Þórðardóttir.
Ester Ingadóttir.

Umsjón með skráningarverkefni á landsbyggðinni hefur
Pétur G. Kristjánsson, Þjóðskjalasafni.

Skráning upplýsinga úr manntölum í rafrænan gagnagrunn

Egilsstaðir:

Hrafnkell Lárusson, verkefnisstjóri.
Árni Magnússon.
Nicole Zelle.

Hvammstangi:

Elín R. Líndal, verkefnisstjóri.
Árndís A. Jónsdóttir.
Guðmundur Helgason.
Karl Sigurgeirsson.
Róberta Gunnþórsdóttir.

Sauðárkrókur:

Unnar Ingvarsson, verkefnisstjóri.
Guðný Jóna Guðmarsdóttir (byrjaði í innslætti
mantala, en fór yfir ískjalaskráningu).
Jóhanna María Sturludóttir.
Ragna Hansen.
Sigurdríf Jónatansdóttir.
Steinunn K. Hlöðversdóttir (byrjaði í innslætti
mantala, en fór yfir ískjalaskráningu).

Vestmannaeyjar:

Jóna Björg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri.
Aldís Atladóttir.
Arnþrúður Lilja Þorbjörnsdóttir.
Birna Kristín Þórhallsdóttir.
Ragnheiður Einarsdóttir.
Sif Gylfadóttir.
Særún Ágústsdóttir.

Umsjón með skráningu upplýsinga úr manntölum
á landsbyggðinni og gerð nýs manntalsvefs hefur
Benedikt Jónsson, Þjóðskjalasafni.



Fyrir utan Þjóðskjalasafn á sólskinsdegi sumarið 2006.

Vi Christian den Tjiende,

af Guds Naade Konge til Danmark, de

Venders og Gothers Hertugdømme, Slesvig, Holsten, Lauenburg,

**Nefndir um málefni
Þjóðskjalasafns 2006-2008**

Sjere vitterligt. Efterat der gjentagne Gange
havde været forelagt det islandske Althing Forslag
til Ordning af de islandske Forfatningsforhold,
uden at det var lykkes at tilvejebringe Thingets
Tilslutning til samme har det i farrige Aar
afholdte Althing dels i et indgivet alleru-
derdarnigt Andragende dels i en saf dertil
sluttende alleruinderdarnigt Adresse iedalt
Juske vor, at Vi maatte ville skjænke Island
en konstitutionel Forfatning for dets særlige
Antilggender, navnlig saaledes, at der kunde
bræde i Kraft i enderende, for Island min-
deverdige Aar.

Idet Vi have fundet Os foran
lediget til at imødekomme den saaledes
for Vort kjære og lov Althing indkomne

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands

Ingvar Garðarsson, viðskiptafræðingur, formaður.

Eiríkur G. Guðmundsson, sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs Þjóðskjalasafns Íslands.

Már Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður.

Byggingarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands

Björn Halldórsson, fyrir hönd ráðuneytis, formaður til hausts 2007.

Guðmundur Pálsson, Framkvæmdasýslu ríkisins.

Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður.

2006: Starfshópur um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem heyra undir menntamálaráðuneyti

Sturlaugur Þorsteinsson, verkfræðingur og MBA, formaður starfshóps.

Auður B. Árnadóttir, sérfræðingur á fjármálasviði í menntamálaráðuneytinu.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður.

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu.

Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður.

2006–2008: Nefnd um endurskoðun laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 og laga um Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafns nr. 71/1994

Valur Árnason, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður.

Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.

Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

Hörður Sigurgestsson, formaður stjórnar Landsbókasafns-Háskólabókasafns.

Ingvar Garðarsson, formaður stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands.

2006–2007: Nefnd um aðgang að gögnum um öryggismál Íslands árin 1945–1991

Páll Hreinsson, stjórnarformaður Persónuverndar, formaður nefndar.

Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og forseti Sögufélags.

Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis.

Ómar H. Kristmundsson, formaður stjórn málafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður.

